

Ársskýrsla Fjarskipta hf. 2017





ARPA



STYRKJA



SKAPA




EINFALDA



STEFNA FJARSKIPTA





#KAFFIBARINN

Rust eyðileggur dansgleðina

Við skulum henda þú í flokkunarfötur og þurrka vet af borðum þá annars verður ekkert dansað á þeim

AUKUM LÍFSGÆÐI
EINSTAKLINGA OG
SAMKEPPNISHÆFNI
FYRIRTÆKJA MEÐ
SNJÖLLUM STAFRÆNUM
LAUSNUM OG
FRAMÚRSKARANDI
ÞJÓNUSTU



HLUTVERK FJARSKIPTA

Efnisyfirlit



Ársskýrsla Fjaraskipta 2017

Yfirlit

6	Lykiltölur
8	Fjaraskipti hf.
10	Ávarp stjórnarformanns
12	Ávarp forstjóra

Árið 2017

14	Samantekt frá árinu
16	Fréttir á árinu
22	365 miðlar sameinast Vodafone
24	Þjónusta við ferðalanga
26	Öflugt dreifikerfi
28	Þjónusta við fyrirtæki
30	Vodafone Sjónvarp
34	Hlutanetið (IoT)
36	4K byltingin
38	Nýsköpun
40	Framtíðarvinnuumhverfið
42	Þjónusta á landsbyggðinni
43	Vildarklúbbur Vodafone
44	Metronet
45	Hotspot lausn Vodafone

Úr starfseminni

46	Þjónusta Vodafone
47	ISO endurvottun
48	Samfélagsábyrgð
50	Vinnustaðurinn
52	Hey í Færeyjum
53	Vodafone Group
54	Svipmyndir frá árinu
56	Gengi á markaði 2017
58	Ársfjórðingsyfirlit
60	Framkvæmdastjórn
62	Stjórn
64	Skipurit

Ársreikningur

65	Ársreikningur samstæðunnar
66	Skýrsla og yfirlýsing
69	Fjárhagslegar lykiltölur
70	Áritun óháðs endurskoðanda
75	Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu
76	Efnahagsreikningur
77	Eiginfjáryfirlit
78	Sjóðstreymisyfirlit
79	Skýringar
105	Stjórnarháttayfirlýsing
111	Ófjárhagslegar upplýsingar
112	Ársfjórðungsyfirlit

Um ársskýrsluna

© Mars 2018

Útgefandi:

Fjaraskipti hf.

Ábyrgðarmaður:

Stefán Sigurðsson

Ritstjórn og efnisvinnsla:

Guðfinnur Sigurvinsson o.fl.

Hönnun og uppsetning:

Valtýr Bjarki Valtýsson

Ljósmyndir:

Gunnar Sverrisson, Birgir Ísleifur Gunnarsson, Valtýr Bjarki Valtýsson o.fl.

Forsíðan:

Valtýr Bjarki Valtýsson

Sérstakar þakkir:

Icelandair Cargo og Slysavarnafélagið Landsbjörg

Allar tölur eru birtar með fyrirvara um innsláttar- og prentvillur.

Lykiltölur

Nýtt og enn öflugra sameinað fyrirtæki

Breytingar urðu á rekstri Fjarskipta hf. á árinu 2017 þegar félagið gekk frá kaupum á tilteknum eignum og rekstri 365 miðla hf. þann 1. desember og sameinaði þar með tvær öflugar einingar í eina. Rekstur félagsins innifelur einn mánuð af sameiginlegum rekstri og efnahagi og áhrifa gætir af einskíptiskostnaði vegna kaupanna. Reglugerð Evrópusambandsins um afnám reikigjalda hafði talsverð áhrif á farsímatekjur og var áhersla lögð á mótvægisáðgerðir. Félagið tók yfir rúkkun aðgangsgjalda Gagnaveitu Reykjavíkur og gætir áhrifa bæði í tekjum af interneti og kostnaðarverði seldra vara. Félagið flutti í nýjar höfuðstöðvar að Suðurlandsbraut sem mikil ánægja er með meðal starfsfólks.



14.268 m.kr. **+4%**

Heildartekjur

Tekjur hækkuðu um 613 m.kr. milli ára. Tekjur af farsíma, fastlínu og vörusölu lækkuðu á meðan tekjur af fjölmiðlun, interneti og aðrar tekjur hækkuðu. Reglugerðarbreyting í reiki erlendis, Roam like Home, hafði sérstaklega áhrif til lækkunar farsímatekna á meðan vörupróun í sjónvarpi og interneti skilaði árangri í góðri tekjuaukningu auk þess sem áhrifa af kaupum á tilteknum rekstri og eignum 365 miðla hf. hafði áhrif á tekjur ársins.

3.137 m.kr. **+3%**

EBITDA

EBITDA hagnaður jókst um 97 m.kr. eða 3% milli ára. Einskiptiskostnaður vegna kaupa á tilteknum eignum og rekstri 365 miðla hf. nam 201 m.kr. á árinu. Einskiptiskostnaðurinn er samsettur af þóknun til fyrirtækja-, lögfræði- og fjármálaráðgjafa og annarra umsamdra þátta sem skapa kostnað sem var samofinn undirbúningi viðskiptanna. Leiðréttur EBITDA hagnaður fyrir þessum þáttum nam 3.338 m.kr. sem er 9% hækkun milli ára.

1.086 m.kr. **+8%**

Hagnaður ársins

Hagnaður ársins hækkaði um 79 m.kr. milli ára eða sem nemur 8% að teknu tilliti til einskiptiskostnaðar hefði hagnaður ársins 2017 numið 1.247 m.kr. sem er 21% hækkun á milli ára. Hrein fjármagnsgjöld hækkuðu um 21% á milli ára og liggur aukningin fyrst og fremst í hærri vaxtagjöldum vegna fjármögnunar á kaupum á tilteknum eignum og rekstri 365 miðla hf.

22,0% **-0,3%**

EBITDA hlutfall

EBITDA hlutfall nam 22,0% á árinu 2017 samanborið við 22,3% á árinu 2016. Leiðrétt EBITDA hlutfall nam 23,4%.

6.439 m.kr. **+2%**


Framlegð

Framlegð hækkaði um 116 m.kr. á milli ára eða 2%. Framlegðarhlutfall nam 45,1% á árinu 2017 samanborið við 46,3% árið 2016.

1.664 m.kr. **+8%**

Fjárfestingar

Fjárfestingar tengdar endurfjárfestingarþörf námu alls 1.664 m.kr. á árinu 2017 og hækkuðu um 8% milli ára. Fjárfesting vegna nýrra höfuðstöðva nam 220 m.kr. Hlutfall fjárfestinga af tekjum var því 11,7% samanborið við 11,3% árið á undan.



* Net Debt/EBITDA er reiknað út frá vaxtaberandi skuldum í lok árs en miðað við EBITDA T12m sem var að stórum hluta án hins keypta á árinu 2017.

Fjarskipti hf.

Fjarskipti í hnotskurn

Fjarskipti er félag í fjarskipta- og fjölmiðlastarfsemi. Félagið býður einstaklingum, fyrirtækjum, stofnunum og opinberum aðilum alla meginþætti fjarskiptaþjónustu undir vörumerkinu Vodafone. Félagið sinnir auk þess efnis- og fréttamiðlun gegnum ljósvakamiðla félagsins undir vörumerkjum Stöðvar 2, Stöðvar 2 Sport, Bylgjunnar, FM957 og X-ins977 ásamt því að halda úti efnis- og fréttaveitunni Vísi.

Fjarskipti hf. var stofnað árið 2003 við samruna þriggja fjarskiptafyrirtækja; Tals, Íslandssíma og Halló fjarskipta sem ruddu brautina fyrir samkeppni eftir áralanga einokun ríkisins á fjarskiptamarkaði. Fjarskipti keypti auk þess netþjónustufyrirtækið Margmiðlun, gagnaflutningsfyrirtækið Línu. Net og færeyska fjarskiptafyrirtækið P/F Kall í Færeyjum, sem starfaði um árabíl undir nafninu Vodafone Færeyjar en heitir nú Hey. Frá desember 2012 hafa hlutabréf Fjarskipta verið skráð á Aðallista Kauphallar Íslands hf., Nasdaq Iceland.

Þann 1. desember 2017 keypti Fjarskipti hf. ofantaldar eignir og rekstur 365 miðla hf. að undanskildu Fréttablaðinu og Glamour. Nú er unnið að sameiningu fyrirtækjanna en gert er ráð fyrir að samlegðaráhrifin komi að fullu fram næstu 12 til 18 mánuði. Með viðskiptunum varð til leiðandi fjarskipta- og fjölmiðlafyrirtæki á Íslandi, sem veitir um 600 manns atvinnu og býður upp á fjölbreytt vöruframboð og enn betri þjónustu fyrir viðskiptavinum.



Vodafone byggir þjónustu og vöruúrval að miklu leyti á samstarfi við Vodafone Group Plc, eitt stærsta og öflugasta farsímafélag í heimi. Þetta alþjóðlega samstarf færir viðskiptavinum á Íslandi aukið vöruúrval, aðgang að helstu tækninýjungum á fjarskiptamarkaðnum hverju sinni, auk þess að tryggja öfluga þjónustu á ferðum erlendis og stuðla að hagstæðara verði.

Tugir þúsunda íslenskra heimila og yfir hundrað þúsund einstaklingar nýta sér þjónustu Vodafone, sem einnig þjónustar öll stærstu sveitarfélög landsins og mörg af stærstu fyrirtækjunum; flugfélög, banka, trygginga- og olíufélög, smásölukeðjur, háskóla, flutninga- og sjávarútvegsfyrirtæki, svo dæmi séu nefnd. Flestir sem sinna öryggis- og neyðarþjónustu hafa valið Vodafone, þ.m.t. Neyðarlínan, Landsbjörg, Ríkisútvarpið, Landhelgisgæslan, Securitas, Landspítalinn og Vegagerðin.

Verlanir Vodafone eru í Kringlunni og Smáralind, á Glerártorgi á Akureyri og á Suðurlandsbraut 8 í Reykjavík – þar sem höfuðstöðvar Fjarskipta eru jafnframt. Frá árinu 2014 er stjórnkerfi Fjarskipta á sviði upplýsingaöryggis vottað samkvæmt upplýsingaöryggisstaðlinum ISO 27001. Á árinu 2015 stóðst fyrirtækið sína fyrstu árlegu endurvottun auk þess sem upprunaleg vottun var útvíkkuð frekar.



Ávarp stjórnarformanns



Framtíðin er spennandi

Kæru hluthafar.

Fyrirtækið okkar tók miklum breytingum á síðasta ári. Það tók nánast eitt og hálf ári að ganga frá kaupum á öllum ljósvakamiðlum 365 miðla auk vinsælustu vefsíðu Íslands, visiris. Með því að líta til markaða sem eru þróaðri en okkar sjáum við að áhorf á hefðbundið sjónvarp er ekki að hverfa heldur virðast aðrir miðlar hreinlega bætast við afþreyingu einstaklinga og því eykst snertiflötur Fjarskipta einfaldlega við viðskiptavinna sína.

Kaupin á eignum 365 miðla voru ekki sérstaklega flókin og samþætting eignanna á að ganga hratt og örugglega fyrir sig á þessu ári en þetta segir

okkur að á tímum aukinnar tæknivæðingar þar sem hraði breytinga eykst frá degi til dags þá taka viðskipti engu að síður lengri tíma en áður var, ekki síst vegna afskipta yfirvalda. Ég tel að lykkillinn að aukinni verðmætasköpun hluthafa sé að gæta vel að þróuninni og bregðast hratt við - því tækifærin sem opnast eru einstaklega áhugaverð og þó það taki tíma að vinna úr þeim þá þarf staðfestu til að fylgja möguleikunum eftir. Fyrirtækið okkar þarf að fagna breytingum og fanga tækifærin en leiðin til þess er að hafa styrkan grunn til að byggja á. Við störfum á alþjóðlegum samkeppnismarkaði og þurfum að geta brugðist við erlendra samkeppni til jafns við innlenda.

Ég hef áður vikið að því hver aðalstyrkleiki Fjarskipta er: frábært starfsfólk og traustir innviðir. Þær miklu breytingar sem eru að eiga sér stað í heiminum og kenndar eru við fjórðu iðnbýltinguna ættu því að nýtast okkar ágæta fyrirtæki og opna okkur ný tækifæri á áður fjarlægum starfssviðum.

Fjórða iðnbýltingin

Það sem drífur áfram þá tæknibýltingu sem nú er hafin eru orka og fjarskipti. Þegar einstaklingur slær inn leitarorð í Google á snjallsímanum sínum fara 6-8 gagnaver í gang, einhvers staðar í heiminum, og skila niðurstöðu á broti úr sekúndu í snjallsímann. Þetta útheimtir gagnaflutninga og mikla reiknibörf enda er það svo að gagnaver

eru talin nota um 7% af rafmagni heimsins og að þau muni þrefaldast að stærð á næstu 3 árum. Þróunin í uppýsinga- og fjarskiptatækni (enska: ICT) eykst ekki línulega heldur með veldisvexti. Gagnaver tóku fram úr flugbransanum árið 2013 hvað kolefnisfótspor varðar og hafa síðan vaxið gríðarlega. Eins má nefna að þau gögn sem urðu til í gagnaverum árin 2014 og 2015 eru meiri en urðu til í mannkynsögunni öll árin þar á undan. Við erum rétt í upphafi gríðarlegar sprengju gagnaflutninga og gagnavinnslu. Leit á Google eins og ég nefndi hér að ofan má sín lítils í gagnaflutningum þegar síritar eru komnir á böggla, sjálfkeyrandi bíla með tilheyrandi reikniþörf og snjallstýringu á flesta hluti. Fjarskipti eru að stórukast og tengjast æ fleiri hlutum.

Hluthafar

Það er til marks um aukna alþjóðavæðingu að einn stærsti hluthafi Fjarskipta er erlendur aðili. Þetta sást ekki á árunum fyrir hrun. Þá var hægt að sækja sér alþjóðlegt lánsfé en ekki eigið fé. Ég tel þetta sé vísir að lengri tíma þróun. Það er gleðilegt að alþjóðlegir aðilar vilji taka þátt í rekstri fyrirtækja á Íslandi og það eykur samkeppnishæfni okkar.

Eins er nýr hluthafi kominn inn í hópinn sem er 365 miðlar með svipað stóran eignarhlut og erlendi aðillinn. Sá hlutur er hins vegar bundinn af skilyrðum Samkeppniseftirlitsins og getur ekki beitt sér í rekstrinum nema 365 miðlar losi sig út úr rekstri Fréttablaðsins. Eins er í skilyrðunum að ef blaðið sé ekki selt innan tiltekins tíma skuli 365 miðlar losa um eignarhlut sinn í Fjarskiptum. Þetta er ekki það stór eignarhlutur að það skipti hluthafa miklu hvort verði ofan á.

Að öðru leyti er samsetning hluthafa að mestu óbreytt. Það er gott að fleiri sækist eftir því að bætast í hóp hluthafa. Við kaup á eignum 365 miðla var hluti andvirðisins greiddur í bréfum sem skýrir hve auðvelda innkomu tveir stórir hluthafar áttu á sama tíma.

Það getur valdið misskilningi að nafnverð hvers hlutar í Fjarskiptum er ígildi 10 króna, í stað þess að nafnverð sé 1 króna eins og er algilt á verðbréfamarkaði. Stjórn félagsins mun leitast við að leiðrétta þetta á árinu, til einföldunar fyrir alla.

Starf stjórnar

Það er ekki ráðlegt að gera miklar breytingar á stjórn á sama tíma og stór samruni á sér stað, því fyrri stjórn var inn í allri áætlanagerð, þekkir grunnrekstur og getur því fylgt málum eftir af staðfestu.

Ég vil þakka stjórninni fyrir mikið og gott starf og framúrskarandi samstarf. Ég veit að stjórnin lítur á það sem viðurkenningu að fá að gæta hagsmuna hluthafa fyrirtækisins en ekki sem sjálfsagðan hlut. Stjórnin tekur þá ábyrgð mjög alvarlega sem hluthafar treysta henni fyrir.

Heiðar Guðjónsson,
stjórnarformaður

Ávarp forstjóra

Öflugt sameinað fyrirtæki með skýra sýn

Árið 2017 var viðburðaríkt og mikilvægt í starfsemi Fjarskipta hf. og var það mjög ánægjulegt að enda árið á að sameina tvær öflugar einingar í eitt fyrirtæki. Glöggmt mátti greina jákvæð áhrif af sameiningunni strax á fjórða fjórðungi þó aðeins væri um einn mánuð af sameinaðri starfsemi að ræða. Við væntum þess að þessi jákvæðu áhrif haldi áfram að skila sér af meiri krafti næstu fjórðunga og ár.

Kaupin á fjölmiðlastarfseminni endurspeglar stefnu félagsins að styrkja og byggja upp starfsemi sína, ekki síst með því að breikka vöruframboð til viðskiptavina og nýta þannig betur fastan kostnað við innviði félagsins. Tækniþróun munu hafa mikil áhrif á einstaklinga og rekstur fyrirtækja á næstu árum og er starfsemi fjarskipta- og fjölmiðlafyrirtækja mitt í hringi þessara miklu breytinga. Það er því engin tilviljun að þessir tveir gearar eru að renna saman um allan heim til hagsbóta fyrir neytendur. Tækniþróunin mun ekki síður halda áfram að hafa áhrif á viðskiptavinum okkar á fyrirtækjahlíðinni. Þar er mikil þróun í lausnum sem byggja á tækniinnviðum sem munu opna á ný tekjutækifæri hjá fyrirtækjum og draga úr kostnaði, auk þess að bæta þjónustu og öryggi. Hér má til dæmis nefna lausnir á sviði hlutanetsins (Internet of Things - IoT) og hýstra lausna sem munu vaxa í þjónustuframboði okkar á næstu árum. Þátttaka okkar í fyrsta uppbyggingarverkefni innan borgarmarkanna á sviði gagnavera endurspeglar þróunina og breiðkar þjónustuframboð til innlendra og erlendra fyrirtækja. Mikil tækifæri felast í þeim tækniþróingum sem eru að eiga sér stað fyrir íslenskt atvinnulíf. Ekki síst fyrir þau fyrirtæki sem hafa sýn til framtíðar og halda áfram að byggja sig upp og staðsetja sig rétt gagnvart þróuninni.

Á árinu fór eðli málsins samkvæmt mikill tími stjórnenda í kaup félagsins á 365 miðlum þar sem allt árið var undirlagt af mikilvægum áföngum. Frá undirritun kaupsamnings með ýmsum fyrirvörum í mars fóru bæði vorið og sumarið í samskipti við Samkeppniseftirlitið vegna málsins. Þeim viðræðum lauk í októberbyrjun með sátt um skilyrði milli

Fjarskipta og Samkeppniseftirlitsins. Í nóvember var loks fallið frá öllum skilyrðum kaupsamningsins og því fór sameiningin fram þann 1. desember. Einingarnar sem sameinuðust Fjarskiptum frá 365 miðlum innifela meðal annars fjölmiðla eins og Stöð 2, Stöð 2 Sport, Bylgjuna, FM957, Xið-977 og Vísi. Þessar öflugar einingar færðust undir nýtt svið sem ber nafnið Miðlar. Með viðskiptunum varð til öflugasta fjölmiðla- og fjarskiptafyrirtæki á Íslandi með um 22 milljarða króna í veltu.

Mikil ánægja með nýjar höfuðstöðvar

Flutningur í nýjar höfuðstöðvar kláraðist á árinu og gekk frábærlega. Mikil ánægja er meðal starfsfólks með nýja vinnuástöðu sem felst í meiri fjölbreytni og sveigjanleika og tekur útgangspunkt í nútímalegri starfsemi fyrirtækja sem byggir á þéttu samstarfi og samþættingu þvert á fyrirtækið. Þessi tegund vinnuástöðu er alþekkt hjá mörgum stærstu fyrirtækjum veraldar eins og Vodafone Group og öðrum tækniyrirtækjum. Með verkefninu náðist mikill árangur í að bæta gæði vinnuástöðu og lækka kostnað á sama tíma. Stefnt er að sameiningu alls fyrirtækisins að Suðurlandsbraut á árinu 2018 þar sem starfsfólk fjölmiðlahlutans fær frábæra vinnuástöðu byggða á sama skipulagi.

Reglugerð Evrópusambandsins um afnám reikigjalda hafði talsverð áhrif á farsímatekjur, ekki síst seinni hluta ársins. Hjá Vodafone var áhersla lögð á að breytingin skilaði gæða þjónustuupplifun til viðskiptavina sem tókst vel. Árið 2017 var einnig lögð sérstök áhersla á rekstur dótturfélags Fjarskipta í Færeyjum og mátti sterkt greina viðsúning í lok árs þannig að horfa má bjartsýnum augum til ársins 2018 með tilliti til þess reksturs. Í Færeyjum var vöruframboð einfaldað á sama tíma og nýtt vörumerki var kynnt til leiks auk þess sem unnið var að samþættingarverkefnum með Vodafone á Íslandi sem eru þegar farin að skila sér í aukinni rekstarhagkvæmni.

Farsímadreifikerfi Vodafone standa sterkt þar sem mikil áhersla hefur verið lögð á útbreiðslu víða um land. Er svo komið að kerfið nær til



tæplega 170 þúsund ferkílómetra á landi og sjó og um 98% landsmanna eftir búsetu. Félagið leggur nú áherslu á að auka hraða kerfisins um allt land með svokallaðri 4,5G væðingu sem búast má við að verði að miklu leyti komin í gagn við á fyrri hluta árs 2018. Sjónvarpskerfi hjá félaginu hafa verið uppfærð og eru viðskiptavinir þegar farnir að finna breytingu sem kemur að fullu fram um mitt ár 2018 þegar nýr UHD Samsung myndlykill verður kynntur til sögunnar.

Áfram var haldið í uppbyggingu hlutanetsins (IoT) gagnvart viðskiptavinum sem er hratt vaxandi starfsemi. Vodafone setti af stað tilraunaverkefni með Huawei í svokallaðri léttbands (Narrowband-IoT eða NB-IoT) tækni, sem gerir Íslendingum kleift að vera meðal leiðandi þjóða á þessu sviði á næstu árum. Meðal helstu kosta léttbands kerfa eru mikil drægni innan sem utan dyra auk stóraukins sparnaðar í rafmagnsnotkun. Léttbandið mun því auka mjög notagildi snjalltækja á erfiðum



stöðum svo sem í húsakjöllum og á svæðum utan alfaraleiða auk möguleikans á að bjóða upp á fjarskiptalausnir sem geta gengið á raflöðum í mun lengri tíma en nú þekkt.

Öryggi í öndvegi

Mikil áhersla er lögð á ábyrgð og langtímahugsun í rekstri Fjarskipta. Félagið uppfærir ISO27001 vottun sína á hverju ári og vinnur eftir samfélagsábyrgðarstefnu sem tekur til fjölmargra þátta þar sem fyrirtækið telur sig geta haft góð áhrif á samfélagið. Okkur þótti mjög vænt um að vinna Hvatningarverðlaun jafnréttismála á árinu 2017, en það hvetur félagið áfram til dáða á því sviði. Árið 2017 hlaut Fjarskipti einnig Gullmerki jafnlaunaúttektar PwC á Íslandi sem staðfesti að ekki er marktækur munur á launum karla og kvenna hjá fyrirtækinu auk þess sem félagið fékk staðfestingu á að vera „Fyrirmyndarfyrirtæki í góðum stjórnarháttum“ þriðja árið í röð.

Félagið er einn bakhjarla Slysavarnafélagsins Landsbjargar og átti gott samstarf við félagið á árinu, meðal annars í átaksverkefninu „Vertu snjall undir stýri“ þar sem unnið var gegn snjalltækjanotkun í umferðinni. Félagið studdi einnig við bakið á árlegri söfnun UN Women sem haldin er undir yfirskriftinni „Fokk ofbeldi“. Félagið hélt áfram stuðningi og vinnu við nýsköpun og þróun meðal annars með þátttöku sinni í viðskiptahraðlinum Startup Tourism og Startup Iceland ráðstefnunni þar sem félagið hélt viðskiptaþróunarkeppnina Stökkpallinn. Þar er markmiðið að styðja frumkvöðla við að koma lausnum sínum á markað.


Horfi bjartsýnn til framtíðar

Framundan er ár sameiningar og áframhaldandi þróunar þar sem leitast verður við að halda áfram á sömu braut í að byggja upp enn sterkara fyrirtæki. Það eru forréttindi að fá að starfa á þessum spennandi tímum breytinga. Í

því verkefni leggjum við áherslu á að staðsetja okkur rétt með því að hafa skýra sýn og stefnu sem gengur ekki síst út á að tryggja að þjónusta og lausnir til viðskiptavina séu ávallt í fyrsta sæti. Um leið og ég horfi bjartsýnn fram á veginn, vil ég þakka starfsfólki mikilvæg og góð störf og það traust og stuðning sem stjórn, hluthafar og lánveitendur hafa sýnt rekstri félagsins á árinu.

Stefán Sigurðsson,
forstjóri

Samantekt frá árinu



▲ Janúar

HLUTANETIÐ (IoT) VEX ÁFRAM KRÖFTUGLEGA

Huawei og Vodafone á Íslandi hafa sett af stað tilraunaverkefni í svokallaðri NB-IoT tækni, sem gerir Íslendingum kleift að vera meðal leiðandi þjóða í hlutanetsbyltingunni á næstu árum. Árið 2017 kynntum við einnig nýtt stýringartól sem fylgir snjallkortum ætluðum fyrir hluti.

Sjá nánar á bls. 34-35.

▼ Maí

4K MYNDLYKILL KYNNTUR TIL LEIKS

Vodafone gerði sumarið 2017 samning við Samsung um kaup á nýjum myndlykli til sjónvarpsviðskiptavina okkar og hefst dreifing þeirra á þessu ári. Myndlykillinn mun styðja næstu kynslóð sjónvarpsútsendinga, svokallaða ofurháskerpu (e. Ultra High Definition). Slík skerpa hefur líka verið kölluð 4K.

Sjá nánar á bls. 36-37

▲ Júní

ROAM LIKE HOME SLÆR Í GEGN

Innleiðing reglugerðar Evrópusambandsins, sem tryggir viðskiptavinum sömu kjör heima og á ferðalögum innan álfunnar, fékk mikla fjölmiðlaumfjöllun og Íslendingar voru meðvitaðir um þær breytingar sem voru að eiga sér stað. Innleiðing reglugerðarinnar gekk vel hjá Vodafone.

Sjá nánar á bls. 24-25.

4K ULTRA HD

3840 X 2160

QUAD HD

2560 X 1440

FULL HD

1920 X 1080

HD

1280 X 760



▼ September

VODAFONE STYÐUR VIÐ NÝSKÖPUN

Á haustmánuðum 2017 fór viðskiptahraðallinn Startup Tourism af stað í þriðja sinn en Vodafone er stofnaðili og þátttakandi að hraðlinum. Alls sóttu 113 hugmyndir um þátttöku að hraðlinum og voru 10 hugmyndir valdar úr þeim.

Sjá nánar á bls. 38-39.

▲ Nóvember

NÝTT OG BETRA VODAFONE SJÓNVARP

Ráðist var í gagngerar breytingar á högun sjónvarpskerfa Vodafone. Á vetrarmánuðum 2017 var nýr bakendi tekinn í notkun. Nýtt viðmót fyrir gagnvirka sjónvarpsmyndykla leit dagsins ljós og komið var til móts við breytta hegðun neytenda og kröfuna um fullkomna upplifun á sjónvarpferni, hvar og hvenær sem er.

Sjá nánar á bls. 32-33.

▼ Desember

365 MIÐLAR SAMEINAST VODAFONE

Með sameiningunni varð til leiðandi fjarskipta- og fjölmiðlafyrirtæki á Íslandi, sem veitir um 600 manns atvinnu og býður upp á fjölbreytt vöruframboð og enn betri þjónustu fyrir viðskiptavinum. Fjölmiðlar félagsins eru m.a. Stöð 2, Stöð 2 Sport, Bylgjan, FM957, Xið977 og Vísir ásamt fréttadeild og auglýsinga- og áskriftarsölu.

Sjá nánar á bls. 22-23.



Fréttir á árinu

Snjallar lausnir í heilbrigðismálum

18. janúar 2017

Vodafone stóð fyrir vel sóttum morgunverðarfundum „Heilsa og áhrif snjalltækninnar“ á Hótel Hilton Reykjavík Nordica þar sem sérfræðingar Vodafone, ásamt gestum úr heilbrigðisstéttum, ræddu hvernig snjalltæknin hefur haft áhrif á fyrirtæki og stofnanir í heilbrigðisgeiranum. Farið var yfir raunveruleg verkefni sem snjalltæknin hefur nú þegar leyst ásamt því hvernig þau munu halda áfram að þróast.



NB-IoT tilraunaverkefni Huawei og Vodafone

8. febrúar 2017

Huawei og Vodafone á Íslandi settu af stað tilraunaverkefni í svokallaðri NB-IoT tækni, Narrowband Internet of Things, sem gerir Íslendingum kleift að vera meðal leiðandi þjóða í hlutanetsbyltingunni á næstu árum. Huawei og Vodafone settu í sameiningu upp tilraunakerfi á Íslandi á afmörkuðum svæðum og prófa þar með eiginleika kerfisins við íslenskar aðstæður.

Samtímis var prófuð ýmis virkni tækja sem geta nýtt sér þessa tækni ásamt því sem rekstrarhæfi kerfisins á Íslandi var kannað.

Gefum ofbeldi fingurinn!

9.-22. febrúar 2017

Vodafone og UN Women tóku höndum saman í baráttunni gegn ofbeldi, en Vodafone er stoltur styrktaraðili UN Women og Fokk ofbeldi herferðar þeirra.

Herferðin fór formlega af stað í byrjun febrúar með sölu á Fokk ofbeldi húfum. Þrír hönnuðir voru fengnir til að hanna sína eigin útgáfu af húfunni og efndu UN Women á Íslandi og Vodafone til uppboðs á þeim í lok herferðar. Uppboðið fór fram í verslun Vodafone Kringlunni.




Fyrirmyndarfyrirtæki í góðum stjórnarháttum

22. mars 2017

Fjarskipti hf. hlaut um miðjan mars viðurkenningu sem „Fyrirmyndarfyrirtæki í góðum stjórnarháttum“ þriðja árið í röð. Það er Rannsóknarmiðstöð um stjórnarhætti við Háskóla Íslands sem veitir viðurkenninguna.

Heiðar Guðjónsson, stjórnarformaður Fjarskipta, tók við viðurkenningunni í Hörpu fyrir hönd fyrirtækisins. Fyrirtæki fá viðurkenningu sem fyrirmyndarfyrirtæki í góðum stjórnarháttum eftir úttekt sérstakra úttektaraðila á stjórnarháttum og Rannsóknarmiðstöðvar í stjórnarháttum.



Sjónvarpsútsendingar um örbylgjuloftnet hættu

31. maí 2017

Vodafone lauk niðurtöku sjónvarpsdreifikerfis um örbylgjuloftnet í júní, í umboði og að beiðni RÚV. Niðurtakan var framkvæmd í áföngum frá áramótum og um sumarið hafði þegar verið slökkt á sendum sem þjónuðu Reykjanesi, Akranesi og Suðurlandi. Í þessum síðasta fasa var slökkt í hverfum höfuðborgarsvæðisins í áföngum. Breytingin náði til þeirra sem sáu stöðvarnar RÚV+ eða Hringbraut í gegnum Digital Ísland myndlykil.

Hitað upp með Svölu fyrir Eurovision

26. apríl - 11. maí 2017

Svala Björgvins mætti í verslun Vodafone í Kringlunni og sat fyrir svörum í beinni á Facebook. Eftir það tók hún lagið, áritaði plaköt fyrir aðdáendur og gaf kost á myndatöku með gestum fyrir framan verslun Vodafone. Vodafone var að vanda í hringiðunni í Eurovision og við sendum út brakandi ferskt efni frá fjörinu baksviðs á samfélagsmiðlum Vodafone, s.s. á Snapchat, Instagram og Facebook. Vodafone bauð líka í stærsta Eurovisionpartý landsins á Twitter og Facebook undir myllumerkinu #12stig.



Fréttir á árinu

Watchbox sigraði Stökkpallinn

7. júní 2017

Íslenska hugbúnaðarfyritækið Watchbox varð hlutskarpast í viðskiptaþróunarkeppninni Stökkpallinum en úrslitin voru tilkynnt á alþjóðlegri nýsköpunarráðstefnu Startup Iceland í Hörpu. Í verðlaun fékk Watchbox eina milljón króna og fjarskiptastuðning frá Vodafone í 12 mánuði. Watchbox er smáforrit sem nýtist fyrirtækjum þar sem hvert þeirra fær lokaðan séraðgang þar sem starfsmenn geta deilt myndum og stuttum myndböndum úr leik eða starfi á heimasvæði viðkomandi fyrirtækis.



Unicef treyjan fæst í vefverslun Vodafone

9. júní 2017

Vodafone var einn aðalstyrktaraðili dags rauða nefnsins sem er langstærsti viðburður UNICEF, Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna á Íslandi. Dagur rauða nefnsins náði hápunkti í beinni útsendingu á RÚV þar sem grínistar, leikarar, fjölmiðlafolk og tónlistarmenn bjuggu til ógleymanlegt kvöld og skoruðu á áhorfendur að hjálpa börnum og gerast heimsforeldrar UNICEF.

The Arts Hour hjá BBC tekinn upp á Íslandi

13. júní 2017

Vodafone er stoltur samstarfsaðili breska ríkisútvarpsins BBC á Íslandi en BBC stóð fyrir áhugaverðum viðburði í Tjarnarbíói þegar útvarpsþátturinn The Arts Hour var tekinn upp. Almenningi gafst kostur á að sitja í sal þegar upptakan fór fram og eins og nafn þáttar gefur til kynna fjallaði þátturinn um íslenskt lista- og menningarlíf.



Vodafone gefur töff tæki

25. ágúst 2017

Vodafone stóð í samstarfi við Landsbjörg fyrir átaksverkefni þar sem markmiðið var að breyta viðhorfi fólks um notkun snjalltækja í umferðinni. Fólk var hvatt til að gera myndbönd og fleira til að stuðla að vitundarvakningu um notkun snjalltækja í umferðinni og gat unnið glæsilega vinninga fyrir vikið.



Stærsta 4G dreifikerfi landsins stækkar

30. júní 2017

Vodafone lagði síðastliðið sumar og leggur áfram mikla áherslu á útbreiðslu þegar kemur að 4G kerfi sínu og náði kerfið í sumar yfir 157 þúsund ferkílómetra á landi og sjó sem er mesta útbreiðsla 4G farsímakerfis á Íslandi miðað við ferkílómetra en kerfið nær einnig til tæplega 97% landsmanna eftir búsetu. Mikil uppbygging var bæði til sjávar og sveita, með sérstakri áherslu á frístundabyggðir. Þá lagði félagið sig fram um að auka hraða á útihátíðum og mannmörgum samkomum.

Gullmerki jafnlaunaúttektar PwC

1. september 2017

Fjarskipti hlaut gullmerki jafnlaunaúttektar PwC á Íslandi. Jafnlaunaúttekt PwC staðfestir að munur á launum karla og kvenna hjá Fjarskiptum er minni en 3,5% en í tilfelli Fjarskipta var munurinn raunar vel undir því viðmiði. Í greiningu PwC er tekið tillit til áhrifa aldurs, starfsaldurs, fagaldurs, menntunar, starfshóps, stöðu í skipuriti og mannaforráða. Þannig veitir hún upplýsingar um raunverulegan launamun kynjanna hjá fyrirtækinu.



Fréttir á árinu

Vodafone styður „Vertu snjall undir stýri“

20. september 2017

Vodafone á Íslandi og Slysavarnarfélagið Landsbjörg leiddu saman hesta sína í átaksverkefninu „Vertu snjall undir stýri“ sem er ætlað að breyta viðhorfi fólks til snjalltækjanotkunar og snúa við þeirri óheillapróun sem átt hefur sér stað vegna notkunar snjalltækja í umferðinni. Verkefnið felst m.a. í því að Vodafone skrifaði undir samfélagslega yfirlýsingu um þátttöku í verkefninu, bílafloti Vodafone var merktur á kostnað fyrirtækisins og samningur gerður við bílstjóra um að taka virkan þátt í verkefninu og nota hvorki farsíma né snjalltæki undir stýri.



Hvatningarverðlaun


26. september 2017

Fjarskipti hlaut Hvatningarverðlaun jafnréttismála en verðlaunaafhendingin fór fram í hátíðarsal Háskóla Íslands. Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra afhenti Stefáni Sigurðssyni forstjóra Fjarskipta verðlaunin en markmiðið með þeim er að vekja jákvæða athygli á fyrirtækjum sem sett hafa jafnrétti á oddinn og jafnframt að hvetja önnur fyrirtæki til að gera slíkt hið sama. Að verðlaununum standa Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, landsnefnd UN Women á Íslandi, Samtök atvinnulífsins og Festa – miðstöð um samfélagsábyrgð.

Ný og spennandi framtíð með Vodafone

6. október 2017

Vodafone um allan heim kynnti nýtt útlit, slagorð og uppfært myndmerki. Nýtt útlit leggur meiri áherslu á talbólu Vodafone, en talbólan er alþjóðlegt tákni sem stendur fyrir samskipti og flestir tengja nú þegar við Vodafone.



Nýtt og betra viðmót Vodafone Sjóvarps


6. nóvember 2017

Nýtt og betra Vodafone Sjóvarp var kynnt til sögunnar. Uppfærslur voru framkvæmdar í nokkrum áföngum. Með uppfærslunni var komið til móts við óskir og ábendingar sem fram komu í notendaprófunum. Uppfærslan snýr einna helst að endurhönnun útlits og bættu notendaferðalagi viðskiptavinarins.

4,5G háhraðavæðing á farsímakerfum Vodafone

13. nóvember 2017

4,5G háhraðavæðing Vodafone var í fullum gangi, en félagið er stöðugt að uppfæra farsímakerfið með tilliti til hraða. Viðskiptavinir Vodafone með farsíma sem styðja 4,5G munu sjá slíkt merki birtast á farsímunum sínum í síauknum mæli.



Vodafone vex hraðast í farsíma

16. nóvember 2017

Vodafone óx áfram hraðast íslenskra fjarskiptafyrirtækja á farsíma markaði á fyrri helmingi ársins 2017, samkvæmt skýrslu Póst- og fjarskiptastofnunar. Heildarfjöldi farsímaáskrifta hjá Vodafone jókst um 8.385 sem er um 7% vöxtur og heldur félagið áfram að auka markaðshlutdeild sína eins og fyrri ár.

Vodafone að störfum í Öræfasveit

29. nóvember 2017

Tæknimenn Vodafone mættu galvaskir austur í Öræfasveit til að styrkja farsímakerfið dragi til tíðinda á svæðinu. Þeir yfirfóru varaf, farsíma- og netbúnað en til viðbótar kom Vodafone fyrir færanlegum vararafstöðvum og farsímasendum, bæði fyrir austan- og vestanvert yfirvofandi flóðasvæði gjósi þar. Vodafone hefur stutt við Öræfinga á síðustu árum með fjarskiptaþjónustu um ljósleiðarakerfi Öræfinga, sem hefur stórbætt stöðu íbúa og ferðaþjónustu á svæðinu.



GOMOBILE í samstarf við Vodafone

19. desember 2016

GOMOBILE og Vodafone skrifuðu undir samstarfssamning en GOMOBILE er íslenskt fyrirtæki sem sérhæfir sig í rafrænum inneignarkerfum. Það gerir fólki kleift að safna inneign með símanum sínum. Þegar greiðslukort er notað til að greiða fyrir vöru eða þjónustu hjá samstarfsaðilum GOMOBILE safnar fólk hluta af upphæðinni sjálfkrafa inn á GOMOBILE reikninginn sinn. Svo getur það notað inneignina sem það safnar til þess þess að kaupa vörur í vefverslun GOMOBILE.

365 miðlar sameinast Vodafone

Stærstu og öflugustu fjölmiðlar landsins sameinast rekstri Fjarškipta

Þann 14. mars 2017 undirrituðu Fjarškipti hf. og 365 miðlar hf. samning um kaup á rekstrarhluta og nánar tilgreindum eignum 365 miðla hf., að undanskildum eignum er varða útgáfu Fréttablaðsins og tímaritsins Glamour. Samkeppniseftirlitið samþykkti kaupin með skilyrðum þann 9. október síðastliðinn og við það tilefni kom fram að næstu vikur færu í að leggja lokahönd á viðskiptin og uppfylla hefðbundna fyrirvara í kaupsamningi. Fór afhending eigna fram 1. desember 2017 og hefur síðan verið unnið að því að sameina reksturinn og ná öllu starfsfólki saman á einn vinnustað. Velta sameinaðs félags mun nema um 22 milljörðum króna og skila um 5 milljörðum króna í EBITDA

hagnað þegar samlegðaráhrif eru að fullu komin fram eftir 12-18 mánuði. Með viðskiptunum varð til leiðandi fjarškipta- og fjölmiðlafyrirtæki á Íslandi, sem veitir um 600 manns atvinnu og býður upp á fjölbreytt vöruframboð og enn betri þjónustu fyrir viðskiptavinum.

Einingarnar sem komu frá 365 innifela meðal annars fjölmiðla eins og Stöð 2, Stöð 2 Sport, Bylgjuna, FM957, Xið977, Vísi, fréttadeild og auglýsinga- og áskriftarsölu. Þessar einingar, starfsmenn þeirra og stjórnendur færðust undir nýtt svið sem ber heitið miðlar innan Fjarškipta en framkvæmdastjóri sviðsins er Björn Víglundsson.

Flaggskip nýrra miðla Fjarškipta er Stöð 2, sem hefur starfað óslitið í 32 ár, en sjónvarpsstöðin er sú fyrsta sem stofnað var til í einkaeign á Norðurlöndunum. Útsendingar Stöðvar 2 ná til 99% landsmanna en 30% íslenskra heimila eru með áskrift að Stöð 2. Auglýsingatekjur eru 15% af heildartekjum stöðvarinnar. Stöð 2 rekur eigin fréttastofu sem nýtur mikils trausts. Stöð 2 framleiðir eigin sjónvarpsefni og er líka meðframleiðandi í stærri verkefnum, s.s. leiknum þáttaröðum, og sýnir auk þess erlent sjónvarpsefni frá öllum helstu framleiðendum í Bandaríkjunum eins og HBO, NBC Universal, FOX, Warner Bros, Disney, Sony og CBS. Stöð 2 sýnir líka með stolti efni frá BBC breska ríkisútvarpinu

Fréttastofa, íþróttadeild og myndver þróa á 2. og 3. hæð og bakhúsi á Suðurlandsbraut 10





BYLGJAN
989

VÍSIR

SPORT



og norræna sakamálaþætti í hæsta gæðaflokki. Jafnframt hefur Stöð 2 hliðarrásirnar Stöð 3, Stöð 2 Bló og Stöð 2 Krakkar sem sýna sjónvarpsefni sérsniðið að þörfum ákveðinna markhópa.

Íþróttir og vönduð umfjöllun um þær eru krúndjásnið í kórónu miðla en sportrásir Stöðvar 2 og Golfstöðin eiga sýningarrétt á öllum stærstu íþróttamótum víða um heim í fjölmörgum íþróttagreinum. Til dæmis enska boltann, Meistaradeild Evrópu í knattspyrnu og Pepsideild karla og kvenna hér heima, NBA körfuboltann, Formúlu 1 og svo mætti lengi telja.


Bylgjan er stærsta og vinsælasta útvarpsstöð landsins. Auk spjall- og þjóðmálaþátta spilar stöðin samtímatónlist en markhópurstöðvarinnar er fullorðið fólk á aldrinum 20-54 ára. Hliðarrásir Bylgjunnar eru Létt-bylgjan sem spilar þægilega og rólega tónlist og Gull-Bylgjan sem spilar alla gömlu góðu smellina frá seinni hluta síðustu aldar. FM957 höfðar til fólks á aldrinum 16-35 ára og spilar nýjustu og vinsælastu tónlistina auk spjallþátta. Xið977 spilar rokk og þungarokk og þar er boðið upp á einn vinsælasta spjallþátt landsins í útvarpi Harmageddon.

Vísir er annar stærsti fréttavefur landsins. Fjöldi notenda og tíðni heimasóknna hefur farið sívaxandi síðstliðin ár og traust á vefnum aukist í réttu hlutfalli. Á Vísi má finna fréttir, almennar upplýsingar og afþreyingarefni. Vísir hefur hlotið verðlaun sem besta efnis- og fréttaveita landsins. Vefurinn vinnur náið með fréttastofu Stöðvar 2 og útvarpsstöðvum miðla auk þess sem Fréttablaðið leggur Vísi til morgunfréttir næstu tvö árin.

Útvarpsstöðvarnar og hljóðver þróa á 2. hæð á Suðurlandsbraut 8



Þjónusta við ferðalanga



Vodafone leiðandi í þjónustu við ferðalanga

Sumarið 2017 var mikið ferðasumar hjá viðskiptavinum Vodafone og ljóst að farsímminn var með í för sem aldrei fyrr. Innleiðing reglugerðar Evrópusambandsins fékk mikla fjölmiðlaumfjöllun og Íslendingar meðvitaðir um þær breytingar sem voru að eiga sér stað. Innleiðing reglugerðarinnar gekk vel hjá Vodafone og var áhersla lögð á á að breytingin skilaði gæða þjónustuupplifun til viðskiptavina.

Fæstir leiða þó hugann að því að reglugerð Evrópusambandsins hefur verið í innleiðingu um langt skeið, sumarið 2017 var í raun síðasta skrefið í þeirri vegferð. Heildsölu- og smásöluverð á markaði hefur lækkað jafnt og þétt með

tilskipunum frá Evrópusambandinu síðan 2012 og hefur Vodafone verið leiðandi í að bjóða hagstæð kjör og góða þjónustu fyrir viðskiptavinum á ferðalögum í mörg ár, bæði hér heima fyrir og á erlendum mörkuðum. Má þar nefna þjónustur eins og Vodafone Passport frá 2009 þar sem viðskiptavinum gafst í fyrsta skiptið kostur á að hringja á heimaverðskrá gegn vægu upphafsgjaldi. EuroTraveller frá 2013 gaf viðskiptavinum kost á að hringja og nota gagnamagn á heimaverðskrá gegn vægu daggjaldi. Báðar þessar vörur hafa nú verið útleiddar úr vöruframboði félagsins en voru á sínum tíma hagstæðustu kjör sem buðust á markaði fyrir reiki erlendis.

Vodafone hefur ávallt lagt ríka áherslu á góð kjör og góða upplifun fyrir farsímaviðskiptavinum erlendis og hefur sú vinna skilað sér í víðfemu neti samninga sem tengja viðskiptavinum í gegnum 4G þjónustu í ríflega 50 löndum ásamt góðum kjörum fyrir viðskiptavinum á ferðalögum um allan heim. Reglugerð Evrópusambandsins tekur sérstaklega á reiki innan EES svæðisins en með ONE Traveller þjónustu Vodafone bjóðast viðskiptavinum einnig hagstæð kjör þegar ferðast er til 23 landa utan Evrópu. Má þar nefna mjög algenga viðkomustaði okkar viðskiptavina eins og Bandaríkin, Kanada og Sviss. Þess utan bættist Rússland inn í ONE Traveller á árinu og líklegt að það verði mikilvægt fyrir íslenska ferðalanga á árinu 2018.



Þessi áhersla á bættu þjónustu í reiki hafði þá þegar skilað talsverðri aukningu í notuðu gagnamagni erlendis áður en reglugerð Evrópusambandsins tók gildi að fullu. Á árinu 2016 hafði gagnamagnsnotkun samanborið við árið 2015 aukist innan Evrópu um 162% og utan Evrópu um 198%. Fyrri helming ársins 2017, áður en reglugerðin tók gildi í júní, hafði gagnamagnsnotkun samanborið við árið 2016 aukist innan Evrópu um 182% og utan Evrópu um 326%. Að því sögðu mátti merkja gríðarlega mikla aukningu á notkun innan Evrópu við gildistöku reglugerðarinnar sumarið 2017 og jókst gagnamagnsnotkun fyrir seinni helming ársins 2017 um 521% innan Evrópu og 189% utan Evrópu borið saman við seinni helming árs 2016.

Nú tekur við nýtt ár af ferðalögum viðskiptavina. Miðað við þær viðtökur sem viðskiptavinir hafa sýnt breyttri verðlagningu og bættri þjónustu má gera ráð fyrir því að þessi gagnamagns aukning verði viðvarandi út árið 2018 en nálgist síðan almenna gagnamagns aukningu á farsímanetum þegar fram líða stundir.

Vodafone veit að það er sjaldan heppilegra að hafa farsímann við hendina heldur en einmitt þegar maður er staddur á fjarlægum og ókunnnum slóðum. Hundruð samninga, gríðarmikil vinna, prófanir á þjónustupplifun og gæðaeftirlit ásamt sterku samstarfi við Vodafone Group tryggja að farsíminn virki við bestu fánlegu skilyrði þegar viðskiptavinir þurfa á honum að halda. Þessi vinna

mun halda áfram og gera má ráð fyrir að Vodafone verði áfram leiðandi í þjónustu við ferðalanga og heimsborgara, hvort sem um er að ræða kjör á þjónustu eða gæðaupplifun á farsímanetum erlendis.

Öflugt dreifikerfi

Mikil uppbygging í 4,5G með notendaupplifun að leiðarljósi

Vodafone leggur ríka áherslu á að styrkja 4G þjónustusvæði sitt vítt og breitt um landið og nær 4G háhraðasamband félagsins nú til um 98% landsmanna.

Allt frá því uppbygging 4G þjónustusvæðis félagsins hófst hefur Vodafone lagt sig sérstaklega fram um að byggja upp hámarks dreifingu um allt land. Auk þess hefur verið unnið ótúllega að því að efla og styrkja háhraða samband Vodafone fyrir sjófarendur á hafsvæðinu í kringum Ísland sem hafa tekið þessari uppbyggingu vel. Vodafone er leiðandi á Íslandi í notkun hins langdræga 4G tíðnibands á 800MHz sem gefur viðskiptavinum félagsins framúrskarandi upplifun í notkun á gagnaflutningi í farsímakerfunum. Vodafone hefur styrkt sig verulega í öflun tíðniheimilda í uppboði Póst- og fjarskiptastofnunar á síðasta ári. Auknar tíðniheimildir gera fyrirtækinu kleift að mæta síaukinni gagnaflutningsþörf notenda

og hámarka þar með notendaupplifun. Tíðnir sem notaðar eru í 4,5G eru 800 MHz, 1800MHz, 2100MHz og 2600MHz.


Vodafone veitir úrvals gagnþjónustu yfir farsímakerfi (3G/4G) um allt land, auk öflugs sjósambands í kringum landið. Með stöðugri eflingu og uppbyggingu dreifikerfis félagsins hefur áhersla einnig verið lögð á háhraðasamband á ferðamannastöðum og sumardvalarstöðum.

Gríðarleg uppbygging hefur átt sér stað á liðnu ári og hefur áherslan verið á 4G senda og þeim fjölgað um 85% á árinu 2017. Samhlíða uppbyggingu hefur Vodafone nýtt

nýjar tíðniheimildir og hafið uppsetningu á 4,5G sendum á höfuðborgarsvæðinu og sumarhúsasvæðum á Suðurlandi. Helstu kostir 4,5G er að gagnahraði eykst til muna og getur slíkur sendir annað mun fleiri samtímanotendum en hefðbundinn 4G sendir en hraðinn getur verið við allra bestu aðstæður rétt um 1G.

Áhersla þessa árs er frekari uppbygging og þétting 4G þjónustusvæðis Vodafone með upplifun notenda að leiðarljósi.

Vodafone áætlar jafnframt á árinu 2018 að geta boðið farsímaþjónustu í gegnum gervihnött en þjónustan er ætluð skipum.





Þjónusta við fyrirtæki



Gunnar Már Sigurfinnsson
Frámkvæmdastjóri Icelandair Cargo

Betri rekstur með Ready Business

Árið 2017 héldum við áfram að vinna með Ready Business aðferðafræðina sem snýst um að veita fyrirtækjum góða þjónustu og hjálpa þeim að vera tilbúnari til að takast á við áskoranir á markaði, sem og að gera þau samkeppnishæfari með snjöllum fjarskiptalausnum.

Nýjasta sagan sem sýnir fram á þetta er af Icelandair Cargo og flutningi þeirra á ferskum matvælum til og frá Íslandi. Icelandair Cargo flytur gríðarlega mikið magn af ferskum fiski til útlanda fyrir innlend fiskvinnslufyrirtæki sem og ávexti og grænmeti til Íslands fyrir matvöruverslanir. Þetta eru mikil verðmæti

og er því mikilvægt að tryggja gæði þeirra til að koma í veg fyrir skemmdir. Ein besta leiðin til að gera það er með rauntímavöktun á sendingunum.

Icelandair Cargo leitaði til Vodafone með að finna haldgóða lausn á þessu. Í nokkur ár hefur Vodafone verið í góðu samstarfi við íslenska nýsköpunarfyrirtækið Controlant sem sérhæfir sig í vöktun á viðkvæmum varningi eins og lyfjum hjá lyfjaframleiðendum og heilsugæslustöðvum. Controlant þróar lausnir sem henta bæði í staðbundna vöktun á kæli- og frystirýmum, sem og á rauntímavöktun á sendingum. Með þessum lausnum er fylgst

með staðsetningu ásamt hita- og rakastigi á því sem vaktað er.

Snemma árs 2017 byrjuðu félögin þrjú að vinna að sérhæfðri lausn fyrir Icelandair Cargo og viðskiptavinum þeirra til að vakta sendingar þeirra. Sendar voru tilraunasendingar með vöktunarbúnaði til að sjá hvernig aðstæður eru á sendingum allt frá því að þær fara frá upprunastað og alla leið á afhendingarstað. Icelandair Cargo leggur mikið kapp á að gæði þjónustu á þeirra hluta af þessari vegferð sé fyrsta flokks. Mikilvægt er því að ganga úr skugga um að allir hlutar leiðarinnar utan þeirra sé í sama gæðaflokki til að tryggja að gæði



vöru haldist óbreytt frá upphafi til enda. Þetta getur verið flutningur frá pökkunarstað út á flugvöll, bið á flugvelli eftir því að ferma varning í flugvél og sömuleiðs bið á flugvelli eftir að varningur er affermdur og bíður eftir flutningi á áfangastað. Smávægilegar breytingar á hita- og rakstigi geta haft mikil áhrif á gæði ferskvöru sem verið er að flytja.

Í árslok var búið að tryggja að vöktunin virkaði sem skildi og að allir ferlar væru á hreinu og ekkert því til fyrirstöðu að hefja formlega sölu á lausninni. Við það tilefni voru tekin upp myndskreið hjá Icelandair Cargo sem sýna hvernig þau nýta þessa lausn og tekin viðtöl við starfsfólk Icelandair Cargo um mikilvægi þess

að tryggja gæði sendinga, sem og mikilvægi þess að vera í góðu samstarfi við Vodafone til að hafa allar bestu mögulegu fjarskiptalausnir til að hjálpa til við samkeppnishæfni og rekstur fyrirtækisins. Úr þessu samstarfi var búið til nýjasta Ready Business auglýsingin sem fór í birtingu á síðustu mánuðum ársins 2017 og er enn í birtingu.

Árið 2018 munum við halda áfram að vinna í þessari lausn og þróa um leið nýjar lausnir sem munu koma viðskiptavinum okkar til góða í framtíðinni.

ICELANDAIR
CARGO 

 **Controlant**

Vodafone Sjónvarp



Daníel Traustason, vöruþróunarstjóri Vodafone



Endursamningar fyrir Leiguna og nýir efnissamningar fyrir áskriftarveituna Vodafone PLAY

Efnisframboðið í Vodafone Sjónvarpi hélt áfram að vaxa árið 2017 og hefur nú aldrei verið betra.

Leigan hefur um árabíl verið með samninga við alla stærstu framleiðendur heims og á því var engin breyting á árinu en endursamið var við tvo af stærstu birgjunum, Paramount og Disney. Með þessum samningum tryggði Vodafone sér enn meira úrval af kvikmyndum til viðbótar við þær þúsundir kvikmynda og þátta sem hægt er að nálgast í Leigunni.

Áskriftarveitan Vodafone PLAY hefur slegið í gegn hjá viðskiptavinum Vodafone frá því hún var sett í loftið árið 2015. Viðskiptavinir sem eru með Vodafone PLAY fengu nú enn meira fyrir sinn snúð en samið var við Paramount um fjölda kvikmynda sem viðskiptavinir geta nálgast þegar þeim hentar. Má þar nefna stórmyndir á borð við The Godfather þrileikinn, allar Indiana Jones myndirnar og Mission: Impossible safnið. Fleiri myndir munu svo bætast við Vodafone PLAY árið 2018.

Vodafone samdi einnig við innlenda framleiðendur og tryggði sér sýningarréttinn á kvikmyndinni Hjartasteinn sem hefur farið sigurför um heiminn. Myndin hlaut á árinu m.a. Edduverðlaunin sem besta myndin og hefur nú unnið yfir 40 alþjóðleg verðlaun. Ásamt þessu tók Vodafone þátt í sinni fyrstu framleiðslu á íslenskrri kvikmynd þegar skrifað var undir samning um að taka þátt í framleiðslukostnaði á kvikmyndinni Fullir vasar sem var frumsýnd í febrúar 2018.



Samstarfssamningur Vodafone og Hopster hefur líka vakið mikla lukku hjá yngstu áhorfendum og foreldrum þeirra og áhuginn á sérhannaðri áskriftarveitu fyrir 2-6 ára hefur verið með ólíkindum. Efnisframboðið í Hopster, sem er allt á íslensku, náði svo hápunkti á haustmánuðum þegar Vodafone tryggði sér sýningarréttinn á Hvolpasveitinni sem allir ættu að kannast við.

Efnisveitan Cirkus hélt einnig áfram að styrkja efnisframboð sitt á árinu en Cirkus er að hluta til í eigu sjónvarpsrisans ITV í Bretlandi. Cirkus leggur áherslu á hágæða drama og spennuþætti en meðal þess efnis sem þar er í boði eru Poldark, The Young Pope og Victoria auk tuga annarra þáttaraða.

Í Viðburðum Vodafone, eða Pay-Per-View, geta viðskiptavinir pantað sér aðgang að stökum viðburðum sem sýndir eru í beinni útsendingu á Stöð 2 eða hliðarstöðvum. Þar má helst nefna íþróttaviðburði á borð við Meistaradeildina, Evrópudeildina, La Liga, helgaropnun á Golfstöðina og Meistaradeild Cintamani í hestaíþróttum. Í byrjun þessa árs bættist síðan við enska úrvalsdeildin, Premier League.

Eftirspurnin eftir ólínulegu sjónvarpsefni er stöðugt að aukast og mun Vodafone halda áfram að styrkja stöðu sína á þeim vettvangi á árinu 2018 með áherslu á vandað og fjölbreytt sjónvarpsefni sniðið að viðskiptavininum. Markmið Vodafone er og verður áfram að gera áhorf viðskiptavina sem þægilegast og einfaldast, þannig að þeir geti horft á efnisframboð Vodafone þegar þeim hentar í bestu mögulegu gæðum.



Vodafone Sjónvarp

OSTMODERN

nordija

SAMSUNG



Nýtt og betra Vodafone Sjónvarp

Endurbætur og breytingar á sjónvarpskerfum Vodafone hafa nú staðið yfir allt frá árinu 2015. Heimur afþreyingar hefur tekið miklum breytingum síðustu ár og til að koma til móts við breytta hegðun neytenda og kröfuna um fullkomna upplifun á sjónvarpefni, hvar og hvenær sem er, var ráðið í gagngerar breytingar á högun sjónvarpskerfa Vodafone.

Samið var við danska fyrirtækið Nordija um kjarnakerfi og bakendavirkni, norska fyrirtækið Conax um dulköðun og öryggismál, Samsung um nýjan hágæða 4K myndlykil og breska hönnunarhúsið Ostmodern um viðmótshönnun og notendaupplifun. Á haustmánuðum 2017 tók Vodafone fyrsta skrefið á þessari vegferð þegar nýr bakendi var tekinn í notkun og nýtt viðmót fyrir gagnvirka sjónvarpsmyndlykla leit dagsins ljós.

Á meðal nýjunga fyrir viðskiptavini í þessari uppfærslu má nefna þó nokkrar endurbætur á Vodafone PLAY appinu og betra útlit á undirsíðum viðmóts fyrir Leiguna, Vodafone PLAY og Cirkus. Einnig jukust möguleikar viðskiptavina til að nýta sér Tímavélina þar sem enn fleiri stöðvar bættust þar inn ásamt möguleikanum á að stöðva línulega dagskrá og hoppa hiklaust á milli viðburða.



Þóra Björg Clausen, rekstrarstjóri Vodafone Sjónvarps

Fréttir Stöðvar 2		Í dag 18:30			
Fréttastofa Stöðvar 2 flytur fréttir í opinni dagskrá.					
Í dag	18:15	18:30	18:45	19:00	
1 RÚV HD	Friðþjófur forvitni	Babar	Kra... Viking...	Fréttir	
2 Stöð 2 HD	Ellen	Fréttir Stöðvar 2	Ísland í dag	Spor...	
3 Stöð 3	Fresh Off The Boat	Baby Daddy	Last Man Sta...		
4 Stöð 2 Bíó	A Little Chaos	Fed up			
5 Stöð 2 Krakkar	Dóra könn...	Mörgæsimar frá Madagaskar	Doddi lítli og Eyr...	Pétur og kötturinn B...	
7 Sjónvarp Símans...	The Tonight Show Starring Jimmy Fallon			The Late Late Show...	
8 N4 HD	Að Norðan	Matur og menning (e)		Glettur að austan	

Það má segja að aðgerðir ársins 2017 styrki getu Vodafone til að koma til móts við óskir viðskiptavina um fjölbreyttar leiðir til að nálgast sitt uppáhalds sjónvarpsefni. Verkefninu er þó hvergi nærri lokið – tímarnir breytast hratt og kröfur viðskiptavina einnig – en Vodafone er nú vel í stakk búið til að leiða þær breytingar.

Í dagskráryfirliti Vodafone Sjónvarps er hægt að flakka allt að 48 tíma aftur í tímann með Tímavélinni.

Hlutanetið (IoT)



Hlutanetið í miklum vexti (IoT)

Þegar hyllti undir nýtt ár 2017 hófum við Internet of Things (IoT) vegferð á morgunverðarfundi undir yfirskriftinni „IoT Byltingin er hafin – hvernig hefur hún áhrif á þig?“ Á sama tíma kynntum við nýtt stýringartól sem fylgir snjallkortum ætluðum fyrir hluti. Vodafone hélt vegferðinni áfram af miklum krafti árið 2017 með röð morgunverðarfunda þar sem aðalfyrirlsari kom í hvert skipti til okkar frá Vodafone Group.

Röð morgunverðarfunda

Í janúar héldum við fundinn „Heilsa og áhrif snjalltækninnar“ þar sem Dr. Jon Lee-Davey, yfirmaður þróunar á snjalllausnum fyrir heilbrigðisgeirann mætti. Á fundinum var farið yfir raunveruleg verkefni sem snjalltæknin hefur nú þegar leyst ásamt því að ræða hvernig þau halda áfram að þróast. Sem dæmi má nefna rauntímasamskipti milli blóðsykurmæla hjá sykursjúkum og hjartasírta hjá hjartasjúklingum við lækna á heilbrigðisstofnun.

Í febrúar var Vodafone með tvo fyrirlestra á UTmessunni en einn fyrirlesarinn var Andy Haig, viðskiptaþróunarstjóri Vodafone Group sem hélt áhugavert erindi um Smart City en snjöllum borgum fjölgar ört þar sem lausnir eins og snjallir ljósastaurar, snjallar ruslatunnur og snjöll bílastæði eru að ryðja sér til rúms í borgarrýminu.

Í mars kom til okkar Wayne Glenn, yfirmaður vörubrúunar fyrir heimili og verslanir á fundinn „snjallari verslunarrekstur“ sem við

héldum í það skipti í samstarfi við Opin Kerfi. Hélt hann áhugavert erindi um hvernig IoT styður við samkeppnishæfi fyrirtækja með réttum upplýsingum í rauntíma.

Léttbandið (Narrowband-IoT) kynnt til leiks

Huawei og Vodafone á Íslandi hafa sett af stað tilraunaverkefni í svokallaðri Narrowband-IoT (NB-IoT) tækni, sem gerir Íslendingum kleift að vera meðal leiðandi þjóða í hlutanetsbyltingunni á næstu árum. Huawei



Ingi Björn Ágústsson sérfræðingur í IoT og skýjalausnum Vodafone

og Vodafone munu í sameiningu setja upp tilraunakerfi á Íslandi á afmörkuðum svæðum og prófa eiginleika kerfisins við íslenskar aðstæður. Samtímis verður prófuð ýmis virkni tækja sem geta nýtt sér þessa tækni ásamt því sem rekstrarhæfni kerfisins á Íslandi verður könnuð. Meðal helstu kosta NB-IoT kerfa eru mikil drægni innan sem utan dyra en sá eiginleiki eykur notagildi snjalltækja á erfiðum stöðum, svo sem í húsakjöllum og á svæðum utan alfaraleiða. Einnig er lág orkunotkun mikill kostur og munu dæmigerðar rafhlöður duga í 10-15 ár til samskipta við snjalltæki sem nýta sér tæknina. Að lokum má nefna að kerfið er sérhannað til að þjónusta mikinn fjölda tækja á einfaldan hátt. Snjalltengdir vatnsmælur, bílastæðanemar eða eftirlit með búfénaði, eru allt dæmi um notkunarmöguleika sem þessi nýja tækni býður upp á.

Á haustráðstefnu Advania í september síðastliðnum sýndi Vodafone, fyrsta sinn á Íslandi, og með fyrstu löndum í Evrópu, NB-IoT tæknina eða léttbandstæknina í virkni með einum af sendum Vodafone á Íslandi og nokkra af þeim notkunarmöguleikum sem tæknin býr yfir. Á ráðstefnunni sýndum við fyrstu NB-IoT tengdu tækin, snjallt bílastæði, snjallan lás fyrir hótél og fyrirtæki ásamt Happy or Not standi sem flestir þekkja.

Mikill vöxtur í stjórnborðinu

Stýringartólið sem Vodafone hefur kynnt til leiks hefur heldur betur slegið í gegn hjá viðskiptavinum okkar en með nýtingu þess og snjallkortanna bauðst fullkomin yfirsýn og stjórn á virkni tenginga. Meðal helstu kosta stýringartólsins er sjálfvirkni, aukið öryggi, kostnaðarstjórnun, betra eftirlit og stýring tækja sem eru nauðsynlegir hlutir fyrir fyrirtæki með fjölda tengdra tækja.

Með auknu samstarfi við Vodafone Group nýtur Vodafone á Íslandi mikils stuðnings auk þess að hafa aðgang að viðamikilli þekkingu um hina ýmsu notkunarmöguleika IoT sem hentað gætu fyrirtækjum. Þar má nefna aðgang að reynslusögum frá erlendum fyrirtækjum sem hafa nýtt sér ákveðna möguleika sem og beinan stuðning erlendra sérfræðinga.

4K byltingin



4K myndlykill bylting í sjónvarpsupplifun

Vodafone gerði sumarið 2017 samning við Samsung um kaup á nýjum myndlykli til sjónvarpsviðskiptavina okkar og hefst dreifing þeirra á þessu ári. Myndlykillinn mun styðja næstu kynslóð sjónvarpsútsendinga, svokallaða ofurháskerpu (e. Ultra High Definition). Slík skerpa hefur líka verið kölluð 4K með vísun í upplausn merkisins sem er um fjórföldun á núverandi háskerpumerki.

Efniseigendur og -réttahafar eru í auknum mæli að færa sig yfir í þessa nýju tækni og mun efnisframboð í Vodafone Sjónvarpi þróast í takt við þessar breytingar. Við munum sjá bæði línulegt efni sjónvarpsstöðva og ólínulegt efni á Leigunni, Frelsi og Vodafone PLAY birtast í þessum nýju gæðum á komandi misserum.

Hraðvirkari og þekkir þig

Myndlykillinn er keyrður áfram af nýjustu kynslóð örgjörva og þannig munu notendur finna fyrir umtalsvert betra viðbragði og meiri hraða í öllum aðgerðum. Einnig munu viðskiptavinir sjá endurbætur á notendaviðmóti sem verður líflegra og ríkulegri framsetning afþreyingarefnis sem þekkir betur á notandann og byggir framsetning efnisins að einhverju leyti á fyrri notkun og smekk.

Þráðlaus og ferðast með þér

Hægt er að vera með nýja myndlykilinn þráðlaust tengdan sem getur t.d. hentað þegar tengja þarf myndlykil í herbergjum sem eru fjarri netaðgangstæki heimilisins. Einnig er mögulegt að taka lykilinn út af heimilinu og leyfa honum að ferðast um landið með þér þar sem hann getur tengst sömu þjónustum og eru í Vodafone PLAY appinu.

Samsung og Vodafone

Samsung er einn stærsti raftækjaframleiðandi í heimi og vel þekkt vörumerki á mörgum íslenskum heimilum fyrir gæði og fallega hönnun. Á síðustu árum hefur Samsung stigið mjög kröftuglega inn í snjallvæðinguna og er sífellt að breikka vöruframboð sitt auk þess sem Samsung-tækin vinna sífellt betur saman. Við hjá Vodafone erum því mjög spennt fyrir þessu verkefni og fyrir liggur áhugi hjá báðum fyrirtækjum að dýpka og breikka samstarfið á komandi árum.



Jens Sigurðsson vöruþróunarstjóri einstaklingslausna



Með ofurháskerpu fær notandinn fjórfalda upplausn á myndinni í samanburði við hefbundnar háskerpuútsendingar.

Nýsköpun



Arnar Bentsson sérfræðingur í nýsköpun hjá Vodafone

Vodafone í nýsköpun

Hjá Vodafone höfum við lagt okkar lóð á vogarskálarnar með stuðningi við nýsköpun með ýmsum hætti og þannig veitt nýsköpunarfyrirtækjum og frumkvöðlum brautargengi.

Startup Iceland og Stökkpallurinn

Í upphafi árs 2017 styrkti félagið og tók þátt í Startup Iceland ráðstefnunni sem fram fer í maí ár hvert, en Startup Iceland fór fram í sjötta sinn í fyrra.

Viðskiptaþróunarkeppnin Stökkpallurinn var haldin í annað skiptið á árinu. Ein stærsta hindrunin sem mætir frumkvöðlum með lífvænlega vöru er að stíga skrefið frá vöruþróun yfir í að vera skalanlegt tekjuskapandi fyrirtæki og Stökkpallurinn miðar þannig að því að aðstoða íslenska

frumkvöðla við að stíga skrefið með hraðan vöxt á alþjóðavísu að markmiði.

Í Stökkpallinum geta öll nýsköpunarfyrirtæki og/eða frumkvöðlar sótt um þátttöku. Allt að fimm þátttakendur eru valdir úr hópi umsækjenda og fá tækifæri til að koma hugmynd að vöru á markað í samvinnu við Vodafone. Lagt er mat á möguleika til sölu og markaðsetningar í samvinnu við frumkvöðla. Uppfylli vara þær kröfur sem gerðar eru getur frumkvöðlinum boðist dreifingarsamningur um að koma henni á framfæri innan sölunets Vodafone

á Íslandi. Virði þessa fellst í að skapa tekjur til frekari þróunar auk þess að sýna fram á virði vöru með tilvísun í árangur sem nýta má til sóknar á alþjóðlegum markaði.

Opnað var fyrir umsóknir í Stökkpallinn í mars og var mikil ánægja með gæði þeirra umsókna sem bárust. Átta teymi voru kölluð til viðtala og fimm verkefni valin til að kynna sig á Startup Iceland ráðstefnunni. Sérfræðingar Vodafone og Startup Iceland störfuðu náið með og aðstoðuðu svo þrjú teymi við að koma vörum sínum á markað og hjálpuðu bæði lausnum og verkefnum



Stökkpallurinn

að vaxa. Teymin voru verðlaunuð með peningagjöfum og fjarskiptastyrk. Það var íslenska hugbúnaðarfyrtækið Watchbox sem varð hlutskarpast í keppninni en Watchbox er smáforrit sem nýtist fyrirtækjum þar sem starfsmenn geta deilt myndum og stuttum myndböndum úr leik eða starfi á heimasvæði viðskomandi fyrirtækis.

Startup Tourism


Á haustmánuðum 2017 fór viðskiptahraðallinn Startup Tourism af stað í þriðja sinn en Vodafone er stofnaðili og þátttakandi að hraðlinum.

Startup Tourism er tíu vikna viðskiptahraðall sem er sniðinn að þörfum nýrra fyrirtækja í ferðaþjónustu. Markmið verkefnisins er að hvetja til nýsköpunar á sviði ferðaþjónustu, styrkja stoðir nýrra fyrirtækja, fjölga afþreyingarmöguleikum og stuðla að dreifingu ferðamanna víðsvegar um landið, allan ársins hring.

Ár hvert eru tíu fyrirtæki valin til þátttöku og fá þau aðgang að fullbúnu skrifstofurými meðan á verkefninu stendur. Auk þess gefst þeim kostur á að njóta fræðslu og þjálfunar og þróa áfram viðskiptahugmyndir sínar undir leiðsögn reyndra frumkvöðla, fjárfesta, lykilaðila á sviði ferðaþjónustu og annarra sérfræðinga og stjórnenda þeim að kostnaðarlausu.

Alls sóttu 113 hugmyndir um þátttöku að hraðlinum og voru 10 hugmyndir valdar úr þeim. Á tímabilinu 15. janúar til 23. mars 2018 mun hraðallinn sjálfur fara fram undir dyggrri handleiðslu Icelandic Startups sem hefur veg og vanda af framkvæmd hraðalsins.

Framtíðarvinnuumhverfið



Sameining fyrirtækisins á einn stað

Um mitt ár 2017 fluttist öll starfsemi Vodafone í nýjar höfuðstöðvar á Suðurlandsbraut 8. Þann 1. desember 2017 sameinaðist starfsemi Vodafone og 365 miðla og er stefnt að því hefja flutninga á starfsemi miðla á Suðurlandsbrautina á vormánuðum 2018. Fjaraskipti hf. eru með allt húsnæðið að Suðurlandsbraut 8 til afnota og munu nú bæta við sig rými í hluta hússins að Suðurlandsbraut 10 ásamt bakhúsi, m.a. undir starfsemi fréttastofu, íþróttadeildar og myndvers. Um er að ræða hluta annarrar hæðar og alla þriðju hæð Suðurlandsbrautar 10 auk samliggjandi bakhúss. Þannig verður hægt að sameina alla starfsemi á sama stað á árinu, þar með talin mynd- og hljóðver.

Markmiðið er að tilfærsla núverandi eininga sem hýstar eru á Suðurlandsbraut 8 hefjist í mars og uppsetning hljóð- og myndvera geti svo hafist strax í kjölfarið ásamt uppsetningu útvarpsstöðvanna Bylgjunnar, FM957 og X-ins977. Mjög góð tenging er milli hússanna tveggja í gegnum bílastæðahús á 2. og 3. hæð sem mun tryggja gott flæði milli eininga. Allar vinnustöðvar í húsunum tveimur verða með sama sniði og skipulagi og byggt hefur verið upp að Suðurlandsbraut 8.

Flutningur starfseminnar að Suðurlandsbraut 8 markaði nýtt upphaf hjá Vodafone og innleiðing á nýju, nútímalegu og sveigjanlegu vinnuumhverfi. „Better ways of working“ eða BWOW sem er hugmyndafræði sem Vodafone

Group hefur innleitt víðsvegar um heiminn á síðustu árum. Ákveðið var að innleiða þessa hugmyndafræði í nýjum höfuðstöðvum Vodafone á Íslandi en hugmyndafræðina nefnum við BESTA vinnuumhverfið.

Fjöl margar ástæður liggja að baki því að ákveðið var að innleiða BESTA vinnuumhverfið hjá Vodafone á Íslandi. Um leið og við hagræðum í rekstri með því að fækka fermetrum og nýta plássíð betur gefst tækifæri til að stórbæta vinnuaðstöðu starfsmanna. Ný og vonduð húsgögn voru tekin í notkun en við val á þeim voru þægindi og heilsa starfsmanna höfð að leiðarljósi. Þá var sérstaklega hugað að því að tryggja góða hljóðvist, lýsingu og loftgæði en allt eru



Sif Sturludóttir forstöðumaður eignaumsýslu

Þetta mikilvægir þættir sem hafa áhrif á líðan starfsfólks í vinnunni.

BESTA vinnuumhverfið er opið vinnurými. Þar eru engar skrifstofur en nóg af fundarherbergjum, verkefnaherbergjum og annarskonar vinnuaðstöðu. Í BESTA vinnuumhverfinu á enginn sína föstu starfsstöð en til þess að sporna við sóun og stytta boðleiðir hefur einingum fyrirtækisins þó verið stillt upp á ákveðna staði í húsinu. Þannig sitja teymi sem vinna mikið saman á sama svæði og auðvelt er að finna fólk sem leitað er að.

BESTA vinnuumhverfið er sveigjanlegt vinnuumhverfi þar sem allir eiga að geta fundið sér vinnuaðstöðu sem hentar þeim verkefnum sem unnið er að hverju sinni. Sýnt hefur verið fram á að með sveigjanlegu

vinnuumhverfi aukist framleiðni starfsmanna. Stundum þurfum við næði til að vinna að nákvæmnisvinnu, stundum þurfum við aðstöðu til að vinna saman í hópi, stundum þurfum við að vinna með fólki úr öðrum teymlum og stundum langar okkur hreinlega bara til að skipta um umhverfi. Þess vegna viljum við bjóða upp á fjölbreytt starfsumhverfi.

Innleiðing á BESTA vinnuumhverfinu sem hófst á vormánuðum 2017 tókst gríðarlega vel og er notkun á fjölbreyttri vinnuaðstöðu mikil, samskipti eru opnari, færri fundir eru í lokuðum rýmum og nýting á hefðbundinni vinnustöðu hefur aukist til muna. Spennandi verður einnig að setja upp ný mynd- og hljóðver þar sem við munum geta hugsað til framtíðar með tilliti til hönnunar og tæknilegrar útfærslu.

Það er sannarlega stór áfangi í sameiningunni að hafa náð skýrri áætlun í húsnæðismálum sem mun hjálpa okkur að skapa eitt fyrirtæki með stuttum boðleiðum, sameiginlegri menningu og nýtingu innviða, eins og til dæmis á veitingastaðnum okkar BESTA Bistro sem staðsettur er á 6. hæð á Suðurlandsbraut 8 og hefur skipað sér sess sem hjarta vinnustaðarins.

Þjónusta á landsbyggðinni

Öflug þjónusta á landsbyggðinni

Hjá Vodafone leggjum við mikið upp úr góðri þjónustu og er þjónusta við viðskiptavinum okkar á landsbyggðinni ekki undanskilin.

Vodafone rekur í dag fjórar verstanir, þar af eru þrjár á höfuðborgarsvæðinu og ein á Akureyri. Umboðsaðilar Vodafone víðsvegar um landið eru 13 talsins en við leggjum mikið upp úr því að geta þjónustað viðskiptavinum okkar á sem bestan hátt.

Árið 2017 tóku nýir umboðsaðilar við á Höfn í Hornafirði og Sauðárkróki. Þá bættum við umboðsaðila við á Blönduósi.

Starfsmenn félagsins hafa verið duglegir við að heimsækja umboðsaðila okkar og hafa ýmsir viðburðir verið haldnir í samstarfi við þá.

M.a. voru haldnir Vodafone dagar hjá öllum okkar stærstu umboðsaðilum en þá mætti söluráðgjafi frá Vodafone á staðinn og veitti bæði núverandi og nýjum viðskiptavinum ráðgjöf um fjarskipti heimilisins. Boðið var upp á kaffi og kökur ásamt því að viðskiptavinir gátu ýmist tekið þátt í happdrætti eða snúið lukkuhjóli og hlotið veglega vinninga.



Vildarklúbbur Vodafone




Vodafone VIP


Vodafone býður viðskiptavinum sínum afsláttarkjör hjá hinum ýmsu samstarfsaðilum í samstarfi við Icelandic Coupons. Þjónustan gengur undir nafninu Vodafone VIP en til að geta nýtt sér þjónustuna þurfa viðskiptavinir að vera með farsímamann hjá Vodafone.

Allt frá upphafi hefur viðskiptavinum staðið fjöldinn allur af tilboðum til boða – bæði á höfuðborgarsvæðinu og á ýmsum stöðum á landsbyggðinni. Við viljum að sjálfsögðu að allir geti fundið eitthvað við sitt hæfi og reynum því að hafa úrvalið eins fjölbreytt og kostur er.

VIP tilboðin eru uppfærð í hverjum mánuði og geta viðskiptavinir skráð sig á póstlista til að missa ekki af nýjstu tilboðunum.



Metronet



— Ljósleiðari
••••• Örbylgja

MetroNet Vodafone

Á undanföllum misserum hefur Vodafone og helstu samstarfsaðilar lagt kapp í að uppfæra búnað og endurnýja MetroNetið með nýjustu tækni sem völ er á, á þessu sviði.

Nýjungar í MetroNetinu

Grunnnetshluti kerfisins hefur að öllu leyti verið uppfærður og er grunnkerfið nú byggt á nýlegri búnaðarlínu frá einu stærsta framleiðanda netbúnaðar í heiminum, „Cisco Systems“. Þá varð hin svokallaða ASR lína fyrir valinu sem hefur leitt til þess að nú er MetroNet Vodafone samhæft við staðla og aðferðir sem gefnir eru út af MEF (Metro Ethernet Forum) sem eru alþjóðleg samtök þar sem m.a. búnaðarframleiðendur og fjarskiptanetsrekstraraðilar vinna sameiginlega að því að framþróun og stöðun á nýrri tækni sem hefur það að markmiði að stóruka sveigjanleika, öryggi og afköst og skalanleika netkerfa.

Kostir MetroNets eftir uppfærslur eru afköst og áreiðanleiki

Grunnet Vodafone hefur breyst úr því að vera byggt á ólíkum flutingslögum og búnaði frá nokkrum búnaðarframleiðendum yfir í tæknilega einsleitt kerfi. Afkastageta og skalanleiki er nú mun meiri en áður, þá er mikil áhersla á aðgreiningu á milli viðskiptavina í nýrri kynslóð netbúnaðar (Carrier Ethernet) sem hámarkar upplýsingaöryggi ásamt því að einfaldleiki og gagnsæi í netrekstri hefur aukist mikið sem leiðir til aukinnar hagkvæmni í rekstri.

Með uppfærslu MetroNetsins hefur eftirfarandi markmiðum verið náð:

- Margföldun á afkastagetu í formi bandviddar.
- Skalanleiki á bandvidd margfalt meiri.
- Skýrari og öruggari aðgreining á milli viðskiptavina til að hámarka upplýsingaöryggi.
- Enn meiri möguleiki á að forgangsraða gögnum og þjónustu.
- Aukið gagnsæi í rekstri netkerfa.
- Auðveldara að veita heildsöluþjónustu.
- Kostnaðarverð á bandviddareingingu stórlækkað.


Fjöldi hringtenginga styrkir netið

Eftir sem áður er nethögun MetroNetsins byggt upp á fjölda hringja (Multiple ringstructure) sem tryggir uppítíma í tilvikum eins eða fleiri rofs á flutningsleiðum í netkerfinu.

Við erum tilbúin fyrir framtíðina

Þá styður nýja búnaðarlínan svokallað SDN (Software Designed Network) hugmyndafræði sem gerir Vodafone kleift til að takast á við þær kröfur sem nútímafyrirtæki óska eftir sem vilja geta tengst hratt, örugglega og áhyggjulaust við Skýið eða við gagnaver hvort sem þau eru staðsett á Íslandi eða á öðrum stöðum í heiminum. Í slíkum lausnum geta kerfisstjórnendur fyrirtækja breytt netsamböndum, ýmiskonar upplýsingatækniþjónustu á þjónustuvefjum eða samtengt stýringu á slíkri þjónustu eða kerfum við eigin eftirlits og eða upplýsingakerfi. Því hefur aldrei verið auðveldara að samþætta netkerfi og upplýsingatækniþjónustu á einfaldan og öruggan hátt.

Hotspot lausn Vodafone



Vodafone Connect tengir þig við þína viðskiptavini

Vodafone Connect er hotspot lausn sem uppfyllir allar helstu þarfir og kröfur fyrirtækja sem vilja bjóða viðskiptavinum sínum upp á þráðlaust net.


Vodafone Connect hefur notið mikilla vinsælda á meðal viðskiptavina okkar og er hún er öflug, örugg og hagkvæm allt í senn. Þjónustan felst í því að notendur þiggja frítt internet hjá fyrirtækinu sem um leið eignast netfang, símanúmer eða Facebook-upplýsingar notandans. Með þessum upplýsingum byggja viðskiptavinir upp verðmætan gagnagrunn sem stækkar með degi hverjum. Gögnin má nýta til þess að byggja upp langvarandi samband við viðskiptavini og um leið stórauka líkur á framtíðarviðskiptum.

Vodafone Connect lausninni fylgir kerfi þar sem viðskiptavinir geta á einfaldan hátt sett innskráningarsíðu lausnarinnar í búning síns fyrirtækis og sýslað með innskráningarmöguleika að vild. Hágæða nettenging og búnaður tryggja traust og öruggt samband notenda. Staðarhaldarar geta flokkað gesti/notendur lausnarinnar eftir notkun þeirra. Hægt er að sjá hversu margir ganga framhjá, hversu margir stoppa við og hversu margir tengjast netinu. Þessar upplýsingar er hægt að kalla fram fyrir daginn, mánuðinn eða það tímabil sem hentar hverju sinni og þannig sjá hvernig fjöldi gesta breytist á tilteknum tíma. Einnig er hægt að sjá hvernig fólk ferðast um yfir daginn óháð því hvort tæki þeirra tengjast þráðlausa netinu eða ekki. Þessar upplýsingar eru settar á teikningar af svæði viðskiptavina og gefa stjórnendum netsins og markaðsfólki upplýsingar um umferð gesta í tilteknum hluta verslana eða bygginga.

Lausnin hentar öllum fyrirtækjum og sérstaklega spennandi er að segja frá vinsældum hennar hjá fyrirtækjum í ferðaiðnaði; veitingahúsum, hótelum, sundlaugum, gistiheimilum, söfnum og verslunum svo dæmi séu tekin. Til að hámarka virði gagnana sem safnast er Vodafone í samstarfi við Zenter á Íslandi sem býður viðskiptavinum upp á óteljandi möguleika við að nýta gögnin á hagnýtan hátt. Með samskiptatækjum Zenter má fjölga jákvæðum TripAdvisor meðmælum, framkvæma sjálfvirkar þjónustukannanir, heyra raddir ánægðra og óánægðra viðskiptavina, senda tilboð með tölvupósti eða sms-i svo fátt eitt sé nefnt.

Framtíðin er núna og með stöðugri vöruþróun og nýsköpun sér Vodafone til þess að vörur og þjónusta mæti ítrustu þörfum viðskiptavina hverju sinni.

Þjónusta Vodafone



Ánægja eykst stöðugt með þjónustu Vodafone

Með ánægju viðskiptavina að leiðarljósi leggur Vodafone ofur áherslu á að vinna í stöðugum úrbótum og sýna frumkvæði í samskiptum við viðskiptavini.

Allt frá árinu 2015 höfum við vikulega tekið púlsinn á viðskiptavina hópnum okkar með því að spyrja „Hversu líklegt er að þeir mæli með Vodafone“ og „Hvað það er sem við getum gert betur“. En við vitum að það er ekki nóg að spyrja, það er á sama tíma mjög mikilvægt að

vinna í úrbótum heilt yfir og gagnvart hverjum viðskiptavini fyrir sig. Svör viðskiptavina eru okkur ómetanleg, en þau gefa okkur tækifæri á að gera betur í dag en í gær.

Höfum við notað niðurstöðurnar til að gera betur, hvort sem það liggur í grunnkerfum eða þjónustu til viðskiptavina. Með þessari vinnu hefur okkur tekist að auka gæði vörunnar og ánægju viðskiptavina svo um munar.

Við höfum haft samband við mikinn fjölda viðskiptavina í kjölfar ábendinga um að þjónustan/varan virki ekki sem skyldi og farið í lagfæringar. Það hefur sannarlega borið árangur en ánægja þeirra með þjónustu Vodafone jókst í kjölfarið um rúm 50%.

Það var því virkilega ánægjulegt að sjá að við urðum hástökkvarar í Íslensku ánægjuvuginni annað árið í röð enda einlægt markmið okkar að auka ánægju viðskiptavina okkar.

ISO endurvottun



Upplýsingaöryggi í öndvegi

Vottun Fjarskipta hf. á Íslandi samkvæmt ISO-27001 staðlinum felur í sér formlega viðurkenningu á því að hjá félaginu sé upplýsingaöryggi stjórnað samkvæmt fyrirfram ákveðnum ferlum og fagleg vinnubrögð viðhöfð í hvívetna. Vottunin tryggir jafnframt stöðugar umbætur í upplýsingaöryggismálum og veitir þannig jákvætt aðhald.

Fjarskipti hlaut upphaflega vottun samkvæmt ISO-27001 staðlinum í júlí 2014 að undangenginni formlegri úttekt, sem er endurtekin árlega. Endurvottunin á árinu 2015 var hins vegar enn víðfemari en sú upphaflega og nær vottunin nú líka til stjórnkerfis upplýsingaöryggis fyrir verslanir, sjónvarp, radíódeild, einstaklings- og heildsölu Vodafone – til viðbótar við farsíma-, landlínu- og netþjónustu fjarskiptisins áður.

Endurúttektin var í höndum The British Standard Institution (BSI), sem rýndi m.a. í vinnulag, virkni og ferla innan fyrirtækisins, þ.á.m. vinnulag við skráningar, vinnslu, geymslu og eyðingu gagna auk fjölda annarra þátta í starfsemi.

Samfélagsábyrgð



Samfélagsábyrgð í verki

Fjarskipti hefur um árabíl sinnt samfélagsábyrgð í verki, bæði með því að styðja við samfélagsleg verkefni en líka með breytni sinni í innra skipulagi fyrirtækisins.

Samfélagsábyrgð Fjarskipta skiptist í þrjú áherslusvið: sameiginlegt virði, sjálfbærni og hlífni sem er dregið af sögninni að hlíta eða fara að reglum. Áherla er lögð á að hámarka jákvæð áhrif á umhverfið og samfélagið í heild og skapa þannig sameiginlegt virði fyrir félagið og alla hagsmunaaðila.

Fjarskipti sýnir samfélagsábyrgð í verki með því að sinna hlutverki sínu af fagmennsku og ábyrgð. Félagið leggur sitt af mörkum við uppbyggingu og framþróun samfélagsins með því að veita mikilvæga þjónustu og stuðla að virkri samkeppni á markaðnum og


styður við nýsköpun og vinnur með íslenskum frumkvöðlum og nýsköpunarfyrirtækjum. Má þar sem dæmi nefna viðskiptaþróunarkerppina Stökkpallinn sem Vodafone stofnaði í tengslum við Startup Iceland ráðstefnuna 2016. Vodafone var einnig einn af stofnaðilum viðskiptahraðalsins Startup Tourism en honum er ætlað að stuðla að faglegri undirstöðu hjá nýjum fyrirtækjum í ferðaþjónustu og dreifingu ferðamanna í kringum landið.

Vodafone er einn aðalstyrktaraðili Slysavarnarfélagsins Landsbjargar og bakhjarl KSÍ. Vodafone hefur einnig unnið náið með UN Women á Íslandi og Unicef, Barnahjálpi sameinuðu þjóðanna. Fjarskipti hefur hlotið gullmerki jafnlaunaúttektarv PwC á Íslandi sem staðfestir að munur á launum karla og kvenna hjá Fjarskiptum er minni en 3,5%. Í

greiningu PwC er tekið tillit til áhrifa aldurs, starfsaldurs, fagaldurs, menntunar, starfshóps, stöðu gagnvart jafningjum, hæfniviðmiðs, stöðu í skipuriti og mannaforráða. Upplýsingaöryggi er mikilvægur þáttur í starfsemi Fjarskipta. Við erum með stefnu varðandi upplýsingaöryggi og leitast félagið eftir opnum og gagnsæjum samskiptum við alla hagsmunaaðila. Félagið leitast við að lágmarka þær persónuupplýsingar sem falla til í starfseminni auk þess að skilgreina nákvæmlega rafræn spor viðskiptavina og standa vörð um þær upplýsingar.

Fyrir tæpum tveimur árum var unnið með öllu starfsfólki að stefnu í samfélagsábyrgð. Þau áherslusvið sem urðu fyrir valinu eru afrakstur þeirrar vinnu. Við erum mjög ánægð með hvernig til tókst enda skiptir það okkur höfuð

VIÐ ERUM FÉLAGAR
 **FESTA**
 Samfélagsábyrgð
 fyrirtækja



Yfirlit

Árið 2017

Úr starfsemiinni

Ársreikningur



Stökkpallurinn



**SLYSAVARNAFÉLAGID
 LANDSBJÖRG**





**Jafnlaunaúttekt
 PwC 2017**

máli að starfsfólkið sjálft tengi við stefnuna. Fjarskipti styður starfsfólk í að stunda vistvænar samgöngur og veitir samgöngustyrk sem fólk er duglegt að nýta sér en almenningssamgöngur eru mjög aðgengilegar til og frá nýju höfuðstöðvunum á Suðurlandsbrautinni. Við skrifuðum undir loftslagsfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna og vinnum eftir henni. Við leggjum mikinn metnað í að flokka sorp rétt og notum eingöngu fjölnota umbúðir og bolla. Við höfum minnkað matarsóun verulega m.a. með því að nota minni matardiska. Í nýju höfuðstöðvunum er mikil áhersla lögð á góð birtuskilyrði og hljóðvist og við eflum lýðheilsu með vönduðum skrifborðsstólum og stillanlegum skrifborðum. Ákveðið var að vera eingöngu með Led-perur með tilliti til endingar, ljósgæða, hagkvæmni og áhrifa á umhverfið.

Fjarskipti fékk viðurkenningu sem Fyrirmyndarfyrirtæki í góðum stjórnarháttum þriðja árið í röð en Fjarskipti var fyrst fyrirtækja á Íslandi til að innleiða tilnefningarnefnd vegna hæfismats á stjórnarmönnum. Góðir stjórnarhættir leiða afsér betri rekstur og fyrirtæki fá viðurkenningu sem Fyrirmyndarfyrirtæki í góðum stjórnarháttum eftir úttekt sérstakra úttektaraðila. Við leggjum einnig áherslu á aukna sjálfbærni og leggjum mikið upp úr því að halda jafnvægi á milli efnahags, umhverfis og samfélags auk þess að hlíta íslenskum lögum, reglum og hafa almenn viðmið í heiðri.

Vinnustaðurinn





Hey í Føreyjum

Vit eita nú



Grunnur lagður að vexti á ný

Árið 2017 tók Vodafone í Føreyjum þá ákvörðun að breyta vörumerki félagsins úr Vodafone Føreyjar í Hey. Þetta er gert til að styrkja framtíðar stefnumótun fyrirtækisins en nýtt vörumerki var tekið í gagnid á fyrstu vikum nýs árs 2018.

P/F Hey styrkti markaðsstöðu sína allt árið 2017 og jók fjölda viðskiptavina bæði í farsíma- og internet áskriftum. Markaðsaðstæður voru áfram erfiðar og því var áfram mikið aðhald í rekstri og voru fleiri skref tekin á árinu til að draga úr kostnaði og til að bæta samkeppnishæfni félagsins. Jákvæðar afleiðingar þessara aðgerða auk jákvæðra reglugerðabreytinga leiða til frekari kostnaðarlækkunar á árinu 2018 og þannig stuðla að EBITDA vexti að ný.

Niðurstöður ársins 2017 endurspeglu krefjandi starfsumhverfi, neikvæð áhrif vegna lægri meðaltekna af hverjum viðskiptavini í samanburði við árið 2016 og nokkra heildsölu kostnaðaraukningu vegna innviðauppgildingar í dreifikerfi heima fyrir á árinu. Rekstrarhagnaður 2017 er 24 milljónir danskra króna, sem er minnkun um tvær og hálf milljón danskra króna árið áður.

Skortur á viðeigandi aðskilnaði heildsölu- og smásöluveininga hins ríkisrekna markaðsráðandi fjarskiptafélags Føroya Tele (FT) skapar að mati félagsins verulega skakkt samkeppnisumhverfi á færeyska fjarskiptamarkaðnum. Þessi skortur á viðeigandi aðskilnaði heildsölu- og smásöluveininga gefur hinu markaðsráðandi fyrirtæki færi á að viðhalda óeðlilega háu heildsöluverði á nauðsynlegum vörum fyrir Hey, svo sem aðgangi að fastlínuinnviðum FT.

Tekjur án tillits til vaxtagreiðslna og vaxtatekna, skattgreiðslna og afskrifta (EBITDA) minnkuðu úr 10,9 milljónum danskra króna í 9,8 milljónir danskra króna á milli árána 2016 og 2017.

Aðgerðir til að bæta samkeppnisumhverfið í Føreyjum

Til að frjálts samkeppni skili sér til langs tíma til neytenda er mikilvægt að fyrirtæki í samkeppni keppi á jafnræðisgrunni, og þar hefur þróun á færeyskum fjarskiptamarkaði verið hægari en á öðrum evrópskum mörkuðum. P/F Hey fagnaði því aðgerðum stjórnvalda á árinu 2017 til að bæta samkeppnisstöðu smærri fjarskiptafyrirtækja. Helst ber þar að nefna verðákvæðanir sem munu valda

lækkun á kostnaði við leigu á svörtum ljósleiðara svo og afvöndlun á mikilvægum upplýsingatæknivörum við fjarskiptavörur FT. Þessar aðgerðir eru að mati Hey til marks um jákvæða þróun á markaðsaðstæðum. Enn er þó langur vegur frá því að frjálst og sanngjarnt samkeppnisumhverfi sé til staðar á færeyska fjarskiptamarkaðnum og líklegt að áfram verði hrindranir til staðar þar til fullur aðskilnaður hefur orðið milli samkeppnisrekstrar og einokunarrekstrar FT. Aðeins fullur aðskilnaður tryggir jafnt aðgengi og frjálsta samkeppni neytendum í Føreyjum til hagsbóta.

Stækkun í 4G

Farið var í mikilvægar fjárfestingar á 4G dreifikerfi Hey á árinu 2017 samkvæmt langtímafjárfestingaráætlun fyrirtækisins. Áfram verður fjárfest í uppbyggingu 4G kerfisins á árinu 2018.

Vodafone Group



Yfirlit

Árið 2017

Upphafsmarkaður

Ársreikningur

Gott samstarf við Vodafone Group

Vodafone á Íslandi og Vodafone Group áttu áfram í miklu og góðu samstarfi á árinu 2017. Samstarf félaganna tekur á sig ýmsar myndir en auk samstarfs á sviði tækni, innkaupa, vöru og þjónustu, náði það á árinu 2017 einnig til ráðgjafar og þjónustu vegna GDPR innleiðingar svo og ráðgjafar í tengslum við uppbyggingu innviða.

Mikilvægt samstarf á sviði tækni, vöru og þjónustu

Samstarfið við Vodafone Group sýnir sig vel í tengslum við uppbyggingu 4G reikþjónustu Vodafone á Íslandi. Félagið varð fyrst til að kynna þessa þjónustu á markað fyrir viðskiptavinum á ferð í völdum löndum á árinu 2015, og erlenda ferðamenn frá sömu löndum á leið um Ísland. Í lok árs 2017 var félagið enn í leiðandi stöðu hér á landi með 4G reikisamninga við yfir 50 lönd. Mun þeim halda áfram að fjölga á árinu 2018.

Vodafone símtæki hafa verið vinsæl í verzlunum Vodafone á Íslandi síðustu árin, enda um að ræða öfluga farsíma á afar hagstæðu verði, framleidda sérstaklega fyrir Vodafone með gæðakröfum Vodafone,

Í samstarfi við Vodafone Group og Huawei,

gangsetti Vodafone fyrsta NB-IoT sendinn á Íslandi á haustráðstefnu Advania í september, og sýndi þar dæmi um notagildi þessarar snjöllu IoT tækni, sem Vodafone á Íslandi mun halda áfram að leiða á Íslandi á árinu 2018. Varla þarf að taka fram að Vodafone Group er leiðandi í þróun NB-IoT á heimsvísu. Með Vodafone GDSP stýringartólinu sem Vodafone á Íslandi hefur innleitt fyrir sína viðskiptavinum, er búið að ryðja brautina fyrir miklar framfarir næstu ára í samskiptum tækjanna, sem mun auka framleiðni og flýta þjónustu þeirra fjölmörgu fyrirtækja sem Vodafone á Íslandi hefur sem viðskiptavinum.

Vodafone á Íslandi gerðist fyrsta sjálfstæða fyrirtækið undir merkjum Vodafone Group til að bjóða íslenskum fyrirtækjum í alþjóðlegri starfsemi fjarskiptalausnir bæði hér á landi og erlendis. Það sama á einnig við um erlenda viðskiptavinum Vodafone Group sem hafa eða hyggja á starfsemi hér á landi. Um er að ræða nýja alþjóðlega fyrirtækjalausn Vodafone Group sem gerir íslenskum fyrirtækjum í alþjóðlegri starfsemi kleift að sameina fjarskiptaviðskipti sín hjá einum aðila og njóta þannig enn betri þjónustu og hagkvæmni í innkaupum.

Á tæknihlíðinni hefur samstarfið í fastlínubjónustu verið að aukast og hóf Vodafone á Íslandi í samstarfi við Vodafone Group að bjóða Vodafone One Net Business alþjóðlega skýjalausn sem samþættir fastlínu, farsíma, starfsstöð og snjalltæki að fullu í einu einföldu umhverfi. Aukin umsvif Vodafone Group á þessu sviði hafa leitt til þess að samstarf félaganna á tæknihlíðinni hefur átt enn meiri samleið en áður. Sem dæmi má hér nefna samstarf á sviði gagnatenginga, útboð í símtöðvum fyrir fastlínu, ráðgjöf í gagnaver- og sæstrengja málum og fleira.

Öflugt samstarf á sviði upplýsingaöryggismála

Gott samstarf Vodafone á Íslandi við Vodafone Group á sviði net- og upplýsingaöryggismála hélt áfram. Sem eitt öflugasta fjarskiptafyrirtæki í heimi býr Vodafone Group að ómældri reynslu og þekkingu á öryggismálum. Samstarf fyrirtækjanna tveggja á sviði upplýsingaöryggismála hefur nú þegar skilað viðskiptavinum Vodafone áþreifanlegum árangri og mun áfram koma íslenskum fyrirtækjum og samfélagi til góða.

Svipmyndir frá árinu



Morgunfundir Vodafone
Morgunverðarfundir Vodafone um möguleika snjalltækninnar og hlutanetsins (IoT) voru vinsælir á árinu hjá mismunandi starfsstéttum.



Eintæg aðdáun
Eurovision-stjarnan Svala Björgvins heimsótti verslun Vodafone í Krínglunni og spjallaði við aðdáendur, sat fyrir á myndum, gaf eiginhandararitun og tók lagið.



Árshátíð Vodafone
Mikil gleði var á árshátíð Vodafone sem haldin var að þessu sinni á veitingastaðnum Hard Rock en þrátt fyrir glys og glimmer var stemningin skiljanlega mjög rokkuð.



Golfmót Vodafone
Starfsfólk Vodafone sýndi meistaratakt á árlegu golfmóti fyrirtækisins sem haldið var í blíðskaparveðri.



Traustur bakhjarl
Landsbjörg kom í heimsókn með stærri gerðina af Neyðarkallinum en slíkan grip fá þeir sem eru traustir bakhjarlar slysavarnarfélagsins.




Öskudagur
Litadýróð og frumlegheit einkenndu Öskudaginn að vanda og syngjandi glaðir gestir verslana Vodafone fóru ekki tómhentir heim.



Skreytum hús með greinum grænum
Fyrstu jólnunum var fagnað í nýjum höfuðstöðvum og sumir voru greinilega í aðeins meira hátíðarskapi en aðrir.




Innflutningspartý á Suðurlandsbrautinni
Starfsfólk Fjaraskipta og makar þess mættu á haustdögum í innflutningspartý á Suðurlandsbrautinni og áttu saman notalega stund.



Workplace kynnt til sögunnar
Samskiptavefurinn Workplace by Facebook var tekinn í gagnið á árinu og hefur auðveldað samskipti starfsfólks til muna. Mikið fjór var í gömlu höfuðstöðvunum í Ármúla við innleiðinguna.



Fjölmörg handtök
Sennilega eru þau nær óteljandi handtökin sem unnin voru við flutningana á Suðurlandsbraut en þar stóð starfsfólk félagsins vaktina með sóma.



Líf og fjör á UTmessu
UTmessan er einn stærsti viðburður ársins í upplýsingatæknigeiranum og hefur verið haldin árlega frá árinu 2011. Bás Vodafone var að venju vel sóttur enda glæsímenni í móttökunni.

Gengi á markaði 2017

Gengi á markaði 2017

Töluverð hreyfing var á hlutabréfaverði félagsins á árinu og markaðir líflegir. Gengi félagsins fór úr í 51,0 í lok árs 2016 í 67,8 við lok árs 2017 sem er tæplega 32,9% hækkun milli ára.

Alls nam velta með bréf í félaginu tæplega 23,6 milljörðum króna á árinu 2017, í alls 859 viðskiptum. Mest var velta með bréf félagsins í febrúar og október, en heildarvelta hvors mánaðar fyrir sig nam rúmlega 3 milljörðum króna.

Útgáfa nýs hlutafjár

Útgefið hlutafé félagsins í upphafi árs nam 2.725 m.kr. Á seinni hluta árs gaf félagið út nýtt hlutafé að nafnverði 239 m.kr. í tengslum við kaup félagsins á rekstrarhluta og tilteknum eignum 365 miðla hf. Einnig afhenti félagið eigin bréf að nafnverði 85 m.kr. Í árslok 2017 á félagið engin eigin bréf og er útistandandi hlutafé félagsins því 2.964 m.kr.



20 stærstu hluthafar 31. desember 2017

Gildi - lífeyrissjóður	11,9%	Festa - lífeyrissjóður	2,6%
Lífeyrissjóður verslunarmanna	10,9%	Lífsverk lífeyrissjóður	2,6%
365 miðlar hf.	9,9%	Sjóvá-Almennar tryggingar hf.	2,4%
Lansdowne Partners Limited	9,2%	Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins A deild	2,0%
Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins A deild	6,0%	Stefnir - Samval	1,9%
Ursus ehf.	5,9%	Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda	1,8%
Stapi lífeyrissjóður	5,9%	Júpíter - Innland hlutabréf	1,8%
Birta lífeyrissjóður	4,4%	Arion banki hf.	1,7%
Tryggingamiðstöðin hf.	3,9%	Kvika banki hf.	1,5%
IS Hlutabréfasjóðurinn	3,1%	TM fé ehf.	1,0%

Ársfjórðungsyfirlit

1F

Fyrsti ársfjórðungur 2017

Uppgjör fyrsta fjórðungs skilaði 8% aukningu í EBITDA rekstrarhagnaði frá fyrra ári þar sem hagræðingaraðgerðir félagsins höfðu meðal annars tilætluð áhrif. Af starfseminni á Íslandi er enn meiri viðsnúningur þar sem EBITDA óx um 14% á milli ára. Sjónvarpstekjur jukust um 8% frá fyrsta ársfjórðungi árið áður í tengslum við sjónvarpsþjónustu félagsins á Íslandi en þrátt fyrir jákvæða þróun í heildarfjölda farsímaviðskiptavina lækka heildartekjur frá fyrra ári einkum vegna verðlækkana árið 2016. Tekjur farsíma á Íslandi sýndu viðsnúning og það sama átti við internettekjur. Af lækkun tekna eiga Færeysjar helming lækkunar sem tengist verðsamkeppni á þeim markaði á árinu 2016.

Í mars undirrituðu Fjaraskipti hf. og 365 miðlar hf. samning um kaup Fjaraskipta á öllum eignum og rekstri 365 miðla, að undanskildum eignum er varða útgáfu Fréttablaðsins. Hinar keyptu eignir eru meðal annars fjaraskipta-, sjónvarps- og útvarpsrekstur 365 miðla auk vefmiðilsins Vísis. Kaupin voru gerð með fyrirvara um samþykki Samkeppniseftirlitsins og eftir atvikum annarra eftirlitsaðila.

Á fjórðungnum settu Huawei og Vodafone á Íslandi af stað tilraunaverkefni í svokallaðri Narrowband Internet of Things (NB-IoT) tækni, sem gerir Íslendingum kleift að vera meðal leiðandi þjóða í hlutanetsbyltingunni á næstu árum.

Creditinfo staðfesti í janúar að Fjaraskipti hf. væru í hópi framúrskarandi fyrirtækja á Íslandi árið 2016.

2F

Annar ársfjórðungur 2017

Rekstur annars fjórðungs gekk ágætlega og hækkaði EBITDA um 1% frá síðasta ári. Mjög góður gangur var í rekstrinum í apríl og maí en lækkun reikitekna í júní í tengslum við innleiðingu á Roam like Home innan EES hafði neikvæð áhrif. Innleiðing Roam like Home dró þannig úr aukningu rekstrarhagnaðar á fjórðungnum en vöxtur í tekjum af sjónvarpsstarfsemi félagsins og mikill árangur í lækkun rekstrarkostnaðar skilaði engu að síður ágætu uppgjöri.

Viðskiptavinir Vodafone sem ferðuðust í Evrópu innan landa EES juku gagnamagnsnotkun sína mun meira en þeir viðskiptavinir Íslenskra fjaraskiptafélaga sem ferðuðust til Íslands. Viðskiptavinir Vodafone juku meðal gagnamagnsnotkun um 351% sem er næstum tvöfalt meira en aukning meðal gagnamagnsnotkunar viðskiptavina evrópskra fjaraskiptafyrirtækja á kerfum Vodafone á Íslandi sem var 160%. Þessi notkun Íslendinga var mun meiri en forsendur höfðu gert ráð fyrir og kostnaður félagsins jókst nokkuð af þessari breytingu. Áhrif afnáms reikis í Evrópu mun hafa þau áhrif á fyrirtækið að árstíðasveifla í rekstrinum mun minnka þar sem ekki koma sérstakar tekjur af ferðalögum viðskiptavina í Evrópu.

Vodafone á Íslandi gerði í maí samning við Samsung, einn stærsta raftækjaframleiðanda í heimi, um kaup á næstu kynslóð myndlykla fyrir Vodafone Sjónvarp. Nýi myndlykillinn mun einfalda lífið fyrir notendur þar sem ein fjarstýring virkar fyrir bæði sjónvarpstæki og myndlykil.

Föstudagurinn 23. júní 2017 var stór dagur í sögu Fjaraskipta því þá opnuðu nýjar höfuðstöðvar fyrirtækisins við Suðurlandsbraut 8 ásamt nýrri og glæsilegri verslun á 1. hæð hússins.

3F

Þriðji ársfjórðungur 2017

Rekstur þriðja fjórðungs einkenndist af áhrifum af reglugerðarbreytingu í reiki, Roam like Home, sem hafði umtalsvert neikvæð áhrif á farsímatekjur félagsins borið saman við sama tímabil 2016. Áhrif reglugerðarbreytingarinnar skýrir þannig alla lækkun EBITDA á tímabilinu og rúmlega það miðað við sama tímabil árið áður. Áhrif breytingarinnar gættu mest á þriðja fjórðungi sem hefur verið lang stærsti reikifjórðungur vegna ferðalaga viðskiptavina og munu áhrifin vera hlutfallslega minni á öðrum fjórðungum. Ágætis gangur var í sjónvarpstekjum félagsins á fjórðungnum með áframhaldandi vexti á milli ára og hefur vöxtur í sjónvarpstekjum verið viðvarandi á milli fjórðunga síðustu árin.

Það var stór áfangi á fjórðungnum þegar sátt náðist við Samkeppniseftirlitið um kaup á fjölmiðla- og fjarskiptahluta 365 að undanskildu Fréttablaðinu og Glamour með skilyrðum. Í sáttinni fólst að Samkeppniseftirlitið heimilaði kaup Fjarskipta hf. á tilteknum eignum og rekstri 365 miðla hf. gegn skilyrðum, meðal annars að ráðast í aðgerðir til að tryggja samkeppni á fjarskipta- og fjölmiðlamarkaði og fjölbreytni á fjölmiðlamarkaði.

Fjarskipti hlaut Gullmerki jafnlaunaúttektar PwC á Íslandi í byrjun september og stuttu síðar einnig Hvatningarverðlaun jafnréttismála, en markmiðið með þeim er að vekja jákvæða athygli á fyrirtækjum sem hafa sett jafnrétti á oddinn og jafnframt hvetja önnur fyrirtæki til að gera slíkt hið sama.

4F

Fjórði ársfjórðungur 2017

Það var mjög ánægjulegt að enda árið 2017 á að sameina tvær öflugar einingar í eina, það er Fjarskipti hf. og ljósvakamiðla- og fjarskiptahluta 365 miðla. Þó aðeins sé um einn mánuð af sameiginlegum rekstri að ræða má glöggst sjá sterk jákvæð áhrif sem munu halda áfram að skila sér af meiri krafti næstu fjórðunga og ár. Þrátt fyrir mikið álag og vinnu innan fyrirtækisins síðustu mánuði hefur allt gengið að óskum og eftir þeim áætlunum sem lagðar voru til grundvallar kaupunum. Stefnt er að sameiningu alls fyrirtækisins að Suðurlandsbraut á árinu 2018. Þangað mun mikilvæg og leiðandi fjölmiðlastarfsemi á borð við Stöð 2, Bylgjuna og Vísi meðal annars flytjast og starfsfólk fær frábæra vinnuaðstöðu en um er að ræða nýtt upphaf nýs fyrirtækis í nýju skipulagi.

Vodafone lagði áfram árið 2017 mikla áherslu á útbreiðslu þegar kemur að 4G kerfi sínu og nær kerfið nú til um 170 þúsund ferkílómetra á landi og sjó sem er mesta útbreiðsla 4G farsímakerfis á Íslandi en kerfið nær til um 98% landsmanna eftir búsetu.

Nýtt og betra Vodafone Sjónvarp var kynnt til sögunnar í nóvember. Uppfærslur voru framkvæmdar í nokkrum áföngum. Með uppfærslunni var komið til móts við óskir og ábendingar sem fram komu í notendapröfunum. Uppfærslan snýr einna helst að endurhönnun útlits og bættu notendaferðalagi viðskiptavina.

Framkvæmdastjórn

Framkvæmdastjórn og aðallögfræðingur Fjarskipta hf.

Framkvæmdastjórn félagsins ber ábyrgð á daglegum rekstri þess og fylgni við rekstraráætlanir.



Stefán Sigurðsson er forstjóri Fjarskipta. Stefán tók við stöðu forstjóra í maí 2014. Áður var hann framkvæmdastjóri VÍB, Eignastýringarsviðs Íslandsbanka, auk þess að eiga sæti í framkvæmdastjórn, viðskiptanefnd og fjárfestingarráði bankans og öðrum undirnefndum. Stefán er hagfræðingur frá Háskóla Íslands, með meistaragráðu í sama fagi frá Kaupmannahafnarháskóla, og býr að mikilli reynslu af rekstri, stefnumótun og innleiðingu, uppbyggingu sölu og þjónustu, til einstaklinga, fyrirtækja og fjárfesta. Stefán situr í stjórn Viðskiptaráðs Íslands.



Björn Víglundsson er framkvæmdastjóri miðla, þar áður sölu- og þjónustusviðs. Björn hefur starfað hjá Fjarskiptum frá árinu 2005. Í fyrstu sem framkvæmdastjóri markaðs- og vörumótunarviðs og í kjölfarið sem framkvæmdastjóri einstaklingssviðs. Áður hafði Björn starfað sem framkvæmdastjóri markaðs- og vörumótunarviðs hjá P. Samúelssyni og hjá Tryggingamiðstöðinni. Björn er með BS-gráðu í markaðs- og viðskiptafræði frá University of Tampa.



Hrönn Sveinsdóttir er framkvæmdastjóri fjármála og rekstrar, hún hóf störf hjá Fjarskiptum árið 2005 sem framkvæmdastjóri fjármálsviðs. Hrönn starfaði áður hjá P. Samúelssyni hf. /Toyota frá árinu 1992, fyrst sem deildarstjóri reikningshalds og frá árinu 1999-2005 sem framkvæmdastjóri Fjármála og starfsmannsviðs, auk þess hefur Hrönn setið í stjórn fjölda fyrirtækja. Hrönn lauk prófi sem viðskiptafræðingur Cand. Oecon af endurskoðunarviði frá Háskóla Íslands árið 1992.



Kjartan Briem er framkvæmdastjóri tækni og innviða. Kjartan hefur starfað hjá Fjarskiptum frá stofnun félagsins í núverandi mynd. Frá 2009 hefur hann farið fyrir tæknisviði félagsins en fyrir það var hann forstöðumaður notenda- og símkerfa þess. Kjartan starfaði sem forstöðumaður og framkvæmdastjóri hjá Íslandssíma frá árinu 2000 og fyrir það um fjögurra ára skeið hjá Símanum. Kjartan er með MSc-gráðu í rafmagnsverkfræði frá Danmarks Tekniske Universitet.



Páll Ásgrímsson er aðallögfræðingur Fjarskipta, en undir hann heyra einnig gæða- og öryggismál, samskiptamál, aðfangastýring og verkefnastýring. Páll kom til starfa hjá Vodafone 2014 en áður var hann einn af eigendum lögfræðistofunnar Juris. Hann er reynslumikill lögmaður á sviði félagaréttar, auk þess að hafa sérhæft sig á sviði fjarskipta-, upplýsingatækni- og samkeppnisréttar. Um árabíl starfaði Páll sem forstöðumaður og síðar framkvæmdastjóri lögfræðisviðs Símans (síðar Skipta) auk þess að búa að reynslu frá EFTA og ESA í Brussel og Samkeppnisstofnun. Páll hefur auk þess setið í stjórnum ýmissa fyrirtækja innan fjarskiptageirans, t.d. Símans hf., Milu ehf., FARICE hf. og Skjásins ehf.



Ragnheiður Hauksdóttir er framkvæmdastjóri einstaklinga. Ragnheiður hefur starfað hjá Fjarskiptum frá 2004. Fyrst sem forstöðumaður fyrirtækjalausna, síðan forstöðumaður þjónustuværs og nú síðast forstöðumaður notendakerfa á tæknisviði. Ragnheiður er menntaður viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands.



Þorvarður Sveinsson er framkvæmdastjóri fyrirtækja og þróunar. Þorvarður hefur starfað hjá Fjarskiptum frá 2015 og leitt stærri þróunarverkefni félagsins sem yfirmaður stefnumótandi verkefna og er stjórnarformaður Hey í Færeyjum. Áður starfaði Þorvarður að þróunarmálum hjá Skiptum og Klakka og sem verkefnastjóri hjá Kögun auk þess að hafa setið í stjórnum fjölda fyrirtækja. Þorvarður er menntaður fjarskiptaverkfræðingur frá Harvard University.

Stjórn

Stjórn Fjarskipta hf.

Stjórn félagsins ásamt forstjóra fer með æðsta vald í málefnum félagsins milli hluthafafunda og ber meginábyrgð á rekstri þess. Ásamt forstjóra hefur hún forystu um að móta stefnu, setja markmið og áhættuviðmið félagsins, bæði til skemmri og lengri tíma.

Stjórn Fjarskipta vinnur eftir siðareglum félagsins en þær má nálgast á vef Vodafone, www.vodafone.is.



Heiðar Guðjónsson, stjórnarformaður, er fæddur árið 1972 og er að aðalstarfi framkvæmdastjóri eigin fjárfestingarfélags, Ursus ehf. Hann var fyrst kosinn í stjórn félagsins 11. apríl 2013. Heiðar hefur lokið prófi í hagfræði frá Háskóla Íslands. Hann situr einnig í stjórn Ursus ehf., Köldukvíslar hf., Innviða fjárfestinga slhf. og HS Veitna. Heiðar á ekki eignarhlut í félaginu en fjárhagslega tengdur aðili honum, Ursus ehf., átti 5,88% hlut í félaginu í árslok 2017.



Anna Guðný Aradóttir er fædd árið 1956 og er að aðalstarfi forstöðumaður markaðs- og samskiptamála Samskipa hf. Hún var fyrst kosin sem varamaður í stjórn félagsins 29. ágúst 2012, en varð síðan aðalmaður í stjórn félagsins 9. nóvember 2012. Hún hefur lokið viðskipta- og rekstrarnámi frá Háskóla Íslands og hefur MBA gráðu frá Háskólanum í Reykjavík. Anna Guðný situr í stjórn Lyfja & heilsu hf. og Faxe ehf. Anna Guðný á ekki eignarhlut í félaginu.



Hildur Dungal, varaformaður stjórnar, er fædd árið 1971 og er starfandi lögfræðingur hjá dómsmálaráðuneytinu og formaður stýrihóps stjórnvalda um aðgerðir gegn peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Hún var fyrst kosin varamaður í stjórn félagsins 9. nóvember 2012 en síðan aðalmaður í stjórn félagsins 11. apríl 2013. Hildur hefur lokið embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands. Hún er einnig varaformaður stjórnar Origo hf. og varamaður stjórnar Bankasýslunnar. Hildur á ekki eignarhlut í félaginu.



Hjörleifur Pálsson er fæddur árið 1963. Hann var fyrst kosinn í stjórn félagsins 11. apríl 2013. Hjörleifur er viðskiptafræðingur að mennt, útskrifaður með Cand Oecon gráðu frá Háskóla Íslands 1988. Hann hlaut löggildingu til endurskoðunarstarfa árið 1989. Hjörleifur er stjórnarformaður og formaður háskólaráðs í Háskólanum í Reykjavík, stjórnarformaður OK eignarhaldsfélags hf. og dótturfélaga (Rafnar ehf. ofl.) situr í fjárfestingarráði Akurs fjárfestinga slhf., í stjórn Brunns vaxtarsjóðs slhf., hann er jafnframt í stjórn lyfjafyrirtækjanna Florealis ehf. og Lotus Pharmaceutical Co., Ltd í Taiwan auk þess að sitja í stjórn Ankra ehf. Hjörleifur var framkvæmdastjóri fjármálasviðs Össurar frá 2001 til 2013 og frá 1989 til 2001 hluthafi og endurskoðandi hjá Deloitte og forverum þess. Hjörleifur á ekki eignarhlut í Fjarskiptum hf.



Yngvi Halldórsson var kjörinn aðalmaður í stjórn félagsins á aðalfundi 2017 en hafði áður verið varamaður. Yngvi Halldórsson er fæddur árið 1977. Yngvi, sem er með B.S. gráðu í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands, er að aðalstarfi eigandi og partner í fjárfestingafélaginu Icora Partners GP sem rekur m.a. framtakssjóðinn Umbreytingu. Yngvi starfaði hjá Össur frá árinu 2008 til 2018 og gengdi þar ýmsum störfum. Síðast sem CIO and VP of Global Business Services. Árin 2006-2008 var Yngvi sjóðsstjóri erlendra hlutabréfasjóða hjá Landsvaka ehf. en þar áður stýrði hann innleiðingum og samþættingum á upplýsingakerfum Össur Americas. Á árunum 2000-2005 starfaði Yngvi sem ERP Ráðgjafi í Dynamics Nav hjá Maritech ehf. Yngvi átti 0,01% í félaginu í árslok 2017.

Skipurit

FORSTJÓRI
Stefán Sigurðsson

AÐALLÖGFRÆÐINGUR
Páll Ásgrímsson

MÍÐLAR
Björn Víglundsson

EINSTAKLINGAR
Ragnheiður Hauksdóttir

FYRIRTÆKI & ÞRÓUN
Þorvarður Sveinsson

FJÁRMÁL & REKSTUR Hrönn Sveinsdóttir

TÆKNI & INNVIÐIR Kjartan Briem

Fjarskipti hf.
Ársreikningur samstæðunnar
2017

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Fjarskipti hf. er félag í fjarskipta- og fjölmiðlastarfsemi. Félagið býður einstaklingum, fyrirtækjum, stofnunum og opinberum aðilum alhliða fjarskiptaþjónustu undir vörumerkinu Vodafone. Félagið sinnir auk þess efnis- og fréttamiðlun gegnum ljósvakamiðla félagsins undir vörumerkjum Stöðvar 2, Stöðvar 2 Sport, Bylgjunnar, FM957 og X-ins977 ásamt því að halda úti efnis- og fréttaveitunni Vísi og fleiri miðlum.

Ársreikningur samstæðunnar fyrir árið 2017 er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur sem koma fram í íslenskum lögum og reglum um ársreikninga skráðra félaga. Ársreikningurinn hefur að geyma samstæðureikning Fjarskipta hf. og dótturfélaga þess, P/F Kall í Færeyjum, Ljósleiðarafélagsins ehf., Miða.is ehf., hlutdeild í OZ-365 ehf. og hlutdeild í sameiginlegum rekstri í Sendafélaginu ehf.

Rekstur og fjárhagsleg staða 2017

Þann 14. mars 2017 undirrituðu Fjarskipti hf. og 365 miðlar hf. samning um kaup á rekstrarhluta og nánar tilgreindum eignum 365 miðla hf., að undanskildum eignum er varða útgáfu Fréttablaðsins og tímaritsins Glamour. Samkeppnisefirlitið samþykkti kaupin með skilyrðum þann 9. október 2017. Fjarskipti hf. tóku við eignum og rekstri 1. desember 2017 sem eru því hluti af samstæðuuppgjöri Fjarskipta hf. frá þeim tíma, sjá nánar í skýringu 32.

Reglugerð Evrópusambandsins um afnám reikigjalda tók gildi á Íslandi þann 15. júní 2017. Reiki í Evrópu er innfallið í allri farsímaþjónustu Vodafone og geta viðskiptavinir notað símtæki sín í Evrópu eins og á Íslandi án viðbótarkostnaðar, á það við um farsíma- og netáskriftir. Neikvæðra áhrifa á tekjur gætir helst á þriðja fjórðungi ársins. Huawei og Fjarskipti hf. settu af stað tilraunaverkefni í svokallaðri "Narrowband Internet of Things" (NB-IoT) tækni, sem gerir Íslendingum kleift að vera meðal leiðandi þjóða í tækjanetsbyltingunni á næstu árum. Nýjar höfuðstöðvar Fjarskipta opnuðu á árinu 2017 að Suðurlandsbraut 8 ásamt nýrri og glæsilegri verslun. Flutningur starfseminnar markar nýtt upphaf hjá Fjarskiptum og innleiðingu á nýju, nútímalegu og sveigjanlegu vinnuumhverfi, BESTA, sem unnið er að forskrift Vodafone Group. Fjarskipti hf., hlaut viðurkenningu sem „Fyrirmyndarfyrirtæki í góðum stjórnarháttum“ þriðja árið í röð en það er Rannsóknarmiðstöð um stjórnarhætti við Háskóla Íslands sem veitir viðurkenninguna, ennfremur staðfesti Creditinfo að Fjarskipti hf. væru í hópi framúrskarandi fyrirtækja á Íslandi fimmta árið í röð. Fjarskipti hlaut Gullmerki jafnlaunaúttektar PwC á Íslandi á árinu auk Hvatningarverðlauna jafnréttismála, en markmiðið með þeim er að vekja jákvæða athygli á fyrirtækjum sem hafa sett jafnrétti á oddinn og jafnframt hvetja önnur fyrirtæki til að gera slíkt hið sama.

Samkvæmt rekstrarreikningi námu tekjur samstæðunnar af seldum vörum og þjónustu 14.268 millj. kr. (2016: 13.655 millj. kr.) og var hagnaður samstæðunnar á árinu 1.086 millj. kr. (2016: 1.007 millj. kr.). Heildarafkoma nam 1.032 millj. kr. (2016: 807 millj. kr.). Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir samstæðunnar 25.376 millj. kr. (2016: 14.686 millj. kr.). Eigið fé samstæðunnar þann 31. desember 2017 nam 10.131 millj. kr. (2016: 6.987 millj. kr.) og var eiginfjárlutfallið 39,9%. (2016: 47,6%). Þar af nam hlutfé 2.964 millj. kr. (2016: 2.640 millj. kr.).

Ófjárhagsleg upplýsingagjöf

Umfjöllun um ófjárhagslega upplýsingagjöf er að finna í kaflanum ófjárhagslegar upplýsingar á bls.111 sem er viðauki við ársreikninginn.

Hlutfé og samþykktir

Útgefið hlutfé félagsins nam í árslok 2.964 millj. kr. Félagið afhenti á árinu eigin bréf að nafnverði 85 millj. kr. og gaf út nýtt hlutfé að nafnverði 239 millj. kr. í tengslum við kaup félagsins á rekstrarhluta og nánar tilgreindum eignum 365 miðla hf. Í árslok 2017 á félagið engin eigin bréf og er útistandandi hlutfé félagsins því 2.964 millj. kr. Hver hlutur er 10 krónur að nafnverði. Hlutféð er í einum flokki, sem skráður er á Nasdaq Iceland. Allir hlutir njóta sömu réttinda. Eigendur hluta í félaginu eiga rétt til arðs í hlutfalli við eign sína við arðsúthlutun.

Á aðalfundi félagsins þann 16. mars 2017 var samþykkt arðgreiðslustefna fyrir félagið. Stefnt var að því að greiða hluthöfum arð og/eða framkvæma endurkaup eigin hluta sem nemur 30-60% af hagnaði eftir skatta í samræmi við gildandi lög og reglur hverju sinni.

Við mótun tillagna um arðgreiðslu og/eða kaup á eigin hlutum skal stjórn taka tillit til markmiða fjárfestingarstefnu félagsins, markaðsaðstæðna og fjárfestingaparfa félagsins.

Stórn gerir tillögu um að ekki verður greiddur arður vegna ársins 2017 en vísar að öðru leyti til ársreikning hvað varðar ráðstöfun á hagnaði ársins og breytingu á eigin fé.

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra, frh.:

Hluthafar í árslok 2017 voru 196 (2016, 198) Eftirfarandi voru 10 stærstu hluthafar við árslok 2017 og 2016:

Nafn	Fjöldi hluta	Fjöldi hluta	hlutur %	hlutur %
	31.12.2017 (‘000)	31.12.2016 (‘000)	31.12.2017	31.12.2016
Gildi - lífeyrissjóður	35.314	36.114	11,9%	13,7%
Lífeyrissjóður verslunarmanna	32.222	32.222	10,9%	12,2%
365 miðlar hf.	29.313	-	9,9%	0,0%
Lansdowne Partners Limited	27.334	-	9,2%	0,0%
Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins A deild	17.750	19.249	6,0%	7,3%
Ursus ehf.	17.435	17.435	5,9%	6,6%
Stapi lífeyrissjóður	17.346	14.146	5,9%	5,4%
Birta lífeyrissjóður	13.002	9.057	4,4%	3,4%
Tryggingamiðstöðin hf.	11.485	11.485	3,9%	4,3%
IS Hlutabréfasjóðurinn	9.274	-	3,1%	0,0%
Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins B deild	6.125	7.012	2,1%	2,7%
Stefnir - Samval	5.557	16.411	1,9%	6,2%
Kvika banki hf.	4.450	17.681	1,5%	6,7%
	226.607	180.812	76,4%	68,5%
Aðrir hluthafar	69.834	83.249	23,6%	31,5%
Samtals útistandandi hlutir	296.441	264.061	100,0%	100,0%
Eigin hlutir	0	8.458	0,0%	0,0%
Samtals útgefnir hlutir	296.441	272.518	100,0%	100,0%

Nánari upplýsingar um atriði tengd hlutafé er að finna í skýringu 23. Viðbótarupplýsingar um hluthafa má nálgast á vefsíðu Fjarskipta hf. www.vodafone.is

Stjórnarhættir

Stjórn Fjarskipta hf. leitast við að viðhalda góðum stjórnarháttum og fylgja leiðbeiningum um Stjórnarhætti fyrirtækja sem Viðskiptaráð Íslands, Nasdaq Iceland og Samtök atvinnulífsins gáfu út í júní 2015. Leiðbeiningarnar eru aðgengilegar á vef Viðskiptaráðs Íslands www.vi.is. Félagið er með skráð hlutabréf í Nasdaq Iceland og ber því að fylgja framangreindum leiðbeiningum samkvæmt reglum Kauphallarinnar.

Rannsóknarmiðstöð um stjórnarhætti endurnýjaði á árinu viðurkenningu til Fjarskipta hf. sem *'Fyrirmyndarfyrirtæki í góðum stjórnarháttum'*. Fjarskipti hf. hafði áður hlotið viðurkenningu á árinum 2014, 2015 og 2016.

Í tengslum við gerð ársreikningsins er virkni innra eftirlits skoðuð, áhættuþættir metnir, aðgangsstýringar skoðaðar sem og skilgreining ábyrgðar. Stjórn félagsins fær reglulega upplýsingar um fjárhagslega afkomu félagsins, sundurliðað niður á helstu þætti starfseminnar. Endurskoðunarnefnd fundar reglulega þar sem m.a. er farið yfir áhættuþætti er snúa að innra eftirliti.

Frekari upplýsingar um stjórn og stjórnarhætti er að finna í kaflanum Stjórnarháttayfirlýsing á bls.105 sem er viðauki við ársreikninginn.

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra, frh.:

Yfirlýsing

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og forstjóra er ársreikningur samstæðunnar í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur sem koma fram í íslenskum lögum og reglum um ársreikninga skráðra félaga. Er það álit stjórnar og forstjóra að ársreikningurinn gefi glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu samstæðunnar 31. desember 2017 ásamt rekstrarafkomu hennar og breytingu á handbæru fé á árinu 2017. Jafnframt er það álit stjórnar og forstjóra að ársreikningurinn og skýrsla stjórnar fyrir árið 2017 gefi glögggt yfirlit um árangur af rekstri samstæðunnar, stöðu hennar og þróun og lýsi helstu áhættuþáttum sem samstæðan býr við.

Stjórn og forstjóri Fjarskipta hf. hafa í dag rætt samstæðuársreikning félagsins fyrir árið 2017 og staðfest hann með undirritun sinni.

Reykjavík, 28. febrúar 2018

Í stjórn

Heiðar Guðjónsson

Anna Guðný Aradóttir

Hildur Dungal

Hjörleifur Pálsson

Yngvi Halldórsson

Forstjóri

Stefán Sigurðsson

Fjárhagslegar lykiltölur

	2017	2016	% breyting
Fjárhagsupplýsingar			
Heildartekjur	14.268	13.655	4%
Rekstrarhagnaður	1.550	1.632	(5%)
Hagnaður fyrir tekjuskatt	1.176	1.280	(8%)
Hagnaður ársins	1.086	1.007	8%
Hagnaður á hlut	4,10	3,50	17%
Rekstrarfjárfestingar ársins	1.664	1.539	8%
Kaup á rekstri og eignum	6.193	-	-
Handbært fé frá rekstri	2.253	3.028	(26%)
Frammistöðumat			
EBITDA	3.137	3.040	3%
EBITDA hlutfall	22,0%	22,3%	(1%)
Frjálst fjárflæði (FCF)*	908	1.936	(53%)
Nettó vaxtaberandi skuldir	11.033	5.347	106%
Nettó vaxtaberandi skuldir / EBITDA**	3,5	1,8	94%

* Frjálst fjárflæði samanstendur af handbæru fé frá rekstri fyrir vexti og tekjuskatt að fráðregnum fjárfestingahreyfingum. Kaup á rekstri og eignum er undanskilin þar sem hún tengist ekki endurfjárfestingaþörf samstæðunnar.

** EBITDA 2017 er með einum mánuði af nýrri starfsemi fjölmiðla.

Áritun óháðra endurskoðenda

Til stjórnar og hluthafa Fjarskipta hf.

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi samstæðuársreikning Fjarskipta hf. fyrir árið 2017. Samstæðuársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, yfirlit um heildarafkomu, efnahagsreikning, yfirlit um breytingu á eigin fé, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2017, efnahag þess 31. desember 2017 og breytingu á handbæru fé á árinu 2017, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu og viðbótar kröfur í lögum um ársreikninga.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér fyrir neðan. Við erum óháð Fjarskiptum hf. í samræmi við alþjóðlegar siðareglur (IESBA Code) og siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi (FLE) og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á

Megináherslur við endurskoðunina

Megináherslur við endurskoðunina eru þau atriði, sem að okkar faglega mati, hafa mesta þýðingu fyrir endurskoðun okkar á samstæðuársreikningi félagsins árið 2017. Þessi atriði voru yfirfarin við endurskoðun á samstæðuársreikningnum og höfð til hliðsjónar við ákvörðun á viðeigandi álit á hann. Í áritun okkar látum við ekki í ljós sérstakt álit á hverju þeirra fyrir sig.

Megináherslur við endurskoðun	Hvernig við endurskoðuðum megináherslur
Tekjuskráning	
Þar sem tekjuskráning félagsins byggir á flóknum kerfum og eðlisleg áhætta er í nákvæmni og heild teknanna, teljum við tekjuskráningu vera megináherslu í endurskoðuninni.	Við endurskoðun á tekjum höfum við farið yfir það innra eftirlit sem er til staðar hjá félaginu við tekjuskráninguna. Við prófuðum viðeigandi eftirlitsþætti í upplýsingakerfum ásamt því að prófa aðra mikilvæga eftirlitsþætti í tekjuskráningarferli félagsins.
Vísun í skýringu 36b með samstæðuársreikningi.	Við höfum prófað tekjuskráningu félagsins með greiningaraðferðum auk þess að hafa valið úrtak úr viðskiptakröfum í árslok og staðfest við greiðslu eftir reikningsskiladag. Við höfum prófað yfirferð stjórnenda á tekjuskráningu og stemmt af undirkerfi við fjárhag. Við höfum einnig farið yfir samþykki á kjörum vegna nýrra fyrirtækjasamninga í samræmi við ferlalyfingar.

Áritun óháðra endurskoðenda, frh.:

Megináherslur við endurskoðun	Hvernig við endurskoðuðum megináherslur
<p>Viðskiptavild</p> <p>Eignfærð viðskiptavild Fjarskipta hf. sem var til í upphafi árs nemur 5,8 ma.kr. Viðskiptavildin myndaðist við kaup og samruna félaga í fjarskiptarekstri á Íslandi og í Færeyjum og tilheyrir því tveim sjóðskapandi einingum. Viðskiptavild sem myndaðist á árinu er til komin vegna kaupa á rekstri og tilteknum eignum 365 miðla hf. en sérstök umræða er um þau kaup hér að neðan.</p> <p>Virði viðskiptavildar er háð mati stjórnenda á áætluðum framtíðartekjum sjóðskapandi eininga. Þar sem viðskiptavild er verulegur liður í efnahagsreikningi félagsins og háð mati stjórnenda teljum við þetta vera eina af megináherslum við endurskoðunina.</p> <p>Engin virðisrýrnun hefur verið færð vegna viðskiptavildar á árunum 2016 - 2017. Nánari umfjöllun um viðskiptavildina er að finna í skýringum 17 og 36i með ársreikningnum.</p>	<p>Við endurskoðunina fórum við yfir virðisrýrnunarpróf stjórnenda félagsins vegna viðskiptavildar. Við fórum yfir þá aðferðafræði sem beitt er við virðisrýrnunarprófið og hvort breytingar hafi orðið á henni á milli ára. Við yfirferð okkar á virðisrýrnunarprófinu fórum við yfir helstu forsendur stjórnenda m.a.:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Áætlanir stjórnenda sem byggt er á við útreikninga í virðisrýrnunarprófinu og hvort þær séu raunhæfar. • Veginn fjármagnskostnað (WACC) og með hvaða hætti hann er reiknaður og forsendur útreikninganna. <p>Við fórum yfir hvort útreikningar í virðisrýrnunarprófinu væru í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla og einnig lögðum við mat á hvort að skýringar í samstæðuársreikningnum vegna viðskiptavildar væru viðeigandi.</p>
<p>Kaup á rekstri</p> <p>Á árinu keypti félagið rekstur og tiltekna eignir 365 miðla hf.</p> <p>Við kaupin jukust óefnislegar eignir félagsins vegna viðskiptavildar og annarra óefnislegra eigna um 8,1 ma.kr. Þar af nemur viðskiptavild 6,4 ma.kr.</p> <p>Reikningshaldsleg meðferð viðskiptanna er flókin og háð mati stjórnenda. Meta þarf gangvirði eigna á kaupdegi í samræmi við kröfur IFRS 3 sameining félaga og framkvæma útdeilingu á kaupverði.</p> <p>Af framangreindum ástæðum teljum við að kaup á rekstri sé megin áhersla í endurskoðun okkar.</p>	<p>Við skoðun okkar á kaupunum höfum við framkvæmt eftirfrandi prófanir:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Fengum og yfirforum kaupsamning á milli aðila, áreiðanleikakönnun og önnur samningsatriði tengd kaupunum til að afla nægjanlegs skilnings á þeim svo hægt væri að meta hvort að framkvæmdin sé í samræmi við IFRS 3 Sameiningar félaga. • Farið var yfir útleiðslu stjórnenda á gagngjaldi. Rakið gagngjaldið til kaupsamnings og staðfest greiðslur þess auk útgáfu nýs hlutafjár. • Lögðum mat á útreikning sem stjórnendur lögðu til grundvalla við mat á virði þess rekstrar sem var keyptur og þá viðskiptavild sem myndaðist við kaupin. Skoðuðum og lögðum mat á þær forsendur sem notaðar voru við útreikning stjórnenda, ásamt því að skoða mat stjórnenda á framtíðarvexti. • Farið yfir skýringu 32 með tilliti til þess hvort að hún uppfylli kröfur IFRS 3.

Áritun óháðra endurskoðenda, frh.:

Innra eftirlit upplýsingakerfa

Fjárhagsupplýsingar félagsins byggja að verulegu leyti á upplýsingum úr tölvukerfum og því mikilvægt að til staðar sé öflugt innra eftirlit með upplýsingakerfum.

Við framkvæmd endurskoðunaraðgerða fyrir ýmsa liði ársreiknings treystum við meðal annars á upplýsingar sem eiga uppruna sinn innan tölvukerfa og eftirlitsaðgerðir sem framkvæmdar eru með aðstoð upplýsingatækni. Á þeim grundvelli teljum við prófanir á innra eftirliti upplýsingakerfa, einkum sem snýr að breytingastjórnun og aðgangsheimildum upplýsingakerfa sem vinna eða geyma fjárhagsupplýsingar, megináherslu við endurskoðunina.

Við endurskoðun okkar öfluðum við okkur skilnings á eðli og virkni þeirra upplýsingakerfa sem vinna og geyma fjárhagsupplýsingar.

Við prófuðum hönnun, innleiðingu og virkni viðeigandi tölvueftirlitsþátta m.a. með úrtaksskoðunum til að komast að niðurstöðu um heild og nákvæmni þeirra fjárhagsupplýsinga sem eiga uppruna sinn innan tölvukerfa.

Aðrar upplýsingar

Stjórn og forstjóri bera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar samanstanda af skýrslu stjórnar stjórnarháttayfirlýsingu, ófjárhaglegum upplýsingum og ársfjórðungsyfirliti sem við fengum fyrir áritunardag og ársskýrslu Fjarskipta hf. sem við gerum ráð fyrir að fá eftir áritunardag, en innfela ekki ársreikninginn og áritunina á hann.

Álit okkar á ársreikningnum nær ekki yfir aðrar upplýsingar og við látum ekki í ljós staðfestingu eða ályktun, í neinu formi, vegna þeirra ef frá er talin sú staðfesting varðandi skýrslu stjórnar sem fram kemur hér fyrir neðan.

Í tengslum við endurskoðun okkar, berum við ábyrgð á að lesa ofangreindar aðrar upplýsingar og skoða hvort þær séu í verulegu ósamræmi við ársreikninginn eða þá þekkingu sem við höfum aflað við endurskoðunina. Ef við komumst að því að það séu verulegar skekkjur í ársskýrslu Fjarskipta hf. þegar við lesum hana eftir áritunardag ber okkur skylda til að skýra frá því.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir samstæðuársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Ábyrgð stjórnar og forstjóra á samstæðuársreikningnum

Stjórn og forstjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu og viðbótar kröfur í lögum um ársreikninga. Stjórn og forstjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð samstæðuársreikningsins eru stjórn og forstjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Fjarskipta hf. Ef við á, skulu stjórn og forstjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins, nema stjórn og forstjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

Áritun óháðra endurskoðenda, frh.:

Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun samstæðuársreiknings

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að samstæðuársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.

Nægjanlega vissa er þó ekki trygging þess að endurskoðun sem er framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda samstæðuársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við faglegri tortryggni í gegnum endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í samstæðuársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu samstæðuársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum samstæðuársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Metum í heild sinni hvort samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar við samstæðuársreikninginn með tilliti til glöggrar myndar.
- Öflun fullnægjandi endurskoðunargagna, vegna fjárhagsupplýsinga eininga innan samstæðunnar, til að geta látið í ljós álit á samstæðuársreikningi. Við erum ábyrg fyrir skipulagi, umsjón og framgangi endurskoðunar samstæðunnar. Við berum ein ábyrgð á álit okkar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn og endurskoðunarnefnd meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirlit sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Áritun óháðra endurskoðenda, frh.:

Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun samstæðuársreiknings, frh.:

Við höfum einnig lýst því yfir við stjórn og endurskoðunarnefnd að við höfum uppfyllt skyldur siðareglna um óhæði og höfum miðlað til þeirra upplýsingum um tengsl eða önnur atriði sem gætu mögulega haft áhrif á óhæði okkar og þar sem við eigandi er, hvaða varnir við höfum sett til að tryggja óhæði okkar.

Af þeim atriðum sem við höfum upplýst stjórn og endurskoðunarnefnd um, lögðum við mat á hvaða atriði höfðu mesta þýðingu í endurskoðuninni á yfirstandandi ári og eru það megináherslur í endurskoðuninni. Við lýsum þessum atriðum í áritun okkar nema lög og reglur leyfi ekki að upplýst sé um slík atriði eða í undantekningartilfellum þegar endurskoðandinn metur að ekki skuli upplýsa um viðkomandi atriði þar sem neikvæðar afleiðingar upplýsinganna eru taldar vega þyngra en almannahagsmunir.

Reykjavík, 28. febrúar 2018

Deloitte ehf.

Björn Ingi Victorsson
endurskoðandi

Jóhann Óskar Haraldsson
endurskoðandi

Rekstrarreikningur

	Skýr.	2017	2016
Seldar vörur og þjónusta	7	14.268	13.655
Kostnaðarverð seldra vara og þjónustu	8	(7.829)	(7.332)
Framlegð		6.439	6.323
Rekstrarkostnaður	9	(4.889)	(4.691)
Rekstrarhagnaður		1.550	1.632
Fjármunatekjur		48	83
Fjármagnsgjöld		(422)	(435)
Hrein fjármagnsgjöld	11	(374)	(352)
Hagnaður fyrir tekjuskatt		1.176	1.280
Tekjuskattur	19	(90)	(273)
Hagnaður ársins		1.086	1.007
Hagnaður á hlut	24	4,10	3,50
Þynntur hagnaður á hlut	24	4,10	3,50

Yfirlit um heildarafkomu

	2017	2016
Hagnaður ársins	1.086	1.007
Liðir sem gætu síðar verið færðir um rekstrarreikning		
Þýðingarmunur vegna starfsemi erlends dótturfélags	31	(116)
Áhættuvarnir	(85)	(84)
Heildarafkoma ársins	1.032	807

Skýringar á bls. 79-104 eru óaðskiljanlegur hluti ársreiknings samstæðunnar

Efnahagsreikningur

	Skýr.	31.12.2017	31.12.2016
Fastafjármunir			
Rekstrarfjármunir	13	4.902	4.478
Óefnislegar eignir	17	15.485	7.228
Eignahlutur í hlutdeildar- og öðrum félögum		16	9
Fastafjármunir samtals		20.403	11.715
Veltufjármunir			
Birgðir	21	1.510	272
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	22	3.146	2.331
Handbært fé		317	368
Veltufjármunir samtals		4.973	2.971
Eignir samtals		25.376	14.686
Eigið fé			
Hlutfé		2.964	2.640
Yfirverðsreikningur hlutfjár		2.465	678
Annað eigið fé		(17)	2
Óráðstafað eigið fé		4.719	3.667
Eigið fé	23	10.131	6.987
Langtímaskuldir			
Vaxtaberandi skuldir	25	10.732	5.284
Tekjuskattsskuldbinding	20	193	103
Langtímaskuldir samtals		10.925	5.387
Skammtímaskuldir			
Vaxtaberandi skuldir	25	618	431
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	26	3.702	1.881
Skammtímaskuldir samtals		4.320	2.312
Skuldir samtals		15.245	7.699
Eigið fé og skuldir samtals		25.376	14.686

Skýringar á bls. 79-104 eru óaðskiljanlegur hluti ársreiknings samstæðunnar

Eiginfjárfirlit

	Hlutfé	Yfirverðs- reikningur hlutfjár	Býðingar- munur	Annað eigið fé		Óráðstafað eigið fé	Eigið fé samtals
				Bundinn reikningur	Áhættu varnir		
2016							
Eigið fé 1.1.2016	3.270	2.651	149	-	-	3.009	9.079
Eigin hlutir	(85)	(18)	-	-	-	(296)	(399)
Hlutfjárhlækkun	(545)	(1.955)	-	-	-	-	(2.500)
Hagn. dótturf. umfram arðgreiðslu	-	-	-	53	-	(53)	0
Heildarafkoma ársins	-	-	(116)	-	(84)	1.007	807
Eigið fé 31.12.2016	2.640	678	33	53	(84)	3.667	6.987
2017							
Eigið fé 1.1.2017	2.640	678	33	53	(84)	3.667	6.987
Eigin hlutir	85	466	-	-	-	-	551
Hlutfjárhlækkun	239	1.321	-	-	-	-	1.560
Hagn. dótturf. umfram arðgreiðslu	-	-	-	34	-	(34)	0
Heildarafkoma ársins	-	-	31	-	(85)	1.086	1.032
Eigið fé 31.12.2017	2.964	2.465	64	87	(169)	4.719	10.131

Skýringar á bls. 79-104 eru óaðskiljanlegur hluti ársreiknings samstæðunnar

Sjóðstreymisyfirlit

	Skýr.	2017	2016
Hagnaður samkvæmt rekstrarreikningi		1.086	1.007
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	14	1.587	1.408
Hrein fjármagnsgjöld	11	374	352
Tekjuskattur	19	90	273
Veltufé frá rekstri fyrir vexti og tekjuskatt		3.137	3.040
Breyting á rekstartengdum eignum og skuldum:			
Birgðir, breyting		27	69
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur, breyting	(781)	342
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir, breyting		361	45
Fyrirframinnheimtar tekjur, breyting	(172)	(21)
Handbært fé frá rekstri fyrir vexti og tekjuskatt		2.572	3.475
Innborgaðar vaxtatekjur		48	45
Greidd vaxtagjöld	(365)	(471)
Greiddir skattar	(2)	(21)
Handbært fé frá rekstri		2.253	3.028
Fjárfestingarhreyfingar			
Kaup á rekstri og eignum	32	(6.193)	-
Fjárfesting í rekstrarfjármunum	13	(1.135)	(1.170)
Fjárfesting í óefnislegum eignum	17	(529)	(369)
Fjárfestingarhreyfingar		(7.857)	(1.539)
Fjármögnunargreyfingar			
Endurkaup á eigin hlutum		-	(400)
Áhættuvarnir	(85)	(2.500)
Tekið nýtt lán	25	4.661	1.931
Rekstrarlán	25	1.401	-
Afborganir langtímalána	25	(421)	(567)
Fjármögnunargreyfingar		5.556	(1.536)
Breyting á handbæru fé		(48)	(47)
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé	(3)	(5)
Handbært fé í ársbyrjun		368	420
Handbært fé í árslok		317	368

Sjá nánari umfjöllun um sjóðstreymisáhrif af kaupum á tilteknum eignum og rekstri 365 miðla hf. í skýringu 32 og 33.

Skýringar á bls. 79-104 eru óaðskiljanlegur hluti ársreiknings samstæðunnar

Skýringar

1. Félagið

Fjarskipti hf. ("félagið") er íslenskt hlutafélag. Höfuðstöðvar félagsins eru að Suðurlandsbraut 8, Reykjavík. Meginstarfsemi félagsins er á sviði fjarskipta og fjölmiðlunar. Samstæðuársreikningur fyrir árið 2017 hefur að geyma ársreikning félagsins og dótturfélaga þess, P/F Kall í Færeyjum og Ljósleiðarafélagsins ehf., hlutdeild í OZ-365 ehf. og hlutdeild í sameiginlegum rekstri í Sendafélaginu ehf., sem vísað er til í heild sem „samstæðunnar“. Miði.is verður hluti af samstæðu frá 1. janúar 2018.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur samstæðunnar er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur sem koma fram í íslenskum lögum og reglum um ársreikninga skráðra félaga.

Stjórn félagsins staðfesti og heimilaði birtingu ársreikningsins þann 28. febrúar 2018.

Reikningsskilaaðferðum samstæðunnar ásamt breytingum gerðum á árinu er lýst í skýringu 36.

3. Starfrækslu- og framsetningargjaldmiðill

Ársreikningur samstæðunnar er birtur í íslenskum krónum, sem er starfrækslugjaldmiðill samstæðunnar. Allar fjárhæðir eru birtar í milljónum króna nema annað sé tekið fram.

4. Mat stjórnenda í reikningsskilum

Gerð samstæðuársreiknings í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og dragi ályktanir sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna og skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

Mat og forsendur þess eru í stöðugri endurskoðun. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem breytingin á sér stað og þeim framtíðartímabilum sem breytingarnar hafa áhrif á.

Upplýsingar um mikilvæg atriði, þar sem óvissa í mati og mikilvægi ákvarðana varðandi reikningsskilaaðferðir hefur mest áhrif á skráðar fjárhæðir í reikningsskilunum, er að finna í skýringu 17.

Ákvörðun gangvirðis

Hluti af reikningsskilaaðferðum og skýringum samstæðunnar krefjast ákvörðunar á gangvirði, bæði vegna fjármálagerninga og annarra eigna og skulda.

Að svo miklu leyti sem hægt er, notar samstæðan markaðsupplýsingar við ákvörðun gangvirðis en liggi slíkar upplýsingar ekki fyrir er byggt á mati stjórnenda. Ef upplýsingar frá þriðja aðila, líkt og verð frá miðlurum eða verðmatsþjónustu, eru notaðar við ákvörðun gangvirðis þá nýta stjórnendur upplýsingarnar til að styðja þá niðurstöðu að matið uppfylli kröfur um alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS), þar á meðal það stig sem slíkt mat myndi falla undir.

Gangvirðið er flokkað í þrjú stig eftir forsendum sem notaðar eru við matið:

- Stig eitt byggir á skráðu verði á virkum markaði fyrir samskonar eignir og skuldir.
- Stig tvö byggir á beinum eða óbeinum markaðsforsendum sem eru aðrar en skráð verð á virkum markaði sem flokkast undir stig eitt.
- Stig þrjú byggir á forsendum og gögnum sem ekki er unnt að afla á markaði.

Nánari upplýsingar um forsendur sem notaðar eru við ákvörðun gangvirðis er að finna í skýringu 17 um óefnislegar eignir og skýringu 27 um áhættustýringu.

Skýringar, frh.:

5. Meðferð vaxtaskiptasamnings

Afleiðusamningar eru gerðir til að stýra áhættu félagsins gagnvart vaxtaáhættu, þ.e. vaxtaskiptasamningur. Afleiður eru færðar á gangvirði. Almenna reglan er að óinnleystur hagnaður eða tap er fært í rekstrarreikning. Hins vegar þegar afleiða uppfyllir kröfur um áhættuvörn og er skilgreind sem slík er afkoman færð eftir áhættuvarnarsambandinu sem afleiðan tilheyrir. Félagið hefur skilgreint vaxtaskiptasamninginn sem áhættuvörn vegna undirliggjandi skulda. Afleiðusamningar eru flokkaðir á meðal langtímaeigna eða langtímaskulda ef meira en 12 mánuðir eru til lokagjalds dagsamningsins og ekki er gert ráð fyrir að hann verði gerður upp innan 12 mánaða. Aðrir afleiðusamningar eru flokkaðir á meðal veltufjármuna eða skammtímaskulda eftir því sem við á.

a. Áhættuvarnareikningskil

Félagið skilgreindi í fyrsta skipti á þriðja ársfjórðungi 2016 afleiðusamning sem áhættuvarnargerning vegna sjóðstreymisvarnar. Á upphafsdegi áhættuvarnarsambandsins, skjalaði félagið sambandið á milli áhættuvarnargerningsins og áhættuvarða liðarins ásamt markmiðum áhættuvarnarstýringar og stefnu félagsins varðandi áhættuvarnir. Félagið framkvæmir skilvirkniþróf á áhættuvarnarsambandinu á hverjum reikningskiladegi.

b. Sjóðstreymisvarnir

Skilvirki hluti gangvirðisbreytinga á afleiðum sem standast kröfur um sjóðstreymisvarnir og eru skilgreindar sem slíkar er færður í yfirlit um aðra heildarafkomu með mótfærslu á áhættuvarnir á meðal eigin fjár. Hagnaður eða tap vegna óskilvirkni í áhættuvarnarsambandi er færður í rekstrarreikning undir liðnum fjármagnsgjöld. Uppsöfnuð staða á eigin fé sem áður hefur verið færð um aðra heildarafkomu er endurflokkuð um rekstrarreikning þegar hagnaður eða tap vegna áhættuvarða liðarins er færður, uppsafnaða staðan á eigin fé er færð í sömu línu rekstrarreiknings.

Skýringar, frh.:

6. Starfsþáttayfirlit Rekstrarstarfsþættir

Starfsþáttaupplýsingar eru birtar eftir eðli rekstrar og byggja á skipulagi og innri upplýsingagjöf samstæðunnar.

Samstæðan skiptist í sex starfsþætti sem selja vörur og þjónustu á mismunandi mörkuðum. Starfsþættirnir eru:

Farsími samanstendur af öllum tekjum vegna notkunar á farsímum, þ.m.t. gagnaflutningum í farsímakerfinu, áskriftartekjum frá einstaklingum og fyrirtækjum, seldum frelsisinnæingnum, reikitekjum frá ferðamönnum og samtengitekjum í farsíma.

Internet samanstendur af tekjum af netþjónustu í fastlínukerfum, þ.m.t. á ljósleiðara, xDSL þjónustu og öðrum gagnatengingum.

Fastlína samanstendur af tekjum vegna notkunar á heimasíma, fyrirtækjasíma í fastlínu og samtengitekjum í fastlínu.

Fjölmíðlun samanstendur af tekjum af starfsemi ljósvakamiðla, áskriftartekjum og tekjum af auglýsingasölu, tekjum af dreifingu á báðum sjónvarpsdreifikerfum Vodafone, leigutekjum af myndlyklum og tekjum af leigu einstakra kvikmynda og þátta (TVOD), tekjum af áskriftaveitum (SVOD), tekjum af áskriftum að línulegum stöðvum og tekjum af sölu einstaka sjónvarpsviðburða.

Vörusala samanstendur af sölu á fjarskiptabúnaði og fylgihlutum.

Aðrar tekjur samanstanda af þjónustutekjum og leigu á endabúnaði.

Rekstrarstarfsþætti	Farsími	Internet	Fastlína	Fjölmíðlun	Vörusala	Aðrar tekjur	Jöfnunar-færslur	Samtals
1.1. til 31.12.2017								
Tekjur frá þriðja aðila	4.179	3.975	1.213	2.824	1.320	757	-	14.268
Innri tekjur	(17)	0	21	0	0	55	(59)	0
Tekjur samtals	4.162	3.975	1.234	2.824	1.320	812	(59)	14.268
Óskipt rekstrargjöld								(11.131)
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta (EBITDA)								3.137
Afskriftir								(1.587)
Hrein fjármagnsgjöld								(374)
Tekjuskattur								(90)
Hagnaður ársins								1.086
Þýðingarmunur vegna starfsemi erlends dótturfélags								31
Áhættuvarnir								(85)
Heildarafkoma ársins								1.032
Óskiptar eignir								25.376
Óskiptar skuldir								15.245
Fjárfestingar ársins								1.664

Skýringar, frh.:

6. Starfsþáttayfirlit frh.:

Rekstrarstarfsþætti	Farsími	Internet	Fastlína	Fjölmiðun	Vörusala	Aðrar tekjur	Jöfnunar-færslur	Samtals
1.1. til 31.12.2016								
Tekjur frá þriðja aðila	4.511	3.584	1.271	1.980	1.554	755	-	13.655
Innri tekjur	1	(1)	30	-	2	75	(107)	0
Tekjur samtals	4.512	3.583	1.301	1.980	1.556	830	(107)	13.655
Óskipt rekstrargjöld								(10.615)
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta (EBITDA)								3.040
Afskriftir								(1.408)
Hrein fjármagnsgjöld								(352)
Tekjuskattur								(273)
Hagnaður ársins								1.007
Þýðingarmunur vegna starfsemi erlends dótturfélags								(116)
Áhættuvarnir								(84)
Heildarafkoma ársins								807
Óskiptar eignir								14.686
Óskiptar skuldir								7.699
Fjárfestingar ársins								1.539

Landsvæðisskipting

2017	Ísland	Færeyjar	Samtals
Tekjur frá þriðja aðila	13.019	1.249	14.268
EBITDA	2.979	158	3.137
Eignir starfsþátta	24.460	916	25.376
Fjárfestingar ársins	1.538	126	1.664
2016			
Tekjur frá þriðja aðila	12.179	1.476	13.655
EBITDA	2.843	197	3.040
Eignir starfsþátta	13.801	885	14.686
Fjárfestingar ársins	1.406	133	1.539

Skýringar, frh.:

7. Seldar vörur og þjónusta

Seldar vörur og þjónusta greinast þannig:	2017	2016
Vörusala	1.320	1.556
Seld þjónusta	12.948	12.099
Seldar vörur og þjónusta samtals	14.268	13.655

8. Kostnaðarverð seldra vara og þjónustu

Kostnaðarverð seldra vara og þjónustu greinist þannig:	2017	2016
Kostnaðarverð seldrar vöru og þjónustu	6.009	5.645
Laun og launatengd gjöld	830	721
Afskriftir	990	966
Kostnaðarverð seldra vara og þjónustu samtals	7.829	7.332

9. Rekstrarkostnaður

Rekstrarkostnaður greinist þannig:	2017	2016
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	1.299	1.357
Sölu- og markaðskostnaður	381	371
Laun og launatengd gjöld	2.612	2.521
Afskriftir	597	442
Rekstrarkostnaður samtals	4.889	4.691

10. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:	2017	2016
Laun	2.820	2.729
Lífeyrisiðgjöld	296	258
Önnur launatengd gjöld	326	255
Laun og launatengd gjöld samtals	3.442	3.242

Stöðugildi að meðaltali á árinu 353 349

Í árslok 2017 voru 70% af stjórnendum samstæðunnar karlar og 30% konur (2016: 65% / 35%). Heildarfjöldi starfsmanna var 621, 68% karlar og 32% konur (2016: 378, 70% / 30%).

Laun og launatengd gjöld skiptast þannig á rekstrarliði:	2017	2016
Kostnaðarverð seldrar þjónustu	830	721
Rekstrarkostnaður	2.612	2.521
Laun og launatengd gjöld samtals	3.442	3.242

Skýringar, frh.:

11. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig:	2017	2016
Vaxtatekjur af lánum og kröfum	35	33
Aðrar vaxtatekjur	13	11
Gengishagnaður	0	39
Fjármunatekjur samtals	48	83
Vaxtagjöld og önnur þjónustugjöld	(403)	(435)
Gengistap	(19)	-
Fjármagnsgjöld samtals	(422)	(435)
Hrein fjármagnsgjöld samtals	(374)	(352)

12. Þóknun til endurskoðunarfyrirtækja

Endurskoðunarfyrirtæki	Veitt þjónusta	2017	2016
KPMG	Endurskoðun	-	6
Deloitte	Endurskoðun	18	2
Januar	Endurskoðun	2	2
KPMG	Önnur þjónusta	6	20
Deloitte	Önnur þjónusta	13	-
Januar	Önnur þjónusta	4	4
Kostnaður greiddur til endurskoðunarfyrirtækja á árinu samtals		43	34

13. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig:

	Fasteignir	Fjarskipta- búnaður	Áhöld, tæki bifreiðar og innréttingar	Ljósverka- búnaður	Samtals
Kostnaðarverð					
Heildarverð 1.1.2016	50	14.332	1.457	0	15.839
Viðbætur á árinu	-	1.061	109	-	1.170
Selt og niðurlagt á árinu	-	(1.009)	(114)	-	(1.123)
Áhrif gengisbreytinga	-	(227)	(18)	-	(245)
Heildarverð 31.12.2016	50	14.157	1.434	0	15.641
Endurflokkun og fullafskrifaðar eignir	1	(1.293)	(244)	-	(1.536)
Viðbætur á árinu	-	829	430	283	1.542
Selt og niðurlagt á árinu	-	-	-	-	0
Áhrif gengisbreytinga	-	76	4	-	80
Heildarverð 31.12.2017	51	13.769	1.624	283	15.727

Skýringar, frh.:

13. Rekstrarfjármunir, frh.:

Rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig:

	Fasteignir	Fjarskipta- búnaður	Áhöld, tæki bifreiðar og innréttingar	Ljósvaka- búnaður	Samtals
Afskriftir og virðisryrnun					
Afskriftir 1.1.2016	19	10.222	1.154	-	11.395
Afskrift ársins	2	945	105	-	1.052
Selt og niðurlagt á árinu	-	(1.009)	(107)	-	(1.116)
Áhrif gengisbreytinga	-	(152)	(16)	-	(168)
Afskrifað alls 31.12.2016	21	10.006	1.136	-	11.163
Endurflokkun og fullafskrifaðar eignir	(4)	(1.297)	(236)	-	(1.537)
Afskrift ársins	2	988	130	6	1.124
Selt og niðurlagt á árinu	-	-	-	-	0
Áhrif gengisbreytinga	-	70	5	-	75
Afskrifað alls 31.12.2017	19	9.767	1.035	6	10.825

Bókfært verð

1.1.2016	31	4.110	303	-	4.444
31.12.2016	29	4.151	298	-	4.478
31.12.2017	32	4.002	589	277	4.902

Afskriftarhlutföll 3% 5-33% 15-67% 14-25%

14. Afskriftir

Afskriftir í rekstrarreikningi greinast þannig:	2017	2016
Afskriftir rekstrarfjármuna, sbr. skýringu 13	1.124	1.052
Afskriftir óefnislegra eigna, sbr. skýringu 17	463	356
Fært í rekstrarreikning sem afskriftir	1.587	1.408

Afskriftir á rekstrarliði

Afskriftir á rekstrarliði greinast þannig:	2017	2016
Kostnaðarverð seldra vara og þjónustu	990	966
Annar rekstrarkostnaður	597	442
Fært í rekstrarreikning sem afskriftir	1.587	1.408

15. Fasteignamat og vátryggingarverð

Bókfært verð fasteigna samstæðunnar nam 32 millj. kr. í árslok 2017 (2016: 29 millj. kr.), en á sama tíma nam fasteignamat þeirra 50 millj. kr. (2016: 45 millj. kr.), og brunabótamat 60 millj. kr. (2016: 56 millj. kr.). Vátryggingarverðmæti annarra eigna nam 6.525 millj. kr. (2016: 6.525 millj. kr.) í árslok.

Skýringar, frh.:

16. Veðsetning eigna

Á eignum samstæðunnar hvílir tryggingarbréf að fjárhæð 5.500 millj kr.(2016: 3.072 millj kr.) til tryggingar öllum skuldum og skuldbindingum Fjarskipta hf. við Landsbanka Íslands í árslok 2017. Veðið nær til alls lausafjár, þ.m.t. veð í bifreiðum, fjarskiptabúnaði, leigusamningum, afnotasamningum, vörubirgðum, viðskiptakröfum og vörumerkjum.

17. Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir greinast þannig:

	Viðskipta- vild	Aðrar óefnislegar eignir	Samtals
Kostnaðarverð			
Heildarverð 1.1.2016	9.104	3.949	13.053
Viðbætur á árinu	-	369	369
Áhrif gengisbreytinga	(46)	(16)	(62)
Heildarverð 31.12.2016	9.058	4.302	13.360
Endurflokkun og fullafskrifaðar eignir	(258)	(1.012)	(1.270)
Viðbætur á árinu	-	2.318	2.318
Viðskiptavild vegna kaupa á rekstrarhluta og eignum 365 miðla hf.	6.376	-	6.376
Áhrif gengisbreytinga	12	4	16
Heildarverð 31.12.2017	15.188	5.612	20.800
Afskriftir og virðisrýmun			
Afskriftir 1.1.2016	3.310	2.514	5.824
Afskrift ársins	-	356	356
Áhrif gengisbreytinga	(33)	(15)	(48)
Afskrifað alls 31.12.2016	3.277	2.855	6.132
Endurflokkun og fullafskrifaðar eignir	(276)	(995)	(1.271)
Afskrift ársins	-	463	463
Áhrif gengisbreytinga	26	(35)	(9)
Afskrifað alls 31.12.2017	3.027	2.288	5.315
Bókfært verð			
1.1.2016	5.794	1.435	7.229
31.12.2016	5.781	1.447	7.228
31.12.2017	12.161	3.324	15.485

Afskriftarhlutföll Virðisrým-
unarpróf 10-33%

Skýringar, frh.:

17. Óefnislegar eignir, frh.:

Virðisrýrnunarpróf vegna sjóðskapandi eininga sem innihalda viðskiptavild

Í árslok 2017 var framkvæmt virðisrýrnunarpróf á þeim hluta viðskiptavildar samstæðu sem til var í upphafi árs, tveimur sjóðskapandi einingum sem metnar eru sem sjálfstæðar einingar, rekstur Vodafone á Íslandi og í Færeyjum. Samkvæmt niðurstöðu prófsins í árslok 2017 hefur ekki komið til virðisrýrnunar á viðskiptavild. Í upphafi desember keypti samstæðan tilteknar eignir og rekstur af 365 miðlum hf. Í árslok var lokið við bráðabirgðakaupverðsútdelingu vegna viðskiptanna, sjá skýringu 32.

Bókfært verð viðskiptavildar greinist þannig niður á starfsþætti:

	Viðskiptavild	
	2017	2016
Viðskiptavild tengd vörum og þjónustu á Íslandi	5.710	5.710
Viðskiptavild tengd vörum og þjónustu í Færeyjum	75	71
Viðskiptavild vegna kaupa á árinu (bráðabirgðautdeiling)	6.376	-
Viðskiptavild samtals	12.161	5.781

Endurheimtanleg fjárhæð hvernar sjóðskapandi einingar var metin út frá notkunarvirði. Notkunarvirði var ákvarðað á þann hátt að núvirða áætlað framtíðarfjárstreymi miðað við áframhaldandi nýtingu eininganna. Fjárstreymi var byggt á rekstraráætlun næstu fimm ára.

Stuðst var við eftirfarandi forsendur við mat á notkunarvirði:

	Ísland		Færeyjar	
	2017	2016	2017	2016
Nafnvöxtur tekna 2017 / 2016	(0,2%)	1,6%	(5,9%)	(8,1%)
Meðalvöxtur tekna 2018 til 2022 / 2017 til 2021	3,0%	3,3%	1,8%	1,0%
Framtíðarvöxtur að teknu tilliti til verðlagsþróunar	2,5%	2,5%	1,2%	1,0%
EBITDA meðalvöxtur 2018 til 2022 / 2017 til 2021	3,9%	4,5%	13,1%	8,4%
Ávöxtunarkrafa, WACC	9,2%	9,3%	7,3%	7,4%

Stjórnendur telja að raunhæfar breytingar á lykilforsendum myndu ekki leiða til þess að endurheimtanlegt virði viðskiptavildarinnar yrði lægra en bókfært verð hennar.

18. Sameiginlegur rekstur

Sendafélagið ehf. var stofnað um sameiginlegan rekstur á farsímadreifikerfum Fjarskipta hf. og Nova ehf. Hvort félag um sig á 50% hlut í Sendafélaginu ehf. og er hlutur samstæðunnar í hverjum lið rekstrar og efnahags í Sendafélaginu ehf. færður í samstæðureikning línu fyrir línu.

19. Tekjuskattur

Virkur tekjuskattur greinist þannig:	2017		2016	
Hagnaður fyrir tekjuskatt		1.176		1.280
Tejkuskattur samkvæmt gildandi skatthlutfalli	20,0%	235	20,0%	256
Áhrif skatthlutfalla á erlendum skattasvæðum	(0,1%) (1)		0,1% (1)	
Skattaleg afskrift keyptrar viðskiptavildar	(10,9%) (128)		-	-
Aðrir liðir	(1,3%) (16)		1,4%	18
Virkur tekjuskattur	7,7%	90	19,8%	273

Skýringar, frh.:

20. Tekjuskattskuldbinding

Tekjuskattseign (tekjuskattskuldbinding) greinist þannig	2017		2016	
	Skatteign	Skattskuldb.	Skatteign	Skattskuldb.
Tekjuskattseign (tekjuskattsskuldbinding) í ársbyrjun	-	(103)	199	(40)
Tekjuskattur í rekstrarreikningi	-	(90)	(199)	(74)
Tekjuskattur til greiðslu	-	2	-	4
Áhrif gengis	-	(2)	-	7
Tekjuskattseign (tekjuskattsskuldbinding) í árslok	-	(193)	0	(103)

Skatteign (tekjuskattsskuldbinding) skiptist þannig á liði:	2017		2016	
Rekstrarfjármunir	-	(420)	-	(393)
Aðrir liðir	-	16	-	11
Yfirfæranlegt skattalegt tap	-	211	-	279
Skatteign (tekjuskattsskuldbinding) í árslok	-	(193)	-	(103)

Yfirfæranlegt skattalegt tap samstæðunnar nemur 1.056 millj. króna. Tapið er nýtanlegt á móti skattskyldum tekjum í tíu ár frá því það fellur til, en stærsti hluti tapsins er nýtanlegt til ársins 2018. Það er mat stjórnenda að rekstur samstæðunnar á næstu árum muni skapa skattskyldar tekjur og yfirfæranlegt skattalegt tap muni nýtast að fullu.

Skatteign samstæðunnar greinist þannig:	Staða í upphafi árs	Breyting á árinu	Staða í árslok
Yfirfæranlegt tap ársins 2008 nýtanlegt til 2018	902	(340)	562
Yfirfæranlegt tap ársins 2009 nýtanlegt til 2019	494	-	494
	1.396	(340)	1.056

21. Birgðir

Birgðir í árslok samanstanda af fjarskiptabúnaði til sölu, og óuppsettum sendabúnaði og dagskrárbirgðum. Birgðir að fjárhæð 1.510 millj. kr. (2016: 272 millj. kr.) eru veðsettar til tryggingar á lánum til samstæðunnar.

Birgðir greinast þannig:	2017	2016
Fjarskiptabúnaður til endursölu	197	226
Óuppsettur sendabúnaður (rekstrarvörubirgðir)	14	46
Dagskrárbirgðir	1.299	-
Birgðir í árslok	1.510	272

Dagskrárbirgðir samanstanda af eigin framleiðslu samstæðunnar og aðkeyptu efni og eru færðar á kostnaðarverði eða framleiðsluverði að teknu tilliti til virðisrýrnunar. Framleiðsluverð samanstendur af launakostnaði, keyptum aðföngum ásamt öðrum beinum og óbeinum kostnaði. Við mat á afskriftartíma á dagskrárefni er stuðst við samningsbundinn rétt, m.a. tímabil sýningarréttar og fjölda sýninga.

Í árslok 2017 nam skuldbinding vegna dagskrárefnis utan efnahags 2.170 millj. kr

Skýringar, frh.:

22. Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur

Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur greinast þannig:	2017	2016
Viðskiptakröfur	3.038	2.279
Aðrar skammtímakröfur	189	212
Niðurfærsla viðskiptakrafna	(81)	(160)
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur samtals	3.146	2.331
Breyting á niðurfærslu viðskiptakrafna greinist þannig:		
Staða í ársbyrjun	(160)	(179)
Breyting á niðurfærslu vegna krafna sem kunna að tapast	(10)	(12)
Tapaðar viðskiptakröfur á árinu	89	31
Staða niðurfærslu viðskiptakrafna í lok árs	(81)	(160)

Niðurfærslan byggir á mati stjórnenda og reynslu fyrri ára. Það er álit stjórnenda samstæðunnar að bókfært verð viðskiptakrafna og annarra skammtímakrafna endurspeglir gangvirði þeirra.

Fjallað er um lánsáhættu, gengisáhættu og virðisrýrnun viðskiptakrafna og annarra krafna samstæðunnar í skýringu 27.

Viðskiptakröfur að fjárhæð 2.856 millj. kr. (2016: 2.013 millj. kr.) eru veðsettar til tryggingar á lánnum til samstæðunnar.

23. Eigið fé

Hlutfé

Samtals útgefið hlutfé félagsins samkvæmt samþykktum þess er 2.964 millj. kr. (2016: 2.725 millj. kr.). Á árinu afhenti félagið eigin bréf að nafnverði 85 millj. kr. (2016: endurkaup 88 millj. kr.) og gaf út nýtt hlutfé að nafnverði 239 millj. kr. vegna kaupa á tilteknum eignum og rekstri 365 miðla hf. Í árslok 2017 á félagið engin eigin bréf og er útstandandi hlutfé félagsins því 2.964 millj. kr. Hver hlutur er 10 krónur að nafnverði. Eigendur hluta í félaginu eiga rétt til arðs í hlutfalli við eign sína við arðsúthlutun. Samkvæmt samþykktum Fjarskipta hf. eru engar hömlur lagðar á sölu eða framsal hlutabréfa í félaginu. Hins vegar eru ákveðnar hömlur lagðar á meðferð hluta 365 miðla hf. í félaginu samkvæmt sátt Samkeppniseftirlitsins. (sjá 3. og 4. gr. í viðauka B við ákvörðun Samkeppniseftirlits nr. 42/2017).

Yfirverðsreikningur hlutafjár

Yfirverðsreikningur hlutafjár sýnir það sem hluthafar félagsins hafa greitt umfram nafnverð hlutafjár sem félagið hefur selt. Samkvæmt lögum um hlutafélög skal félagið binda 25% af nafnverði hlutafjár í varasjóði sem ekki má nota til að greiða hluthöfum arð.

Þýðingarmunur

Þýðingarmunur sem verður til við umreikning reikningsskila erlends dótturfélags í íslenskar krónur er færður á sérstakan lið meðal eigin fjár. Ef erlend starfsemi er seld eða lögð niður, að hluta eða öllu leyti, er eiginfjárlíðurinn leystur upp og færður í rekstrarreikning.

Arður

Ekki var greiddur út arður vegna rekstrarársins 2016 og tillaga stjórnar til aðalfundar er að ekki verður greiddur út arður vegna rekstrarársins 2017.

Bundinn reikningur

Samkvæmt 41. gr. ársreikningalaga ber félögum að færa hlutdeild í rekstri dótturfélaga umfram það sem nemur mótteknum arði eða þeim arði sem ákveðið hefur verið að úthluta á bundinn reikning á meðal eigin fjár. Kröfur um bindingu gilda fyrir reikningsskilatímabil sem hófust 1. janúar 2016 og síðar.

Skýringar, frh.:

Áhættuvarnir

Félagið hefur gert vaxtaskiptasamning við viðskiptabanka til að takmarka vaxtaáhættu í samræmi við stefnu stjórnar félagsins.

24. Hagnaður á hlut

Hagnaður á hlut er hlutfall hagnaðar sem tilheyrir hluthöfum í félaginu og vegins meðalfjölda virkra hluta á árinu. Þynntur hagnaður á hlut miðar við hagnað sem ráðstafað er til hluthafa í félaginu og vegins meðalfjölda virkra hluta að teknu tilliti til þynningaráhrifa væntra útgefinna hluta vegna kaupréttar starfsmanna. Þynntur hagnaður á hlut er jafn hagnaði á hlut, þar sem félagið hefur ekki tekið lán sem eru breytanleg í hlutafé eða gert kaupréttarsamninga.

Hagnaður á hlut greinist þannig:	2017	2016
Hagnaður ársins	1.086	1.007
Hlutafé í ársbyrjun	2.640	3.270
Áhrif keyptrá og seldra eigin hluta	7	(45)
Áhrif hlutafjárhækkunar(lækkunar)	20	(365)
Vegið meðaltal útistandandi hluta á árinu	2.667	2.860
Hagnaður á hlut og þynntur hagnaður á hlut	4,10	3,50
Hagnaður á hverja krónu hlutafjár og þynntur hagnaður á hverja krónu hlutafjár	0,41	0,35

Skýringar, frh.:

25. Vaxtaberandi skuldir

Vaxtaberandi langtímaskuldir greinast þannig:	2017	2016
Skuldir við lánastofnanir	11.350	5.715
Næsta árs afborganir	(618)	(431)
Vaxtaberandi langtímaskuldir samtals	10.732	5.284

Vaxtaberandi skammtímaskuldir greinast þannig:	2017	2016
Næsta árs afborganir langtímaskulda	618	431
Vaxtaberandi skammtímaskuldir samtals	618	431

Vaxtaberandi skuldir samkvæmt efnahagsreikningi samtals	2017	2016
	11.350	5.715

Skuldir vegna fjármögnunarhreyfinga	2017	2016
Upphafsstæða skulda	5.715	4.343
Afborganir	(421)	(567)
Ný lán	4.661	1.931
Rekstrarlánalína	1.401	0
Gengismunur	(6)	8
Lokastaða	11.350	5.715

Vaxtaberandi langtímaskuldir í árslok greinast þannig eftir gjaldmiðlum:	2017		2016	
	Vaxtakjör	Eftirstöðvar	Vaxtakjör	Eftirstöðvar
Skuldir í DKK	2,95%	196	2,95%	220
Skuldir í ISK, óverðtryggðar	5,4%	11.154	6,0%	5.495
		11.350		5.715

Afborganir af langtímalánum greinast þannig á næstu ár:	2017	2016
Afborganir 2017	-	431
Afborganir 2018	618	435
Afborganir 2019	748	436
Afborganir 2020	2.150	437
Afborganir 2021	3.300	3.012
Afborganir 2022	451	-
Afborganir síðar	4.083	964
Samtals	11.350	5.715

Í nóvember 2017 var gengið frá fjármögnun á kaupum félagsins á rekstrarhluta og nánar tilgreindum eignum 365 miðla hf. Samið var við Landsbankann um langtímalán til 5,5 ára að fjárhæð 4.670 millj. kr. og hækkun á rekstrarlánalínu úr 1.000 millj. kr. í 1.800 millj. kr. Auk þess hefur félagið aðgengi að yfirdrætti að fjárhæð 200 millj. kr.

Kvaðir í lánssamningum

Í árslok uppfyllti samstæðan allar kvaðir í lánssamningum.

Veðsetningar

Skuldir samstæðunnar við lánastofnanir eru tryggðar með veði í rekstarfjármunum, eignarhlutum í dótturfélögum, bankainnstæðum, viðskiptakröfum og birgðum í samræmi við skýringar 34.

Skýringar, frh.:

26. Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir greinast þannig:	2017	2016
Viðskiptaskuldir	2.296	1.098
Aðrar skammtímaskuldir	1.216	720
Fyrirfram innheimtar tekjur	188	59
Tekjuskattur til greiðslu	2	4
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir samtals	3.702	1.881

Fyrirframinnheimtar tekjur

Fyrirframinnheimtar tekjur eru vegna fyrirframgreiddrar símnotkunar, frestaðra tekna vegna Apple TV tilboðs og annarra fyrirframgreiðslna frá viðskiptavinum.

27. Áhættustýring

a. Yfirlit

Eftirfarandi áhætta fylgir fjármálagerningum samstæðunnar:

Lánsáhætta

Lausafjárahætta

Markaðsáhætta

Hér eru veittar upplýsingar um framangreinda áhættu og markmið, stefnu og aðferðir samstæðunnar við að meta og draga úr áhættunni. Að auki eru veittar tölulegar upplýsingar víða í ársreikningnum.

Stjórn móðurfélags ber ábyrgð á að innleiða og hafa eftirlit með áhættustýringu samstæðunnar.

Markmið samstæðunnar með áhættustýringu er að uppgötva og greina áhættu sem hún býr við, setja viðmið um áhættutöku og hafa eftirlit með henni. Áhættustefna samstæðunnar og aðferðir eru yfirfarnar reglulega til að greina breytingar á áhættu tengdri markaði og starfsemi samstæðunnar.

b. Lánsáhætta

Lánsáhætta er hættan á fjárhagslegu tapi samstæðunnar ef viðskiptamaður eða mótaðili í fjármálagerningi getur ekki staðið við umsamdar skuldbindingar sínar. Lánsáhætta samstæðunnar er einkum vegna viðskiptakrafna og ræðst af fjárhagsstöðu og starfsemi einstakra viðskiptamanna. Stjórnendur hafa innleitt stefnu vegna innheimtu og mánaðarlega er fylgst með áhættu vegna hennar. Mat á innheimtu er unnið reglulega og nauðsynlegar niðurfærslur gerðar.

Samstæðan hefur sett reglur þar sem greiðsluhæfi nýrra viðskiptavina er kannað áður en þeim er veittur gjaldfrestur. Innheimtuferli hefur verið skilgreint fyrir alla flokka viðskiptakrafna, viðskiptakröfur eru yfirfarnar reglulega og kröfur metnar.

Aldursgreining viðskiptakrafna er yfirfarin mánaðarlega og mynduð niðurfærsla vegna áætlaðrar virðisrýmnunar þeirra. Niðurfærslan er reiknuð hlutfallslega miðað við aldur viðskiptakrafna og innheimtusögu samstæðu. Lagt er mat á áhættukröfur og ef ástæða þykir til, er færð sérstök niðurfærsla.

Mesta mögulega tap vegna lánsáhættu

Mesta mögulega tap samstæðunnar vegna fjáreigna er bókfært verð þeirra sem var eftirfarandi í árslok:

	Skýring	Bókfært verð	
		2017	2016
Viðskiptakröfur og aðrar kröfur	22	3.146	2.331
Handbært fé		317	368
Samtals		3.463	2.699
Mesta mögulega tap samstæðunnar á viðskiptakröfum og öðrum skammtímakröfum skiptist með eftirfarandi hætti eftir landsvæðum:			
Ísland		2.875	2.065
Færeyjar		271	266
Samtals		3.146	2.331

Í árslok námu viðskiptakröfur á fimm stærstu viðskiptamenn samstæðunnar 132 millj. kr. (2016: 434 millj. kr.)

Skýringar, frh.:

27. Áhættustýring, frh.:

Viðisrýrnun viðskiptakrafna

Aldur viðskiptakrafna var eftirfarandi í árslok:	Nafnverð kröfu		Niðurfærsla	
	2017	2016	2017	2016
Ógjaldfallið	3.111	2.056	(35)	(34)
Gjaldfallið innan 90 daga	99	204	(12)	(20)
Gjaldfallið fyrir meira en 90 dögum	17	231	(34)	(106)
Heildarstaða viðskiptakrafna í árslok	3.227	2.491	(81)	(160)

Breytingar á niðurfærslu viðskiptakrafna á árinu greinast þannig:

Staða 1. janúar 2017	(160)	(179)
(Gjaldfært) á árinu	(10)	(12)
Raun afskriftir ársins	89	31
Staða í árslok	(81)	(160)

c. Lausafjánhætta

Lausafjánhætta er hættan á því að samstæðan geti ekki staðið við fjárhagsskuldbindingar sínar eftir því sem þær gjaldfalla. Markmið samstæðunnar er að stýra lausafé þannig að tryggt sé að hún hafi alltaf nægt laust fé til að mæta skuldbindingum sínum eftir því sem þær gjaldfalla og forðast þannig að skaða orðspor samstæðunnar.

Félagið hefur sett sér fjárstýringarstefnu þar sem skilgreind er stefna varðandi lausafjárstýringu. Stefnan er til grundvallar um meðhöndlun á handbæru fé og ráðstöfun þess og segir hvernig skuli lágmarka áhættu og tryggja handbært fé til að standa skil á skuldbindingum félagsins. Sjóðstremmisáætlanir eru gerðar mánaðarlega og spáð fyrir um lausafjárþörf. Samstæðan hefur aðgengi að rekstrarlálaninu hjá viðskiptabanka sínum ef á þarf að halda. Ónýtt lánsheimild rekstrarlálaninu og yfirdráttar var 600 millj. kr. í árslok. (2016: 1.200 millj. kr.)

Samningsbundnar afborganir af fjárskuldum, að meðtöldum áætluðum vaxtagreiðslum, greinast þannig: Fjárhæðirnar eru ekki núvirtar.

	Bókfært verð	Umsamið sjóð-streymi	Innan árs	1 til 2 ár	2 til 5 ár	Meira en 5 ár
31. desember 2017						
Fjárskuldir:						
Vaxtaberandi skuldir	11.350	12.380	1.092	1.315	8.146	3.330
Afleiður	171	171	42	45	84	-
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	3.702	3.702	3.702	-	-	-
Samtals	15.223	16.253	4.836	1.360	8.230	3.330
31. desember 2016						
Fjárskuldir:						
Vaxtaberandi skuldir	5.715	7.001	743	741	4.503	1.014
Afleiður	84	84	15	19	49	-
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	1.881	1.881	1.881	-	-	-
Samtals	7.680	8.966	2.639	760	4.552	1.014

Skýringar, frh.:

27. Áhættustýring, frh.:

d. Markaðsáhætta

Markaðsáhætta er hættan á því að breytingar á markaðsverði erlendra gjaldmiðla, vaxta og gengi hlutabréfa hafi áhrif á afkomu samstæðunnar eða virði fjárfestinga hennar í fjármálagerningum. Markmið með stýringu markaðsáhhættu er að stýra og takmarka áhættu við skilgreind mörk, jafnframt því sem ábati er hámarkaður.

(i) Gjaldmiðlagengisáhætta

Starfrækslugjaldmiðill samstæðunnar er íslenskar krónur, en hluti tekna og innkaupa samstæðunnar er í öðrum gjaldmiðlum. Þeir gjaldmiðlar sem einkum skapa gengisáhættu eru evrur (EUR), dollar (USD) og SDR (uppgjörsgjaldmiðill vegna reikis). Fjármála og rekstrarsvið er ábyrgt fyrir að fylgjast með gengisþróun helstu gjaldmiðla með tilliti til áhrifa fjáreigna og fjárskulda í erlendum gjaldmiðli á reikningskilin.

Áhætta samstæðunnar vegna erlendra gjaldmiðla var sem hér segir í nafnverðsfjárhæðum í millj. kr.

31. desember 2017	EUR	USD	SDR
Viðskiptakröfur	84	48	107
Handbært fé	10	-	-
Viðskiptaskuldir	(325)	(539)	(9)
Áhætta í efnahagsreikningi	(231)	(491)	98

31. desember 2016	EUR	USD	SDR
Viðskiptakröfur	27	10	114
Handbært fé	135	57	0
Viðskiptaskuldir	(159)	(105)	(15)
Áhætta í efnahagsreikningi	3	(38)	99

Gengi helstu gjaldmiðla á árinu var sem hér segir:

	Meðalgengi		Árslokagengi	
	2017	2016	2017	2016
EUR	120,54	133,59	125,05	119,13
USD	106,78	120,67	104,42	112,82
SDR	148,03	167,78	148,67	151,75

Næmnigreining

10% styrking íslensku krónunnar gagnvart erlendum gjaldmiðlum í árslok myndi hækka eigið fé og afkomu samstæðunnar um 62 millj. kr. fyrir tekjuskatt, (2016: lækkun 15,4 millj. kr.). Greiningin byggir á að allar aðrar breytur, þ.m.t. vextir, haldist óbreyttar. Greiningin var unnin með sama hætti fyrir árið 2016.

10% veiking íslenskrar krónu gagnvart framangreindum gjaldmiðlum hefði haft sömu áhrif en í gagnstæða átt, að því gefnu að allar aðrar breytur hefðu haldist óbreyttar.

(ii) Vaxtaáhætta

Lántökur samstæðunnar eru allar með breytilegum vöxtum. Samstæðan takmarkar vaxtaáhættu með vaxtaskiptasamningi.

Vaxtaberandi fjárskuldir samstæðunnar greinast með eftirfarandi hætti í lok ársins:	2017	2016
Fjárskuldir með breytilega vexti	11.154	5.495

Breyting á vöxtum um 100 punkta hefði breytt afkomu og eigin fé um 111 millj. kr. fyrir tekjuskatt (2016: 55 millj. kr.). Samstæðan er hvorki með fjáreignir né fjárskuldir á föstum vöxtum. Vaxtaskiptasamningur er fjárskuld á föstum vöxtum og fjáreign á breytilegum vöxtum.

Skýringar, frh.:

27. Áhættustýring, frh.:

e. Gangvirði

Mismunur á gangvirði og bókfærðu verði fjáreigna og fjárskulda er óverulegur.

28. Eiginfjárstýring

Það er markmið félagsins að eiginfjárstaða samstæðunnar sé sterk til að styðja við stöðugleika í framtíðarþróun starfseminnar. Til lengri tíma er markmið um að minnsta kosti 40% eiginfjárlutfall. Eiginfjárlutfall í lok árs 2017 nam 39,9% (2016: 47,6%).

Félaginu ber ekki að fylgja ytri reglum um lágmarkseiginfjárstöðu.

29. Rekstrarleiga

Leiga sem leigutaki

Rekstrarleigugreiðslur greinast þannig:	2017	2016
Innan árs	237	245
Eftir 1 til 5 ár	829	681
Eftir meira en 5 ár	798	772
Samtals	1.864	1.698

Samstæðan hefur gert rekstrarleigusamninga um fasteignir og áhöld og tæki til allt að tíu ára. Á árinu 2017 voru 213 millj. kr. (2016: 218 millj. kr.) gjaldfærðar í rekstrarreikningi vegna rekstrarleigusamninga.

Skýringar, frh.:

30. Tengdir aðilar

Skilgreining tengdra aðila

Aðilar teljast vera tengdir aðilar ef þeir fara með bein eða óbein yfirráð í félaginu eða hafa vald til að stjórna fjárhags- og rekstrarstefnu þess. Meðal tengdra aðila samstæðunnar eru: Lykilstjórnendur, nánir fjölskyldumeðlimir lykilstjórnenda og félög þar sem lykilstjórnendur eða nánir fjölskyldumeðlimir þeirra fara með yfirráð í eða hafa veruleg áhrif á. Hluthafar sem fara með yfirráð eða hafa veruleg áhrif teljast einnig tengdir aðilar.

Viðskipti við stjórn og lykilstjórnendur

Laun og hlunnindi til stjórnenda samstæðunnar vegna starfa fyrir félög samstæðunnar og eignarhlutir í félaginu greinast þannig:	Laun og hlunnindi		Fjöldi hluta árslok 2017
	2017	2016	
Stjórn:			
Heiðar Guðjónsson, stjórnarformaður	8,4	7,6 *	-
Hildur Dungal, varaformaður	3,9	3,5	-
Anna Guðný Aradóttir, stjórnarmaður	4,5	4,1	-
Hjörleifur Pálsson, stjórnarmaður	4,5	4,1	-
Yngvi Halldórsson, stjórnarmaður	4,0	1,0	34.000
Tanya Zahrov	1,0	-	-
Baldur Már Helgason	0,2	-	-
Vilmundur Jósefsson, stjórnarmaður	0,6	3,5	338.977
Aglá Elísabet Hendriksdóttir, varamaður	0,1	0,6	99.471
Tilnefningarnefnd:			
Ásdís Jónsdóttir	1,3	1,1	-
Ragnheiður S. Dagsdóttir	1,3	1,1	-
Lykilstjórnendur:			
Stefán Sigurðsson, forstjóri Fjarskipta hf	56,2	58,4	155.000
Rúnar Reistrup, forstjóri Kall P/F	30,2	3,6	-
Gudny Langgaard, fyrrverandi forstjóri Kall P/F	-	26,5	-
Fimm framkvæmdastjórar samstæðunnar	133,9	95,6 **	173.130

* Heiðar Guðjónsson á ekki eignarhlut í Fjarskiptum hf. en Ursus ehf. fjárhagslega tengdur aðili á 5,9% í félaginu.

**Þrjú framkvæmdastjórar.

Með eignarhlutum eru taldir eignarhlutir maka og ófjárráða barna ásamt eignarhlutum í eigu félaga sem stjórnendurnir ráða.

Önnur viðskipti við stjórn og lykilstjórnendur eru óverulegur þáttur í starfsemi samstæðunnar. Skilmálar og skilyrði viðskipta við stjórn og lykilstjórnendur eru sambærileg við það sem gerist í viðskiptum við ótengda aðila og eru þessi viðskipti því flokkuð sem slík.

Viðskipti við tengda aðila

Sala á vörum og þjónustu til tengdra aðila og félaga tengdra þeim nam 10 millj. kr. á árinu 2017 (2016: 8 millj. kr.), en kaup á vörum og þjónustu námu 4 millj. kr. (2016: 4 millj. kr.).

Skýringar, frh.:

31. Dótturfélög

Fjarskipti hf. átti tvö dótturfélög í árslok 2017. Dótturfélagið P/F Kall í Færeyjum og Ljósleiðarafélagið ehf. sem er að fullu í eigu félagsins. Félagið á hlutdeild í OZ-365 ehf. og á hlutdeild í sameiginlegum rekstri í Sendafélaginu ehf. Miði.is verður hluti af samstæðu frá 1. janúar 2018.

32. Kaup á rekstri

Þann 14. mars 2017 undirrituðu Fjarskipti hf. og 365 miðlar hf. samning um kaup á rekstrarhluta og nánar tilgreindum eignum 365 miðla hf., að undanskildum eignum er varða útgáfu Fréttablaðsins og tímaritsins Glamour. Samkeppnisefirlitið samþykkti kaupin með skilyrðum þann 9. október 2017. Fjarskipti hf. tóku við eignum og rekstri 1. desember 2017 sem eru því hluti af samstæðuuppgjöri Fjarskipta hf. frá þeim tíma. Lokauppgjör vegna kaupanna hefur ekki farið fram.

Kaupverð var greitt með:

Handbært fé	6.193
Hlutfé í Fjarskiptum hf.	2.111
Kaupverð samtals	8.304

Hluti kaupverðsins var greiddur með hlutfé í Fjarskiptum hf., alls 32,4 millj. hlutir á markaðsvirði 2.111 millj. kr. miðað við skráð markaðsverð hlutanna á yfirtökudegi. Þá var hluti kaupverðs í formi uppgreiðslu á langtímaskuld seljanda að upphæð 4.600 millj. kr. sem er sýnt í línunni handbært fé í töflunni hér að ofan. Uppgreiðslugjaldið nam 68 millj. kr.

Kostnaður í tengslum við kaupin að fjárhæð 234 millj. kr. er ekki meðtalinn í kaupverði heldur var gjaldfærður þegar hann féll til. Gjaldfært á árinu 2017 var 201 millj. kr. (2016: 33 millj. kr.)

Neðangreint mat á gangvirði eigna og skulda er í samræmi við bráðabirgða kaupverðsútteilingu. Endanleg kaupverðsútteiling mun liggja fyrir innan 12 mánaða frá yfirtökudegi í samræmi við kröfur IFRS 3.

Mat á eignum og skuldum á yfirtökudegi

Veltufjármunir	
Dagskrárbirgðir	1.263
Fastafjármunir	
Vörumerki og viðskiptasambönd	1.732
Varanlegir rekstrarfjármunir	407
Óefnislegar eignir	64
Eignahlutir í félögum	5
Eignir samtals	3.471
Skammtímaskuldir	
Viðskiptaskuldir	1.243
Fyrirfram innheimtar tekjur	300
Skuldir samtals	1.543
Gangvirði hreinna eigna	1.928
Viðskiptavild	
Kaupverð	8.304
Gangvirði hreinna eigna og skulda	(1.928)
Viðskiptavild vegna kaupanna	6.376

Það er mat stjórnenda að kaupin leiði til samlegðaráhrifa í sameinuðum rekstri samstæðu Fjarskipta og hins keypta reksturs, ekki síst kostnaðarsamlegðar vegna hagkvæmari tæknireksturs. Með viðskiptunum varð til leiðandi fjarskipta- og fjölmiðlafyrirtæki á Íslandi, sem veitir yfir 500 manns atvinnu og býður upp á fjölbreytt vöruframboð og enn betri þjónustu til sinna viðskiptavina.

Áhrif kaupanna á afkomu samstæðunnar

Fjarskipti hf. tóku við eignum og rekstri keypra eininga 365 miðla hf. 1. desember 2017 sem er því hluti af samstæðuuppgjöri Fjarskipta hf. frá þeim tíma. Ef kaupin hefðu átt sér stað 1. janúar 2017 er áætlað að tekjur samstæðunnar hefðu numið 21.549 millj. kr. og hagnaður eftir skatta 1.298 millj. kr.

Skýringar, frh.:

33. Hreyfingar án greiðsluáhrifa

Hluti af kaupverði á tilteknum eignum og rekstri 365 á árinu var greiddur með útgáfu hlutabréfa 1.560 millj. kr. og eigin hlutum 551 millj.kr. Sjá nánar í skýringu 32.

34. Veðsetningar og ábyrgðarskuldbindingar

Á eignum samstæðunnar hvílir tryggingarbréf að fjárhæð 5.500 millj. kr. (2016: 3.072 millj kr.) til tryggingar öllum skuldum og skuldbindingum Fjarskipta hf. við Landsbanka Íslands í árslok 2017. Veðið nær til alls lausafjár, þ.m.t. veð í bifreiðum, fjarskiptabúnaði, leigusamningum, afnotasamningum, vörubirgðum, viðskiptakröfum og vörumerkjum.

Handveð er í öllum hlutabréfum P/F Kall, dótturfélagi Fjarskipta hf., en hlutabréfin standa til tryggingar öllum skuldum Fjarskipta hf. við Landsbankann hf.

35. Önnur mál

Fjarskipti hf. („félagið“) á í málarekstri við einstaklinga, önnur félög og eftirlitsstofnanir á íslenskum fjarskiptamarkaði. Félagið færir skuldbindingar og/eða kröfur vegna málareksturs þegar hægt er að meta framtíðar greiðslur og ávinning með áreiðanlegum hætti. Vegna óvissu um framtíðarþróun málarekstrar, niðurstöður dómsmála, úrskurði, áfrýjanir og sættir í málum geta niðurstöður mála leitt til viðbótar skuldbindinga og kostnaðar fyrir félagið

Fjarskipti hf. gegn Símanum hf.

Félagið hefur stefnt Símanum hf. vegna ólögðs verðþrýstings og nemur stefnuafjáræð í málinu ríflega 900 milljónum króna. Síminn hf. gagnstefndi félaginu og nemur stefnuafjáræð Símans hf. tæplega 2.500. millj. kr. Dómkvaddir matsmenn hafa skilað matsgerðum. Málið er nú til meðferðar hjá EFTA dómstólum þar sem óskað var ráðgefandi álits á tilteknum þáttum þess.

Síminn gegn Póst- og fjarskiptastofnun, Fjarskiptum hf. og NOVA ehf

Síminn hf. stefndi Póst- og fjarskiptastofnun, Fjarskiptum hf. og Nova ehf. til ógildingar á ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar nr. 14/2014. Fól ákvörðunin í sér að Fjarskiptum hf. og Nova ehf. er heimilt að samnýta tíðniheimildar sínar í nýju rekstarfélagi. Málið var þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur 11. desember 2014. Síminn óskað eftir matsgerð sem lögð var fram 30. janúar 2018. Liggur ekki fyrir hvenær aðalmeðferð málsins fer fram.

Síminn gegn Samkeppniseftirlitinu, Fjarskiptum hf. og NOVA ehf.

Síminn hf. stefndi Samkeppniseftirlitinu, Fjarskiptum hf., Nova ehf. og Sendafélaginu til ógildingar á úrskurði áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 7/2015. Fól ákvörðunin í sér að Fjarskiptum hf. og Nova ehf. er heimilt að samnýta tíðniheimildar sínar í nýju rekstarfélagi. Málið var þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur 26. nóvember 2015 en greinargerðir stefndu voru lagðar fram í mars 2016. Síminn óskaði eftir matsgerð sem lögð var fram 30. janúar 2018. Liggur ekki fyrir hvenær aðalmeðferð málsins fer fram.

Önnur mál

Að síðustu má geta þess að félagið á í margháttar ágreiningi við Símann hf. fyrir stjórnvöldum og dómstólum vegna sjónvarpsmála.

Má þar nefna fyrst nefna ágreining um skráningu og notkun á vörumerkinu Tímaflakk. Fjarskipti hf. höfðaði mál og krafðist ógildingar á skráningu Símans á orðmerkinu „tímaflakk“. Héraðsdómur Reykjavíkur hefur nú kveðið upp dóm þess efnis að skráningin skuli felld úr gildi, sbr. nánar kauphallartilkygning Fjarskipta hf., dags. 16. október 2017. Í ljósi þess að áfrýjunarfrestur er nú liðinn liggur fyrir að Síminn hefur ákveðið að una niðurstöðunni.

Í annan stað fékk Síminn lagt á lögbann við því að félagið taki upp og miðli sjónvarpsefni Skjás eins (nú Sjónvarp Símans) með línulegum og ólínulegum hætti. Hefur Héraðsdómur Reykjavíkur staðfest lögbannið og Fjarskipti hf. áfrýjað þeim dómi til Hæstaréttar. Aðalmeðferð hefur ekki verið ákveðin.

Þá hefur Póst- og fjarskiptastofnun tekið stjórnvaldsákvörðun þess efnis að bann fjölmiðlalaga við því að fjölmiðlaveitur beini viðskiptum að eigin fjarskiptanetum taki jafn til línulegs og ólínulegs efnis. Hefur sú formákvörðun verið staðfest af úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála. Síminn hf. höfðaði mál til ógildingar á þeim úrskurði en héraðsdómur hefur nú vísað því máli frá. Póst- og fjarskiptastofnun hefur boðað að ákvörðunar sé að vænta innan skamms í efnisþætti stjórnsýslumálsins.

Á þessum tímapunkti getur félagið ekki metið framtíðar skuldbindingar eða kröfur sem leiða af niðurstöðum ofangreinds málareksturs meðal annars vegna þess að það getur tekið langan tíma að fá niðurstöður í mál ásamt því að mál geta tekið breytingum og próast í ólíkar áttir. Vegna þessa hefur engin skuldbinding né krafa verið færð í árschlutareikning félagsins umfram það sem að ofan greinir.

Skýringar, frh.:

36. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Reikningsskilaaðferðum sem er lýst hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti fyrir öll þau tímabil sem koma fram í ársreikningi samstæðunnar.

Til að auka upplýsingargildi ársreikningsins eru skýringar við hann birtar á grundvelli þess hversu viðeigandi og mikilvægar þær eru fyrir lesandann. Það þýðir að upplýsingar sem metnar eru hvorki mikilvægar né viðeigandi fyrir notanda reikningsskilanna eru ekki birtar í skýringum.

Samstæðan hefur tekið upp alla alþjóðlega reikningsskilastaðla, breytingar á þeim og túlkanir sem Evrópusambandið hefur staðfest og tekið gildi fyrir reikningstímabil sem hefjast 1. janúar 2016 og eiga við um starfsemi samstæðunnar. Samstæðan hefur ekki tekið upp staðla, breytingar á stöðlum eða túlkanir sem taka gildi fyrir reikningstímabil sem hefjast eftir 1. janúar 2018, en heimilt er að taka upp fyrr. Áhrif af upptöku IFRS 15 hafa verið metin og eru áhrif óveruleg fyrir samstæðuna.

a. Grundvöllur samstæðu

(i) Sameiningar fyrirtækja

Kaupaðferðinni er beitt við færslu á kaupum samstæðunnar á eignarhlutum í dótturfélögum. Kaupverðið er metið sem gangvirði þeirra eigna sem látnar eru af hendi, eiginfjárgerninga sem gefnir eru út og skulda sem stofnað er til, eða teknar eru yfir á yfirtökudegi. Eignir, skuldir og skuldbindingar sem eru yfirteknar við sameiningu fyrirtækja eru metnar í upphafi á gangvirði á kaupdegi. Sú fjárhæð kaupverðs sem er umfram gangvirði er skráð sem viðskiptavild. Ef kaupverð er lægra en gangvirði hreinna eigna yfirtekens félags er mismunurinn færður beint til tekna í rekstrarreikningi.

(ii) Dótturfélög

Dótturfélög eru þau félög þar sem samstæðan fer með yfirráð. Samstæðan fer með yfirráð þegar hún ber áhættu eða hefur ávinning af breytilegri arðsemi af hlutdeild sinni í félaginu og getur haft áhrif á arðsemina vegna yfirráða sinna. Reikningsskil dótturfélaga eru innifalin í samstæðureikningnum frá því að yfirráð nást og þar til þeim lýkur.

(iii) Hlutdeild í hlutdeildarfélögum

Eignahlutir í hlutdeildarfélögum eru færðir með hlutdeildaraðferð. Hlutdeildarfélög eru þau félög sem samstæðan hefur veruleg áhrif á fjárhags- og rekstrarstefnu, en ekki yfirráð. Hlutdeildarfélög eru upphaflega færð á kostnaðarverði sem innifelur viðskiptakostnað. Eftir upphaflega skráningu er hlutdeild samstæðunnar í afkomu og heildarafkomu hlutdeildarfélaga færð í samstæðureikninginn þar til verulegum áhrifum eða sameiginlegum yfirráðum lýkur.

(iv) Sameiginlegur rekstur

Sameiginlegur rekstur er sameiginlegt fyrirkomulag þar sem samstæðan hefur rétt til eigna og skuldbindinga vegna skulda sem tengjast fyrirkomulaginu. Hlutdeild samstæðunnar í hverjum lið rekstrarreiknings og efnahagsreiknings sameiginlegs rekstrar er færð línu fyrir línu í samstæðureikninginn.

(v) Viðskipti felld út við gerð samstæðureiknings

Viðskipti milli félaga innan samstæðunnar, stöður milli þeirra og óinnleystar tekjur og gjöld sem myndast hafa í viðskiptum milli félaganna eru felld út við gerð ársreiknings samstæðunnar. Óinnleyst tap er felld út með sama hætti og óinnleystur hagnaður, en aðeins að því marki að ekkert bendi til virðisrýrnunar.

b. Tekjur

(i) Seldar vörur og þjónusta

Tekjur eru færðar þegar samstæðan hefur afhent vöru, gagnamagn eða veitt þjónustu í samræmi við samninga, meginhluti áhættu og ávinnings flyst til kaupanda, innheimta greiðslu er líkleg, hægt er að meta fjárhæð teknanna, tengdan kostnað og vöruskil með áreiðanlegum hætti og engin áframhaldandi afskipti eru af vörunni eða þjónustunni. Tekjur af sölu eru metnar á gangvirði greiðslunnar sem er móttækin eða innheimtanleg, að frádregnum afsláttum.

Tekjur samstæðunnar samanstanda í meginatriðum af farsíma-, gagnaflutnings- og fastlínubjónustu og tekjum af fjölmiðlun ásamt tekjum af leigu á búnaði og annarri þjónustu, vörusölu og auglýsingum. Tekjur flokkast í mánaðargjöld, notkun á magni, leigu á efni eða búnaði, þjónustu, vörusölu og auglýsingar.

Mánaðargjöld eru tekjufærð á viðkomandi tímabil en tekjur vegna notkunar eru færðar á því tímabili sem notkun á sér stað. Tekjur eru færðar í samræmi við þá samninga sem til staðar eru og afslættir tengdir veltu og/eða notkun færðir til lækkunar á tekjum innan hvers tímabils.

Skýringar, frh.:

36. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.:

c. Leigugreiðslur

Greiðslur vegna rekstrarleigusamninga eru færðar línulega í rekstrarreikning á leigutímanum. Mótteknir leiguhvatar eru færðir til lækunar leigukostnaðar á gildistíma leigusamnings.

d. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur samanstanda af vaxtatekjum, arðstekjum, söluhagnaði og gengishagnaði af erlendum gjaldmiðlum. Vaxtatekjur eru færðar í rekstrarreikning eftir því sem þær falla til og er miðað við virka vexti. Arðstekjur eru færðar í rekstrarreikning á þeim degi sem arðsúthlutun er samþykkt.

Fjármagnsgjöld samanstanda af vaxtakostnaði af lántökum, gengistapi af erlendum gjaldmiðlum og virðisrýrnun hluta fjáreigna. Lántökukostnaður er færður í rekstrarreikning miðað við virka vexti.

Hagnaði og tapi vegna gengisbreytinga erlendra gjaldmiðla er jafnað saman.

e. Tekjuskattur

Tekjuskattur af afkomu ársins er frestaður tekjuskattur og skattur til greiðslu. Tekjuskattur er færður í rekstrarreikning nema þegar hann tengist liðum sem eru færðir beint á eigið fé eða í yfirlit um heildarkomu, en þá er hann færður á þá liði.

Frestaður tekjuskattur er færður vegna tímabundins mismunar á bókfærðu verði eigna og skulda í ársreikningnum annars vegar og skattverði þeirra hins vegar. Útreikningur á frestuðum skatti byggist á því skatthlutfalli sem vænst er að verði í gildi þegar tímabundinn mismunur kemur til með að snúast við, miðað við gildandi lög á uppgjörsteggi.

Frestaður tekjuskattur er ekki færður vegna fjárfestinga í dótturfélögum. Frestaður tekjuskattur er ekki reiknaður fyrir viðskiptavild sem ekki er frádráttarbær samkvæmt skattalögum.

Skatteign er einungis færð að því marki sem líklegt er talið að skattskyldur hagnaður verði til ráðstöfunar í framtíðinni sem unnt verður að nýta eignina á móti. Skatteign er metin á hverjum uppgjörsteggi og lækkuð að því marki sem talið er líklegt að hún nýtist ekki. Virkur tekjuskattur samstæðunnar var 21,4% (2016: 21,3%)

f. Erlendir gjaldmiðlar

(i) Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð í starfrækslugjaldmiðla einstakra samstæðuafélaga á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar á gengi uppgjörsteggs. Aðrar eignir og skuldir, sem metnar eru á gangvirði í erlendri mynt, eru færðar á því gengi sem var í gildi þegar gangvirði þeirra var ákvarðað. Gengismunur sem myndast vegna viðskipta í erlendum gjaldmiðlum er færður í rekstrarreikning.

(ii) Erlend dótturfélög

Eignir og skuldir erlendra starfsemi, að meðtalinni viðskiptavild, eru umreiknaðar í íslenskar krónur miðað við gengi uppgjörsteggs. Tekjur og gjöld erlendu starfseminnar eru umreiknuð í íslenskar krónur á meðalgengi ársins. Gengismunur sem myndast við yfirfærslu í íslenskar krónur er færður á sérstakan lið í yfirliti um heildarafkomu. Þegar erlend starfsemi er seld, að hluta til eða öllu leyti, er tengdur gengismunur fluttur í rekstrarreikning.

g. Fjármálagerningar

(i) Fjármálagerningar aðrir en afleiðusamningar

Fjáreignir sem ekki eru afleiðusamningar teljast fjárfestingar í hlutabréfum, handbært fé, viðskiptakröfur og aðrar kröfur.

Kröfur og innstæður eru færðar til bókar á þeim degi sem til þeirra er stofnað. Allar aðrar fjáreignir eru upphaflega færðar á þeim degi sem félagið gerist aðili að samningsbundnum ákvæðum fjármálagerningsins.

Fjáreignir eru afskráðar ef samningsbundinn réttur félagsins að sjóðstreymi vegna fjáreignanna rennur út eða ef félagið framselur rétt til sjóðstreymis af eigninni til annars aðila án þess að halda eftir yfirráðum eða því sem næst allri þeirri áhættu og ávinningi sem í eignarhaldinu felst. Sá hluti af framseldum fjáreignum sem stofnað er til eða haldið er eftir af félaginu er sérgreindur í ársreikningi sem eign eða skuld.

Skýringar, frh.:

36. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.:

g. Fjármálagerningar, frh.:

(i) Fjármálagerningar aðrir en afleiðusamningar, frh.:

Fjáreignir sem ekki eru afleiðusamningar eru færðar á gangvirði við upphaflega skráningu í bókhald. Þegar fjáreignir eru ekki metnar á gangvirði í gegnum rekstrarreikning er allur beinn viðskiptakostnaður færður til hækkunar á virði þeirra við upphaflega skráningu í bókhald.

Kröfur

Lán og kröfur eru fjáreignir með föstum eða ákvarðanlegum greiðslum, sem ekki eru skráðar á virkum markaði. Slíkar eignir eru upphaflega færðar á gangvirði að viðbættum öllum tengdum viðskiptakostnaði. Eftir upphaflega skráningu eru lán og kröfur metin á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti, að frádreginni virðisrýrnun þegar við á. Lán og kröfur samanstanda af viðskiptakröfum og öðrum kröfum.

Handbært fé

Til handbærs fjár teljast sjóður og óbundnar bankainnstæður sem eru til ráðstöfunar innan þriggja mánaða.

(ii) Afleiður

Samstæðan notar viðtekin verðmatslíkön til að fá fram gangvirði á vaxtaskiptasamningi. Við matið er stuðst við sjóðstreymislíkan. Afleiður með jákvætt gangvirði eru færðar í efnahagsreikning sem eignir og afleiður með neikvætt gangvirði eru færðar sem skuldir. Samstæðan beitir áhættuvarnarreikningsskilum, sjá nánar skýringu

(iii) Fjárskuldir aðrar en afleiðusamningar

Til fjárskulda samstæðunnar annarra en afleiðusamninga teljast lántökur, viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir.

Fjárskuldir eru færðar á þeim degi þegar samstæðan gerist aðili að samningsbundnum ákvæðum fjármálagerningsins.

Samstæðan afskráir fjárskuld þegar samningsbundnum skyldum vegna skuldageringsins er lokið, þær felldar niður eða falla úr gildi.

Samstæðan flokkar fjárskuldir aðrar en afleiðusamninga sem aðrar fjárskuldir. Slíkar skuldir eru upphaflega færðar á gangvirði að viðbættum tengdum viðskiptakostnaði. Eftir upphaflega skráningu eru þessar fjárskuldir metnar á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti.

Fjáreignum og fjárskuldum er jafnað saman og hrein fjárhæð færð í efnahagsreikning þegar og aðeins þegar lagalegur réttur samstæðunnar er til staðar um jöfnun og fyrirhugað er annaðhvort að gera upp með jöfnun fjáreigna og fjárskulda eða innleysa eignina og gera upp skuldina á sama tíma.

(iv) Hlutfé

Almennir hlutir

Almenn hlutabréf eru hluti eigin fjár. Beinn kostnaður vegna útgáfu almennra hlutabréfa og valréttá vegna hlutabréfa er færður til lækkunar á yfirverðsreikningi hlutafjár.

Kaup á eigin hlutum

Þegar samstæðan kaupir eigin hluti er kaupverðið, að meðtöldum beinum kostnaði vegna þeirra, fært til lækkunar á eigin fé. Þegar eigin hlutir eru seldir eða endurútfærir er eigið fé hækkað og hagnaður eða tap af viðskiptunum fært á óráðstafað eigið fé.

h. Rekstrarfjármunir

(i) Eignir í eigu samstæðunnar

Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði, að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun.

Kostnaðarverð samanstendur af beinum kostnaði sem fellur til við kaupin. Kostnaðarverð rekstrarfjármuna sem samstæðan byggir sjálf innifelur efniskostnað, launakostnað og annan kostnað sem fellur til við að koma eigninni í notkun og eignfærðan fjármagnskostnað. Aðkeyptur hugbúnaður sem er nauðsynlegur hluti til að starfrækja viðkomandi búnað er færður til eignar sem hluti af búnaði.

Skýringar, frh.:

36. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.:

h. Rekstrarfjármunir, frh.:

(i) Eignir í eigu samstæðunnar, frh.:

Þegar rekstrarfjármunir eru samsettir úr einingum með ólíkan nýtingartíma eru einingarnar aðgreindar og afskrifaðar miðað við nýtingartímann.

Hagnaður eða tap af sölu rekstrarfjármuna er munurinn á söluverðinu og bókfærðu verði eignarinnar og er fært í rekstrarreikning meðal annarra tekna eða rekstrarkostnaðar.

(ii) Kostnaður sem fellur til síðar

Kostnaður við að endurnýja einstaka hluta rekstrarfjármuna er færður til eignar ef líklegt er talið að ávinningur sem felst í eigninni muni renna til samstæðunnar og hægt er að meta kostnaðinn á áreiðanlegan hátt. Allur annar kostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar til hans er stofnað.

(iii) Afskriftir

Afskriftir eru reiknaðar og færðar í rekstrarreikning línulega miðað við áætlaðan nýtingartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna. Afskriftartími hefst þegar eignirnar eru tilbúnar til notkunar.

Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Fasteignir	33 ár
Fjarskiptabúnaður	3 til 20 ár
Áhöld, tæki, bifreiðar og innréttingar	1 til 7 ár
Ljósvakabúnaður	4 til 7 ár

Afskriftaraðferðir, nýtingartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörssdegi.

i. Óefnislegar eignir

(i) Viðskiptavild

Viðskiptavild verður til við kaup á dótturfélagum eða við bein kaup hennar frá þriðja aðila.

Viðskiptavild er mismunurinn á kostnaði við yfirtöku dótturfélags og gangvirði yfirtekinna eigna, skulda og óvissra skulda. Þegar neikvæð viðskiptavild myndast er hún tekjufærð jafnóðum í rekstrarreikningi.

(ii) Síðara mat

Viðskiptavild er færð á kostnaðarverði að frádreginni uppsafnaðri virðisrýmun.

(iii) Aðrar óefnislegar eignir

Aðrar óefnislegar eignir sem samstæðan hefur keypt og hafa takmarkaðan nýtingartíma eru færðar á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýmun þar sem við á.

(iv) Kostnaður sem fellur til síðar

Kostnaður sem fellur til síðar er einungis eignfærður ef hann eykur efnahagslegan framtíðarávinning sem felst í eign sem kostnaðurinn varðar. Annar kostnaður, þar á meðal vegna viðskiptavildar og vörumerkja, sem myndast hefur innan samstæðunnar er færður í rekstrarreikning þegar til hans er stofnað.

(v) Afskriftir

Afskriftir óefnislegra eigna, annarra en viðskiptavildar, eru færðar línulega í rekstrarreikning miðað við áætlaðan nýtingartíma þeirra. Afskriftartími hefst þegar eignirnar eru tilbúnar til notkunar. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Hugbúnaður	10 ár
Aðrar óefnislegar eignir	3 til 10 ár

Skýringar, frh.:

36. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.:

j. Birgðir

Birgðir eru færðar á kostnaðarverði eða hreinu söluverði, hvoru sem lægra reynist. Kostnaðarverð birgða er byggt á „fyrst inn - fyrst út“ reglunni og tekur til kostnaðar sem stofnað hefur verið til við kaup birgðanna og við að koma þeim á núverandi stað og í núverandi ástand. Hreint söluverði er áætlað söluverð í venjulegum viðskiptum að frádregnum áætluðum kostnaði við að selja vöru.

Dagskrárbirgðir eru færðar á kostnaðarverði eða framleiðsluverði að teknu tilliti til virðisrýrnunar. Framleiðsluverð samanstendur af launakostnaði, keyptum aðföngum ásamt öðrum beinum og óbeinum kostnaði. Við mat á afskriftartíma á dagskrárefni er stuðst við samningsbundinn rétt samstæðunnar, m.a. tímabil sýningarréttar og fjölda sýninga.

k.

(i) Fjáreignir

Á hverjum uppgjörssdegi er kannað hvort til staðar er hlutlæg vísbending um virðisrýrnun fjáreigna. Fjáreign hefur rýrnað í virði ef hlutlægar vísbendingar eru um að einn eða fleiri atburðir, sem hafa orðið, hafa áhrif á vænt framtíðarsjóðstreymi eignarinnar og hægt er að meta virðisrýrnun með áreiðanlegum hætti.

Virðisrýrnun fjáreigna, sem metnar eru á afskrifuðu kostnaðarverði, er reiknuð sem mismunur bókfærðs verðs og núvirðis áætlaðs framtíðarfjárflæðis, afvaxtað miðað við upphaflega virka vexti. Einstakar mikilvægar fjáreignir eru prófaðar sérstaklega hver um sig með tilliti til virðisrýrnunar. Aðrar fjáreignir eru flokkaðar saman eftir eiginleikum þeirra og hver flokkur metinn sérstaklega með tilliti til virðisrýrnunar.

Virðisrýrnun fjáreigna er færð í rekstrarreikning.

Virðisrýrnun er bakfærð ef unnt er að tengja bakfærsluna með hlutlægum hætti við atburð sem átt hefur sér stað eftir að virðisrýrnun var færð.

(ii) Aðrar eignir en fjáreignir

Á hverjum uppgjörssdegi er lagt mat á hvort eignir samstæðunnar sem ekki teljast til fjáreigna, kunni að hafa orðið fyrir virðisrýrnun. Ef vísbendingar eru til staðar um að virðisrýrnun hafi átt sér stað, er lagt mat á endurheimtanlega fjárhæð viðkomandi eigna. Virðisrýrnunarpróf eru gerð að minnsta kosti árlega á viðskiptavild.

Virðisrýrnun er færð þegar bókfært verð eignar, eða fjárskapandi einingar sem hún tilheyrir, er hærra en endurheimtanleg fjárhæð. Fjárskapandi eining er minnsti aðgreinanlegi flokkur eigna sem skapar sjóðstreymi sem að mestu er óháð öðrum eignum og eignaflokkum. Virðisrýrnun er færð í rekstrarreikning. Virðisrýrnun fjárskapandi einingar er fyrst færð til lækkunar á bókfærðu verði viðskiptavildar sem til staðar er innan viðkomandi einingar. Virðisrýrnun umfram viðskiptavild er svo hlutfölluð með hlöðsýn af bókfærðu verði einstakra eigna hinnar fjárskapandi einingar og færð til lækkunar á þeim.

Endurheimtanleg fjárhæð eigna eða fjárskapandi einingar er nýtingarvirði eða gangvirði að frádregnum sölukostnaði, hvort sem hærra reynist. Nýtingarvirði er fundið með því að núvirða áætlað framtíðarsjóðstreymi. Við útreikninginn er miðað við afvöxtunarhlutfall fyrir skatta sem endurspeglar núgildandi mat markaðar á tímavirði peninga og þeirri sérstöku áhættu sem eignin felur í sér.

Virðisrýrnun viðskiptavildar er ekki bakfærð. Á hverjum uppgjörssdegi er lagt mat á hvort vísbendingar séu til staðar um að virðisrýrnun, sem færð hefur verið vegna annarra eigna en viðskiptavildar, eigi ekki lengur við. Virðisrýrnun er bakfærð ef breyting hefur orðið á því mati sem lá til grundvallar við ákvörðun endurheimtanlegrar fjárhæðar. Virðisrýrnun er aðeins bakfærð að því marki að bókfært verð eignar verði ekki hærra en það hefði verið á þeim degi sem bakfærsla er gerð ef engin virðisrýrnun hefði átt sér stað.

l. Hlunnindi starfsmanna

(i) Iðgjaldatengdur lífeyrissparnaður

Samstæðan greiðir iðgjöld vegna starfsmanna sinna til sjálfstæðra iðgjaldatengdra lífeyrissjóða. Samstæðan ber enga ábyrgð á skuldbindingum sjóðanna. Iðgjöldin eru gjaldfærð í rekstrarreikningi eftir því sem þau falla til.

Skýringar, frh.:

36. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.:

I. Hlunnindi starfsmanna, frh.:

(ii) Skammtímaréttindi starfsmanna

Skammtímaréttindi starfsmanna eru gjaldfærð þegar viðkomandi starf er innt af hendi.

Skuldbinding vegna launaauka eða ágóðahluta starfsmanna er færð í ársreikninginn ef samstæðan hefur lagalega eða ætlaða skuldbindingu til að greiða þessa fjárhæð vegna starfs sem hefur verið innt af hendi og hægt er að áætla skuldbindinguna með áreiðanlegum hætti.

m. Skuldbindingar

Skuldbinding er færð þegar samstæðan ber lagalega eða ætlaða skuldbindingu vegna liðinna atburða, líklegt er talið að til greiðslu komi og hægt er að meta hana á áreiðanlegan hátt.

Skuldbindingar eru metnar miðað við vænt framtíðarsjóðstreymi, sem er núvirt með vöxtum fyrir skatta, þar sem vextirnir endurspeglar mat markaðarins á tímavirði peninga hverju sinni og þá áhættu sem fylgir einstökum skuldbindingum.

n. Hagnaður á hverja krónu hlutafjár

Í ársreikningnum er sýndur grunnhagnaður á hverja krónu hlutafjár og þynntur hagnaður á hverja krónu hlutafjár fyrir almenna hluti í félaginu. Grunnhagnaður á hverja krónu hlutafjár er hlutfall hagnaðar, sem ráðstafað er til hluthafa í móðurfélaginu, og vegins meðaltals hluta á árinu. Þynntur hagnaður á hverja krónu hlutafjár er jafn grunnhagnaði þar sem félagið hefur ekki gert kaupréttarsamninga eða gefið út breytanleg skuldabréf.

o. Starfspáttayfirlit

Starfspáttayfirlit sýnir skiptingu rekstrartekna eftir starfspáttum og landsvæðum. Starfspáttur er hluti samstæðunnar sem fæst við viðskipti og er fær um að afla tekna og stofna til gjalda, að meðtöldum tekjum og gjöldum vegna viðskipta við aðra hluta samstæðunnar. Starfspáttir samstæðunnar eru reglulega yfirfarnir af stjórnendum til að meta frammistöðu þeirra.

Stjórnarháttayfirlýsing

Með yfirlýsingu þessari um stjórnarhætti Fjarskipta hf. (Vodafone) er félagið að fylgja þeim viðurkenndu leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja sem gefnar eru út af Viðskiptaráði Íslands í samstarfi við Samtök atvinnulífsins og Nasdaq Iceland, með það að markmiði að styrkja innviði Fjarskipta hf. og auka gagnsæi.

Lög og reglur

Stjórnarhættir Fjarskipta hf. taka mið af lögum nr. 2/1995 um hlutafélög, lögum nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti, lögum nr. 81/2003 um fjarskipti, lögum nr. 38/2011 um fjölmiðla og öðrum almennum lögum sem gilda um starfsemina, reglum um útgefendur fjármálagerninga, samþykktum félagsins, starfsreglum stjórnar og einstakra undirnefnda stjórnar. Lögín má nálgast á vef Alþingis, www.althingi.is, en samþykktir og reglur félagsins á vodafone.is.

Félagið hefur verið vottað fyrirmyndarfyrirtæki í góðum stjórnarháttum og fylgir leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja sem hægt er að nálgast á heimasíðu Viðskiptaráðs Íslands, www.vi.is. Fjarskipti hf. hefur einnig fengið vottað og staðfest að stjórnkerfi fyrirtækisins fyrir upplýsingaöryggi samræmist alþjóðlega upplýsingaöryggisstaðlinum ISO 27001. Þá hefur fyrirtækið fengið Hvatningarverðlaun jafnréttismála.

Stjórn Fjarskipta hf. 2017

Í stjórn Fjarskipta sitja fimm aðalmenn og tveir varamenn og eru þeir allir kosnir á aðalfundi félagsins til eins árs í senn. Forstjóri situr stjórnarfundum ásamt framkvæmdastjóra fjármála- og rekstrarsviðs, auk þess sem aðalögfræðingur félagsins situr fundina sem ritari stjórnar. Stjórn félagsins ásamt forstjóra fer með æðsta vald í málefnum félagsins milli hluthafafunda og ber meginábyrgð á rekstri þess. Stjórnin hefur lögbundnu hlutverki að gegna sem henni ber sjálfri að annast nema heimild sé veitt í lögum til að framselja valdið með umboði.

Á árinu 2017 voru bókaðir 12 formlegir stjórnarfundir. Góð mæting stjórnarmanna var á stjórnarfundum og var stjórn ákvörðunarbær á öllum fundum ársins. Sama gildir um mætingu og ákvörðunarbærni á fundum undirnefnda stjórnar. Hlutverk varamanna í stjórn félagsins felst í að taka þátt í aukafundum en ekki almennum stjórnarstörfum nema þeir séu kallaðir inn í forföllum aðalmanna á stjórnarfundum.

Á aðalfundi 16. mars 2017 var kosið að nýju í aðal- og varastjórn félagsins. Við árslok 2017 var aðal- og varastjórn Fjarskipta hf. því skipuð eftirfarandi aðilum:

Aðalmenn

Heiðar Guðjónsson, stjórnarformaður, er fæddur árið 1972 og er að aðalstarfi framkvæmdastjóri eigin fjárfestingarfélag, Ursus ehf. Hann var fyrst kosinn í stjórn félagsins 11. apríl 2013. Heiðar hefur lokið prófi í hagfræði frá Háskóla Íslands. Hann situr einnig í stjórn Ursus ehf., Köldukvíslar hf., Innviða fjárfestinga slhf. og HS Veitna hf. Heiðar á ekki eignarhlut í félaginu en fjárhagslega tengdur aðili honum, Ursus ehf., átti 5,9% hlut í félaginu í árslok 2017.

Hildur Dungal, varaformaður stjórnar, er fædd árið 1971 og er starfandi lögfræðingur hjá dómsmálaráðuneytinu. Hún var fyrst kosin varamaður í stjórn félagsins 9. nóvember 2012 en síðan aðalmaður í stjórn félagsins 11. apríl 2013. Hildur hefur lokið embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands. Hún er formaður stýrihóps stjórnvalda um varnir gegn peningapvætti og fjármögnun hryðjuverka, varamaður í stjórn Bankasýslu ríkisins og situr einnig í stjórn Origo áður Nýherja hf. Hildur á ekki eignarhlut í félaginu.

Anna Guðný Aradóttir er fædd árið 1956 og er að aðalstarfi forstöðumaður markaðs- og samskiptamála Samskipa hf. Hún var fyrst kosin sem varamaður í stjórn félagsins 29. ágúst 2012, en varð síðan aðalmaður í stjórn félagsins 9. nóvember 2012. Hún hefur lokið viðskipta- og rekstrarnámi frá Háskóla Íslands og hefur MBA gráðu frá Háskólanum í Reykjavík. Anna Guðný situr í stjórn Lyfja & heilsu hf. og Faxe ehf. Anna Guðný á ekki eignarhlut í félaginu.

Hjörleifur Pálsson er fæddur árið 1963. Hann var fyrst kosinn í stjórn félagsins 11. apríl 2013. Hjörleifur er viðskiptafræðingur að mennt, útskrifaður með Cand Oecon gráðu frá Háskóla Íslands 1988. Hann hlaut löggildingu til endurskoðunarstarfa árið 1989. Hjörleifur er stjórnarformaður og formaður háskólaráðs Háskólans í Reykjavík, stjórnarformaður OK eignarhaldsfélags hf. og dótturfélaga (Rafnar ehf. o.fl.) situr í fjárfestingarráði Akurs fjárfestinga slhf., í stjórn Brunns vaxtarsjóðs slhf. og Framtakssjóðs Íslands slhf., hann er jafnframt í stjórn lyfjafyrirtækjanna Florealis ehf. og Lotus Pharmaceutical Co., Ltd í Taiwan auk þess að sitja í stjórn Ankra ehf. Hjörleifur á ekki eignarhlut í Fjarskiptum hf.

Stjórnarháttayfirlýsing, frh.:

Aðalmenn frh.

Yngvi Halldórsson er fæddur árið 1977. Yngvi, sem er með B.S. gráðu í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands, er að aðalstarfi eigandi og meðeigandi í fjárfestingarfélaginu Icora Partners GP sem rekur m.a. framtakssjóðinn Umbreytingu. Yngvi starfaði hjá Össur frá árinu 2008 til 2018 og gegndi þar ýmsum störfum. Síðast sem CIO and VP of Global Business Services. Árin 2006 til 2008 var Yngvi sjóðsstjóri erlendra hlutabréfasjóða hjá Landsvaka ehf. en þar áður stýrði hann innleiðingum og samþættingum á upplýsingakerfum Össur Americas. Á árunum 2000 til 2005 starfaði Yngvi sem ERP ráðgjafi í Dynamics Nav hjá Maritech ehf. Yngvi á 0,01% hlut í félaginu í árslok 2017.

Varamenn

Baldur Már Helgason og Tanya Zharov.

Allir stjórnarmenn félagsins teljast vera óháðir félaginu, viðskiptaaðilum, samkeppnisaðilum og stórum hluthöfum að undanskyldum Heiðari Guðjónssyni sem er eigandi Ursus ehf. sem var sjötti stærsti hluthafinn í félaginu í lok árs 2017.

Helstu hlutverk stjórnar

- Meginhlutverk stjórnar Fjarskipta hf. er að marka félaginu stefnu og að hafa eftirlit með framkvæmd hennar. Kjarni stefnunnar er að hagsmunir viðskiptavina, eigenda og starfsmanna séu hafðir að leiðarljósi. Áhersla er lögð á traustan og arðbæran rekstur og að rekstraráhætta sé lágörkuð.
- Gæta þess að starfsemi félagsins sé í samræmi við tilgang þess samkvæmt samþykktum og markaðri stefnu félagsins.
- Taka ákvarðanir í málum sem telja verður óvenjuleg eða mikilsháttar.
- Gæta þess að skipulag félagsins og starfsemi sé jafnan í góðu horfi, t.d. hvað varðar reikningskil, innra eftirlit og fjárhagsáætlanir.
- Sjá til þess að nægilegt eftirlit sé haft með reikningshaldi og meðferð fjármuna félagsins.
- Ráða forstjóra og veita honum lausn.

Starfsreglur stjórnar

Núgildandi starfsreglur stjórnar voru samþykktar af stjórn þann 2. maí 2017. Starfsreglur stjórnar eru aðgengilegar á vefsíðu félagsins, www.vodafone.is.

Árangursmat stjórnar

Stjórn félagsins framkvæmdi formlegt árangursmat þann 15. febrúar 2017. Helstu þættir sem lagt var mat á voru:

1. Störf stjórnar, verklag og starfshættir
2. Virkni stjórnar
3. Frammistaða stjórnarformanns og forstjóra
4. Undirnefndir stjórnar
5. Þróun félagsins

Forstjóri Fjarskipta hf.

Í lok árs 2017 var forstjóri félagsins Stefán Sigurðsson og hefur hann með höndum stjórn á daglegum rekstri félagsins og kemur fram fyrir hönd þess í málum sem varða venjulegan rekstur. Hlutverk hans er skilgreint nánar í samþykktum félagsins, starfsreglum stjórnar og ráðningarsamningi.

Stefán Sigurðsson er fæddur árið 1972 og gegndi áður starfi framkvæmdastjóra VÍB, Eignastýringarsviðs Íslandsbanka, auk þess að sitja í framkvæmdastjórn, viðskiptanefnd og fjárfestingarráði bankans ásamt öðrum undirnefndum. Stefán hóf störf á fjármálamarkaði árið 1997 og hefur á þeim tíma starfað á breiðu sviði, auk eignastýringar, það er fyrirtækjaráðgjafar, markaðsviðskipta, viðskiptaþróunar og samskipta bæði á Íslandi og erlendis. Stefán er með MSc. gráðu í hagfræði frá Kaupmannahafnarháskóla og BS. af sama sviði frá Háskóla Íslands.

Stefán var ráðinn til starfa 9. maí 2014. Hann átti 0,05% hlut í Fjarskiptum hf. í lok árs 2017 en hann er ekki með kaupréttarsamninga við félagið. Hagsmunatengsl við viðskiptaaðila, samkeppnisaðila og stóra hluthafa eru engin. Stefán er í stjórn Viðskiptaráðs. Hann gegnir ekki öðrum trúnaðarstörfum í öðrum félögum, þ.m.t. stjórnarsetu.

Stjórnarháttayfirlýsing, frh.:

Undirnefndir stjórnar

Í endurskoðunarnefnd Fjarskipta hf. sitja þrír nefndarmenn skipaðir af stjórn félagsins til eins árs í senn. Nefndin hefur sett sér starfsreglur sem yfirfarnar eru og bornar upp til staðfestingar í stjórn árlega, síðast 2. maí 2017. Hlutverk nefndarinnar er m.a. að tryggja gæði ársreikninga og annarra fjármálaupplýsinga og óhæði endurskoðenda þess. Endurskoðunarnefnd yfirfer einnig stjórnarháttayfirlýsingu félagsins ár hvert. Endurskoðunarnefnd skal skila skýrslu um störf sín til stjórnar árlega.

Við árslok 2017 var endurskoðunarnefnd Fjarskipta hf. skipuð Hjörleifi Pálssyni, formanni nefndarinnar, Hildi Dungal og Yngva Halldórssyni. Nefndin kom sex sinnum saman á árinu. Allir nefndarmenn eru óháðir endurskoðendum Fjarskipta hf., daglegum stjórnendum og stórum hluthöfum.

Í starfskjaranefnd Fjarskipta hf. sitja þrír nefndarmenn og eru skipaðir af stjórn félagsins til eins árs í senn. Starfskjaranefnd hefur sett sér starfsreglur og voru þær staðfestar á stjórnarfundi félagsins 2. maí 2017. Hlutverk nefndarinnar er að undirbúa og koma með tillögur að kjörum stjórnarmanna og vera stefnumarkandi um kjör forstjóra og framkvæmdastjóra. Starfskjaranefnd útbýr starfskjarastefnu Fjarskipta hf.

Við árslok 2017 var starfskjaranefnd Fjarskipta hf. skipuð Önnu Guðnýju Aradóttur, formanni nefndarinnar, Heiðari Guðjónssyni og Tanya Zharov. Nefndin hélt tvo formlega nefndarfundi á árinu. Allir nefndarmenn eru óháðir félaginu en Heiðar Guðjónsson er ekki óháður stórum hluthöfum félagsins þar sem hann er framkvæmdastjóri Ursus ehf. sem átti 5,9% hlut í Fjarskiptum hf. í árslok 2017.

Í tækninefnd Fjarskipta hf. sitja tveir nefndarmenn skipaðir af stjórn félagsins til eins árs í senn. Tækninefnd hefur sett sér starfsreglur með erindisbréfi og voru þær staðfestar á stjórnarfundi félagsins 2. maí 2017. Hlutverk nefndarinnar er að vera stjórn og forstjóra til ráðgjafar um stefnumarkandi áherslur í tæknimálum og um mikilvæg tæknileg málefni.

Við árslok 2017 var tækninefnd Fjarskipta hf. skipuð Heiðari Guðjónssyni, formanni nefndarinnar, og Yngva Halldórssyni og kom nefndin fjórum sinnum saman á formlegum nefndarfundum á árinu. Báðir nefndarmenn eru óháðir félaginu en Heiðar Guðjónsson er ekki óháður stórum hluthöfum félagsins þar sem hann er framkvæmdastjóri Ursus ehf. sem átti 5,9% hlut í Fjarskiptum hf. í árslok 2017.

Tilnefningarnefnd Fjarskipta hf. hefur sett sér starfsreglur sem voru síðast staðfestar á fundi stjórnar Fjarskipta hf. 15. febrúar 2017. Þar er kveðið á um að stjórn Fjarskipta hf. skuli tilnefna einn nefndarmann en hina tvo nefndarmennina skuli hluthafafundur Fjarskipta hf. kjósa ef stjórnarkjör er á dagskrá. Á aðalfundi félagsins 16. mars 2017 fór fram kjör tveggja nefndarmanna í samræmi við starfsreglurnar, en leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja sem gefnar eru út af Viðskiptaráði Íslands í samstarfi við Samtök atvinnulífsins og Nasdaq Iceland, geyma nú tilmæli um starfsemi tilnefningarnefnda.

Tilnefningarnefnd er ætlað að auka líkur á því að stjórn félagsins endurspegli fjölbreytni og breidd í hæfni, reynslu og þekkingu stjórnarmanna félagsins sem og að tryggja aukið gagnsæi í málefnum varðandi tilnefningu stjórnarmanna.

Stjórnarháttayfirlýsing, frh.:

Við árslok 2017 var tilnefningarnefnd Fjarskipta hf. skipuð Ragnheiði Dagsdóttur, formanni nefndarinnar, Ásdísi Jónsdóttur og Heiðari Guðjónssyni, og kom hún fullskipuð saman einu sinni á árinu 2017 eftir að aðalfundi lauk. Tveir nefndarmanna, Ragnheiður og Ásdís, áttu einnig fund með forstjóra Fjarskipta hf. Frekari fundir eru áformaðir í aðdraganda næsta aðalfundar. Tveir nefndarmanna munu þá hitta aðal- og varamenn stjórnar Fjarskipta hf. vegna framkvæmd árangursmats sem og fullskipuð nefnd mun hitta fulltrúa stærstu hluthafa fyrirtækisins. Allir nefndarmenn eru óháðir félaginu en Heiðar Guðjónsson er ekki óháður stórum hluthöfum félagsins þar sem hann er framkvæmdastjóri Ursus ehf. sem átti 5,9% hlut í Fjarskiptum hf. í árslok 2017.

Starfsreglur allra undirnefnda eru aðgengilegar á skrifstofu félagsins. Jafnframt er að finna upplýsingar um skipan og hlutverk undirnefnda á vefsíðu félagsins, www.vodafone.is.

Framkvæmdastjórn Fjarskipta hf. 2017

Forstjóri og framkvæmdastjórn myndu framkvæmdastjórn félagsins og ber hún ábyrgð á daglegum rekstri þess og fylgni við rekstraráætlanir. Framkvæmdastjórn hittist einu sinni í viku og oftár ef þurfa þykir. Við árslok 2017 voru framkvæmdastjórn þessir, en nýtt skipurit tók gildi þann 1. desember 2017 eftir kaup Fjarskipta hf. á tilteknum eignum og rekstri 365 miðla hf. :

Björn Víglundsson, framkvæmdastjóri miðla, Hrönn Sveinsdóttir, framkvæmdastjóri fjármála- og rekstrarsviðs, Kjartan Briem, framkvæmdastjóri tæknisviðs, Ragnheiður Hauksdóttir, framkvæmdastjóri einstaklinga og Þorvarður Sveinsson, framkvæmdastjóri fyrirtækja og þróunar.

Páll Ásgrímsson, aðallögfræðingur félagsins, tekur jafnframt þátt í framkvæmdastjórnarfundum og ritar fundargerðir. Þá eru mánaðarlega haldnir fundir í framkvæmdanefnd félagsins, en hana skipa allir forstöðumenn, auk framkvæmdastjóra.

Frekari upplýsingar um framkvæmdastjóra fyrirtækisins er að finna á vefsíðu félagsins, www.vodafone.is.

Ársreikningur félagsins

Reikningsár Fjarskipta hf. er almanaksárið. Ársreikningar félagsins fyrir árin 2012 til 2017 sem og árs Slutareikningar 2012 til 2017 eru aðgengilegir á vefsíðu félagsins.

Gildi félagsins, siðareglur og stefna um samfélagslega ábyrgð

Við vinnum eftir þremur gildum sem marka athafnir og ákvarðanir en þau eru:

- Rautt
- Frumkvæði
- Ábyrgð

Það er stefna Fjarskipta hf. að starfa af ábyrgð og hafa jákvæð áhrif á umhverfið og samfélagið í heild með því að vinna að stöðugum umbótum í rekstri félagsins. Þannig viljum við stuðla að framþróun fyrirtækisins og lágmarka sóun sem fellur til í starfsemi.

Fjarskipti hf. gætir jafnréttis starfsmanna á öllum sviðum. Í jafnréttisstefnu félagsins kemur fram að leitast er við að gæta fyllsta jafnréttis kynjanna og þess er gætt að starfsmönnum sé ekki mismunað. Lögð er áhersla á að allir starfsmenn séu metnir að eigin verðleikum og umburðarlyndi sé ríkjandi þáttur í samskiptum. Stuðlað er að fjölbreytileika í starfsmannahópi til að endurspeglar stóran viðskiptavinahóp félagsins, með það að markmiði að nýta sem best hæfileika hvers og eins.

Stjórnarháttayfirlýsing, frh.:

Fjarskipti hf. sýnir samfélagslega ábyrgð í verki með því að sinna hlutverki sínu sem fjarskipta- og fjölmiðlafyrirtæki af fagmennsku og ábyrgð. Fyrirtækið fylgir í hvívetna lögum og reglum og einsetur sér að sýna starfsfólki og viðskiptavinum virðingu í öllum samskiptum. Félagið stuðlar að opnum og gagnsægjum samskiptum við alla hagsmunaaðila og stendur vörð um þær trúnaðarupplýsingar sem falla til í starfsemi. Áhersla er lögð á jafnvægi milli vinnu og einkalífs sem og öryggi og heilsu starfsmanna.

Fjarskipti hf. hefur sett ákveðin markmið í umhverfis- og loftslagsmálum sem eru til þess fallin að draga úr mengun og hafa þannig jákvæð áhrif á vistspor félagsins. Félagið skrifaði undir loftslagsyfirlýsingu FESTU og Reykjavíkurborgar um markmið í loftslagsmálum í lok árs 2015 og hefur einsett sér að efla vistvænar samgöngur, draga úr myndun úrgangs og stuðla að betri orkunýtingu fram til ársins 2030. Þá hefur félagið sett sér samgöngustefnu en markmið hennar er að auðvelda starfsfólki að ferðast til og frá vinnu á hagkvæman og vistvænan máta, en jafnframt að hvetja starfsfólk til að nota sjálfbæran ferðamáta við leik og störf.

Fyrirtækið fylgir alþjóðlega leiðbeiningarstaðlinum ISO 26000 um samfélagslega ábyrgð og hefur málaflökka staðalsins að leiðarljósi í sínu starfi. Meginstoðir samfélagsábyrgðar félagsins eru þrjár: Hlítni, sjálfbærni og sameiginlegt virði. Undir hlítni falla lög, reglur, staðlar og vottanir; undir sjálfbærni falla mannauður umhverfi og efnahagur; og undir sameiginlegt virði falla nýsköpun, öryggi og innviðir og samskipti og fræðsla. Félagið hefur sett sér mælanleg markmið sem eru endurskoðuð árlega í samhengi við þann árangur sem náðst hefur.

Fjarskipti hf. tekur virkan þátt í margvíslegum samfélagsmálum með stuðningi af ýmsum toga. Fjöldi aðila leitar til félagsins eftir stuðningi eða samstarfi ár hvert og eru ákvarðanir um styrki og samstarf teknar út frá stefnu fyrirtækisins í styrktarmálum.

Siðferðissjónarmið eru kjarninn í starfsemi félagsins og eru höfð í huga við allar ákvarðanir. Félagið hefur skráðar siðareglur og voru þær samþykktar af framkvæmdastjórn félagsins 15. október 2012.

Upplýsingar um brot á reglum sem viðeigandi eftirlits- og/eða úrskurðaraðili hefur ákvarðað

Fjarskipti hf. hlaut hvorki dóm né sektir í formi einhliða stjórnvaldsákvarðana af hálfu eftirlits- eða úrskurðaraðila á árinu 2017.

Helstu þættir innra eftirlits og áhættustýringar félagsins

Reglulegur hluti af starfsemi félagsins er að hafa eftirlit með helstu þáttum í rekstri fyrirtækisins og tryggja þannig samfellu í rekstri og lágmörkun áhættu. Áhættustýring er samofin ábyrgð við daglegan rekstur félagsins. Uppbygging fjarskiptakerfis tekur mið af þeirri áhættu sem felst í rekstri slíkra kerfa og er sú áhætta lágmörkuð með viðeigandi ráðstöfunum, skilgreindri viðbragðsáætlun og varaleiðum. Viðtækar úttektir eru gerðar á helstu þáttum í rekstri félagsins, t.d. á ytra og innra öryggi kerfa, getu gagnaflutningsneta, upplýsingaöryggi, viðkvæmum ferlum sem og fjármálaferlum félagsins.

Framkvæmdastjórn ber ábyrgð á stefnumótun áhættustýringar en felur gæða- og öryggisráði að sjá um framkvæmd stefnunnar, vöktun og eftirlit með breytingum á áhættuumhverfinu. Úttektir með öryggismálum, hlítingu við lög, meðferð trúnaðarupplýsinga, upplýsingaöryggi og raunlægu öryggi er í höndum gæða- og öryggisdeildar, sem upplýsir ráðið um niðurstöður úttekta. Skilgreindar hafa verið boðleiðir til að tilkynna öll frávik og ábendingar frá starfsfólki er varða öryggisbrot, öryggisrof eða um það sem betur má fara. Í gæða- og öryggisráði situr öryggisstjóri, forstjóri, framkvæmdastjórnar og tilnefndir forstöðumenn frá hverju sviði. Nefndin fundar að jafnaði ársfjórðungslega.

Stjórn fer a.m.k. einu sinni á starfsári yfir helstu þætti innra eftirlits og áhættustýringar félagsins og skilgreinir þá áhættuþætti sem félagið þarf að takast á við. Stjórn sér einnig til þess að til staðar sé fullnægjandi kerfi innra eftirlits, sem er formlegt og skjalfest

Félagið hefur ekki starfandi innri endurskoðanda, en ytri endurskoðendur félagsins vinna afmarkaðar úttektir á ferlum félagsins.

Stjórnarháttayfirlýsing, frh.:

Hluthafar félagsins og samskipti

Félagið er hlutfélag og upplýsingar um helstu eigendur þess er að finna á vefsíðu félagsins, vodafone.is.

Fjarskipti hf. hefur sett sér upplýsingastefnu, sem sækir stoð í gr. 1.1.21 í þágildandi reglur fyrir útgefendur fjármálagerninga á aðalmarkaði Nasdaq OMX Iceland, útgefnum 17. desember 2013, og var hún samþykkt af stjórn Fjarskipta hf. þann 18. febrúar 2015. Þar kemur m.a. fram að í kjölfarið á birtingu ársfjórðungslegra uppgjöra og ársuppgjörs heldur félagið upplýsingafundi fyrir fjárfesta, hluthafa, greiningaraðila og fjölmiðla. Fjarskipti hf. svarar fyrirspurnum þessara aðila að því marki sem félaginu er heimilt þegar tekið er mið af jafnræði fjárfesta á markaði. Félagið birtir reglulega á vefsíðu sinni fréttir af starfsemi félagsins sem ekki falla undir upplýsingaskyldu þess og sendir eftir atvikum fréttatilkynningar þess efnis til fjölmiðla. Hluthafar sem vilja beina fyrirspurnum til stjórnar eða gera grein fyrir viðhorfum sínum tengdum rekstri geta sent tölvupóst á stjorn@vodafone.is eða í undantekningartilvikum beint fyrirspurnum til stjórnarformanns. Skal stjórnarformaður í slíkum tilvikum annast samskipti við hluthafa f.h. stjórnar og upplýsa stjórn um slík samskipti.

Samþykkt á fundi í endurskoðunarnefnd 12.02.2018 og staðfest á fundi í stjórn Fjarskipta hf. 16.02.2018

Ófjárhagslegar upplýsingar

Hlutverk Fjarskipta hf. er að auka lífsgæði einstaklinga og samkeppnishæfni fyrirtækja með snjöllum fjarskiptalausnum og framúrskarandi þjónustu. Sýn félagsins er "Leiðtogi og alþjóðlegt afl á fjarskiptamarkaði". Gildi félagsins eru "Rautt, Frumkvæði og Ábyrgð". Stefna félagsins er ARPA-SKAPA-EINFALDA-STYRKJA. Í desember 2017 haslaði félagið sér völl í fjölmiðlarekstri með kaupum á tilteknum eignum og rekstri 365 miðla hf.

Reglulegur hluti af starfsemi Fjarskipta hf. er að hafa eftirlit með helstu þáttum í rekstri fyrirtækisins og tryggja þannig samfellu í rekstri og lágmörkun áhættu. Áhættustýring er samofin ábyrgð við daglegan rekstur félagsins. Uppbygging fjarskiptakerfis tekur mið af þeirri áhættu sem felst í rekstri slíkra kerfa og er sú áhætta lágmörkuð með viðeigandi ráðstöfunum, skilgreindri viðbragðsáætlun og varaleiðum. Víðtækar úttektir eru gerðar á helstu þáttum í rekstri félagsins, t.d. á ytra og innra öryggi kerfa, getu gagnaflutningsneta, upplýsingaöryggi, viðkvæmum ferlum sem og fjármálaferlum félagsins. Áhættustýring félagsins, sem m.a. felst í reglubundnu áhættumati, felur í reynid sár það áreiðanleikakönnunarferli sem félagið fylgir. Sem dæmi um árangur af stefnu félagsins í þessum efnum má nefna víðtæka vottun skv. ISO 27001 staðlinum sem félagið undirgengst árlega.

Áhættustýring félagsins er m.a. til þess fallin að sporna við spillingar- og mútumálum. Sama gildir um siðareglur félagsins, sem m.a. geyma ákvæði um gjafir og boð. Þannig er óheimilt að gefa eða þiggja verðmæti sem hafa þann tilgang að hafa áhrif á viðskiptalegar ákvarðanir.

Að ofan hefur verið lýst helstu ófjárhagslegu lykilmælikvörðum félagsins og þeim megináhættum sem tengjast þessum málum í rekstri félagsins.

Fjarskipti hf. hefur komið sér upp gildum, ferlum og skipulagi til að koma í veg fyrir að félagið valdi skaða með starfsemi sinni. Félagið stundar ábyrgja stjórnarhætti með að markmiði að styrkja innviði Fjarskipta hf. og auka gagnsæi.

Félagið vinnur eftir skýrum siðareglum með hagsmuni viðskiptavina, starfsfólks, hluthafa sem og samfélagsins alls að leiðarljósi. Siðareglur Fjarskipta hf. fela í sér siðferðisleg viðmið starfsmanna og leiðbeiningar um viðbrögð við siðferðislegum álitamálum. Fyrirtækið virðir einkalíf viðskiptavina í einu og öllu og hefur persónuverndarsjónarmið í huga þegar vörur og þjónustur eru þróaðar.

Viðskiptalíkan félagsins er að taka breytingum þannig að nýjar tekjustoðir bætast við, sem eru nauðsynlegar til að halda uppi framlegð og standa undir fjárfestingum í innviðum, sem og framlagi félagsins til málefna sem tengjast samfélagsábyrgð. Aukin áhersla er nú lögð á virði þjónustu, einfalt vöruframboð, og eflingu sjónvarpsþjónustu.

Fjarskipti hf. sýnir samfélagsábyrgð í verki með því að sinna hlutverki sínu sem fjarskipta- og fjölmiðlafyrirtæki af fagmennsku og ábyrgð. Samfélagsábyrgð félagsins skiptist í þrjú áherslusvið; sameiginlegt virði, sjálfbærni og hlítni. Áhersla er lögð á að hámarka jákvæð áhrif á umhverfið og samfélagið í heild og skapa þannig sameiginlegt virði fyrir félagið og alla hagsmunaaðila. Lögð er áhersla á aukna sjálfbærni og lagt upp úr því að halda jafnvægi á milli efnahags, umhverfis og samfélags í rekstrinum auk þess sem starfað er í hlítni við íslensk lög, reglur og almenn viðmið.

Stefna Fjarskipta hf. er að gæta jafnréttis á öllum sviðum. Jafnréttismál eru félaginu hugleikin og gætt er að því að starfsfólki sé ekki mismunað á grundvelli kynferðis, kynþáttar, þjóðernis, kynhneigðar, aldurs, trúar, skoðana og annarra þátta. Að þessu leyti geymir jafnréttisáætlun stefnu félagsins í mannréttindamálum. Umburðarlyndi er ríkjandi þáttur í samskiptum á vinnustaðnum. Jafnréttisnefnd er starfrækt innan fyrirtækisins auk þess sem fyrirtækið hefur markað sér jafnréttisáætlun í samstarfi við Jafnréttisstofu.

Félagið hefur sett sér ákveðin markmið í umhverfis- og loftslagsmálum sem eru til þess fallin að draga úr mengun og hafa þannig jákvæð áhrif á vistspor félagsins. Fjarskipti hf. skrifaði undir loftslagsyfirlýsingu FESTU og Reykjavíkurborgar um markmið í loftslagsmálum og hefur einnig einsett sér að efla vistvænar samgöngur, draga úr myndun úrgangs og stuðla að betri orkunýtingu. Félagið hefur einsett sér að ganga um landið af virðingu, með umhverfisvernd að leiðarljósi. Þannig er ávallt leitast við að framkvæmdir á vegum félagsins valdi sem minnstu umhverfisraski. Fjarskipti hf. hafa sett sér það markmið að flokka allt sorp sem fellur til í starfsemi, auka þannig endurvinnslu og draga úr ónauðsynlegri urðun á sorpi. Leitast er við að lágmarka notkun á óendurnýjanlegum auðlindum og losun skaðlegra efna út í umhverfið eins og kostur er.

Ársfjórðungsyfirlit - óendurskoðað

Rekstur samstæðunnar greinist þannig á ársfjórðunga

	2017 1F	2017 2F	2017 3F	2017 4F	Samtals
Seldar vörur og þjónusta	3.141	3.386	3.437	4.304	14.268
Kostnaðarverð seldra vara og þjónustu	(1.707)	(1.865)	(1.887)	(2.370)	(7.829)
Framlegð	1.434	1.521	1.550	1.934	6.439
Rekstrarkostnaður	(1.092)	(1.145)	(1.092)	(1.560)	(4.889)
Rekstrarhagnaður	342	376	458	374	1.550
Fjármunatekjur	11	18	12	7	48
Fjármagnsgjöld	(102)	(96)	(108)	(116)	(422)
Hrein fjármagnsgjöld	(91)	(78)	(96)	(109)	(374)
Hagnaður fyrir tekjuskatt	251	298	362	265	1.176
Tekjuskattur	(50)	(59)	(72)	91	(90)
Hagnaður	201	239	290	356	1.086
Þýðingarmunur	8	(15)	35	3	31
Áhættuvarnir	7	(32)	17	(77)	(85)
Hagnaður tímabilsins	216	192	342	282	1.032
EBITDA	719	761	854	803	3.137
EBITDA %	22,9%	22,5%	24,8%	18,7%	22,0%
Handbært fé frá rekstri	190	513	858	692	2.253
Fjárfestingarhreyfingar	(324)	(536)	(368)	(6.629)	(7.857)
Fjármögnunarhreyfingar	41	75	(430)	5.870	5.556

Ársfjórðungsyfirlit - óendurskoðað

Rekstur samstæðunnar greinist þannig á ársfjórðunga

	2016 1F	2016 2F	2016 3F	2016 4F	Samtals
Seldar vörur og þjónusta	3.295	3.467	3.443	3.450	13.655
Kostnaðarverð seldra vara og þjónustu	(1.754)	(1.862)	(1.786)	(1.930)	(7.332)
Framlegð	1.541	1.605	1.657	1.520	6.323
Rekstrarkostnaður	(1.217)	(1.201)	(1.080)	(1.193)	(4.691)
Rekstrarhagnaður	324	404	577	327	1.632
Fjármunatekjur	11	14	31	27	83
Fjármagnsgjöld	(88)	(109)	(121)	(117)	(435)
Hrein fjármagnsgjöld	(77)	(95)	(90)	(90)	(352)
Hagnaður fyrir tekjuskatt	247	309	487	237	1.280
Tekjuskattur	(49)	(61)	(96)	(67)	(273)
Hagnaður	198	248	391	170	1.007
Þýðingarmunur	(4)	(20)	(47)	(45)	(116)
Áhættuvarnir	0	0	(66)	(18)	(84)
Hagnaður tímabilsins	194	228	278	107	807
EBITDA	668	751	927	694	3.040
EBITDA %	20,3%	21,7%	26,9%	20,1%	22,3%
Handbært fé frá rekstri	573	656	928	871	3.028
Fjárfestingarhreyfingar	(259)	(291)	(491)	(498)	(1.539)
Fjármögnunarahreyfingar	(174)	(711)	(276)	(375)	(1.536)



RAUTT



ÁBYRGÐ



FRUMKVÆÐI



GILDI FJARSKIPTA



LEIÐTOGI Á
ÍSLENSKUM
FJARSKIPTA- OG
FJÖLMÍÐLA-
MARKAÐI



SÝN FJARSKIPTA

